**allt**

**ARNBJÖRG HLÍF VALSDÓTTIR:**

*Gylltir ömmuskór og blúndupils*

• tíska • ferðir • heimili

**Í MIÐJU BLAÐSINS ▶**



**FERÐIR INNANLANDS**

**Á FARALDSFÆTI Í ALLT SUMAR:**

*Hestaferðir, gisting, söfn og ævintýraferðir*

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. maí 2005 - 119. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000



**FIMMTUDAGUR**



### Haukar meistarar?

Haukar verja Íslandsmeistaratitil sinn í handknattleik leggi þeir Eyjamenn að Ásvöllum í kvöld.



**ÍÞRÓTTIR 30**

### Fagnar fimmtugsafmæli

Pétur Þorsteinsson, prestur Óháða safnaðarins, vill fá smettissmér til að fylla upp í hrukkurnar í afmælisgjöf.

**TÍMAMÓT 22**

### Herða tökin á RÚV

Jón Ásgeir Sigurðsson útvarpsmaður segir nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið til þess fallið að herða kverkatak stjórnmálamanna á stofnuninni.



**SKOÐUN 19**

### Vor- og sumartískan



Er undir fjölþjóðlegum áhrifum með víðum mynstruðum pilsum, afrískum tréskartgripum og hippalegum indverskum mussum.

**FÓLK 40**



**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJARTVIÐRI SYÐRA** Smáskúrir eða slydduél á Norður- og Austurlandi. Hiti 1-5 stig nyrðra en allt að 10 stig syðra yfir miðjan daginn. Kólnandi veður. **VEÐUR 4**



**73%**

20-49 ára fólks á svhorninu lesa Fréttablaðið á laugardögum.*

Hver vill ekki fá þetta fólk í heimsókn í sína verslun?

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ



# Öryrkjar fái að afla sér hærri tekna

**Karl Steinar Guðnason, forstjóri Tryggingastofnunar, vill að tekjumörk öryrkja verði hækkuð, þannig að þeir hafi svigrúm til þess að fóta sig aftur á vinnumarkaði án þess að örorkubæturnar skerðist.**

**LÍFEYRISMÁL** Karl Steinar Guðnason, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, segist telja skynsamlegt að hækka þau tekjumörk sem öryrkjar mega hafa án þess að örorkubæturnar skerðist. Tekjutryggingaraukanum er þannig háttað nú að hann skerðist frá fyrstu krónu sem viðkomandi fær í tekjur.

„Við komumst ekkert í gegnum almannatryggingar án þess að hafa tekjutengingar," sagði Karl Steinar. „Sprengjan sem varð með örorkudómunum snerist mikið um það að skerðingarmörkin voru allt of lág. Ég hygg að það sé skynsamlegt að hækka þau, en hef ekki myndað mér skoðun á því hversu mikil sú hækkun ætti að vera."

Karl Steinar sagði að þegar rætt væri um mikla fjölgun öryrkja nú mætti halda því til haga að Tryggingastofnun hefði vakið athygli á þeirri þróun í apríl á síðasta ári með skýrslu sinni. Hins vegar væru það rangfærslur að öryrkjar væru hlutfallslega fleiri hér en á hinum Norðurlöndunum.

„Eigi að síður gefur þróunin hér ástæður til að athuga málin í heild og hafa uppi úrræði sem duga til þess að forða fólki frá örorku," sagði Karl Steinar.

„Þar er starfsendurhæfing mikilvæg. Við tölum fyrir því að reynt verði að hafa áhrif á þessa þróun með aukinni slíkri endurhæfingu. Langvarandi atvinnuleysi er heilsuspillandi. Það er nokkuð sem menn verða að átta sig á."

„Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að hvetja þurfi menn, en ekki letja, til að fara út á vinnumarkaðinn," sagði Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra. „Ef þetta hlutfall er með þeim hætti að það letur menn til að taka þátt í samfélaginu er það eitt af þeim atriðum sem kæmu til skoðunar."

Ráðherra kvaðst ekki geta sagt neitt um ákvarðanir í þessum efnum og ekki geta breytt þessum mörkum með einu pennastriki. Það yrði að gerast í tengslum við fjárlög og lagabreyting þyrfti að koma til. **-jss**

Satúrnus:

## Tólf tungl bætast við

**GEIMURINN** Stjörnufræðingar hafa fundið tólf ný tungl sem eru á sporbaug um Satúrnus. Þekkt tungl plánetunnar eru því orðin 46.



**UNDUR GEIMSINS** 46 tungl eru nú talin snúast um Satúrnus.

Tunglin tólf, sem vísindamenn við Hawaii-háskólann fundu með sérlega öflugum sjónauka af Subaru-gerð, eru flest aðeins 3-7 kílómetrar í þvermál. Þau eru óregluleg í laginu og snúast í gagnstæða átt við stóru tunglin.

Júpíter er þó enn sú reikistjarna sem flest tungl hefur, 63 talsins, en 27 tungl hverfast um Úranus og þrettán um Neptúnus. Þrátt fyrir mismunandi stærð snýst svipaður fjöldi smátungla um stóru reikistjörnurnar fjórar og er sú staðreynd vísindamönnum ráðgáta. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/HH

**SPRENGJUSÉRFRÆÐINGURINN** Arnór Eyþórsson, sprengjusérfræðingur hjá sérsveit lögreglunnar, ber böggulinn út úr utanríkisráðuneytinu.

Sérfræðingur kallaður til:

## Davíð Oddssyni var hótað

**LÖGREGLA** Maður kom í utanríkisráðuneytið í gær með böggul meðferðis og hafði í hótunum við Davíð Oddsson utanríkisráðherra. Aðstoðarmaður Davíðs sagði manninn hafa litið út eins og hann gengi ekki heill til skógar og því var kallað á lögreglu.

Þegar lögreglan kom á staðinn ákvað hún að kalla til sprengjusérfræðing til að kanna innihald bögglsins. Hann innihélt eingöngu pappírsdrasl og var því lítil hætta á ferðum. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn sagði að Maðurinn væri góðkunningi lögreglunnar og hefði gert svipaðan óskunda áður. Hann var fluttur í fangageymslur. **-ghs/oá**

Bresku þingkosningarnar eru haldnar í dag:

## Útlit fyrir stórsigur Tony Blair

**BRETLAND** Bretar ganga að kjörborðinu í dag og kjósa sér nýtt þing. Þótt allt útlit sé fyrir öruggan sigur Verkamannaflokksins hefur lokasprettur kosningabaráttunnar verið snarpur.

Tony Blair forsætisráðherra varaði í gær stuðningsmenn Verkamannaflokksins við of mikilli sigurvissu og sagðist ekki vilja hugsa þá hugsun til enda ef íhaldsmenn kæmust til valda. Michael Howard, leiðtogi þeirra, sagði hins vegar að „nýr kafli vonar" myndi hefjast í sögu landsins næði hann kjöri.

Skoðanakönnun sem birt var í dagblaðinu The Times í gær sýnir að Verkamannaflokkurinn fengi 41 prósent atkvæða, íhaldsmenn 27 prósent og frjálslyndir demókratar 23 prósent. Þetta er versta útreið íhaldsmanna í könnunum fyrir þessar kosningar.

Skoðanakannanir undanfarna daga benda til að Verkamannaflokkurinn muni fá að minnsta kosti áttatíu sæta meirihluta í neðri deild þingsins, en undanfarið kjörtímabil var ríkisstjórnin með 161 manns meirihluta.

Einnig benda skoðanakannanir til að fylgi Frjálslyndra demókrata muni aukast til muna og þeir fái vel yfir fimmtung greiddra atkvæða.

**Sjá nánar síðu 14**





**Frjáls íbúðalán**

**4,15%**

verðtryggðir vextir

Himinn og haf/SÍA

FRJÁLSI



## SPURNING DAGSINS

*Kristinn, hver er nógu feitur til að leika Erlend?*

„Ég sting upp á Hjalta Rögnvaldssyni eða Sigurði Skúlasyni.“

Kristni Kristjánssyni, foringja Hins íslenska glæpafélags, finnst Ingvar E. Sigurðsson ekki nógu feitur til að leika Erlend í Mýrinni.

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála:

# Sjóvá greiði 27 milljónir

**SAMKEPPNISMÁL** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti í gær úrskurð samkeppnisráðs um að Sjóvá-Almennar tryggingar hf. skuli greiða 27 milljóna króna stjórnvaldssekt vegna brots á 10. grein samkeppnislaga.

Málið kom upphaflega fram í júlí 2002 þegar starfsmaður bílaréttingafyrirtækis tjáði Samkeppnisstofnun að VÍS, TM og Sjóvá væru öll að setja upp svokallað Cabas-tjónamatskerfi til að staðla þá vinnu sem unnin er við réttingar og sprautun á tjónabifreiðum og að öll félögin settu upp sama verðið samkvæmt kerfinu.

Bæði VÍS og TM gengust við því að hafa brotið á 10. grein samkeppnislaga og náðu sáttum við samkeppnisráð um sektargreiðslur, VÍS upp á 15 milljónir og TM upp á 18,5 milljónir. Sjóvá gekkst hinsvegar ekki við brotinu og þurfti því stjórnvaldsúrskurð samkeppnisráðs til. Samkeppnisráð sektaði Sjóvá-Almennar um 27 milljónir. Þeim úrskurði var áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti úrskurðinn í gær. Sjóvá hefur nú mánaðarfrest til að greiða sektina en getur engu að síður farið með málið fyrir almenna dómstóla. **-oá**



**HÖFUÐSTÖÐVAR SJÓVÁR-ALMENNRA** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti úrskurð samkeppnisráðs um að tryggingafélaginu Sjóvá beri að greiða stjórnvaldssekt vegna brots á samkeppnislögum.

Össur Skarphéðinsson:

# Opnar bókhaldið

**SAMFYLKINGIN** Stuðningsmenn Össurar Skarphéðinssonar hafa birt milliuppgjör vegna framboðs hans til formannskjörs í Samfylkingunni. Framboð Össurar hafði fram til 1. maí eytt um 1,2 milljónum króna. Peningarnir koma frá einstaklingum og félögum, allt frá þúsund krónum upp í 100 þúsund krónur, eftir því sem fram kemur í fréttatilkynningu.

Starfsstöð stuðningsmanna Össurar stefnir að því að birta lokauppgjör vegna framboðsins í byrjun júní en úrslitin í formannskjörinu verða kunngjör á landsfundi Samfylkingarinnar 21. maí. **-oá**



**LISTASAFN REYKJAVÍKUR** Hafþór Yngvason mun taka við sem safnstjóri Listasafnsins.

Nýr safnstjóri valinn:

# Einróma álit

**LISTASAFN REYKJAVÍKUR** Hafþór Yngvason hlaut í gær einróma tilnefningu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar í stöðu safnstjóra Listasafns Reykjavíkur. Þar með samþykkti ráðið tillögu ráðgjafahóps sem mælti með Hafþóri í stöðuna með fulltingi ráðningarskrifstofu IMG Mannafla Liðsauka. Alls voru tuttugu umsækjendur um stöðuna.

Hafþór er 47 ára gamall og hefur lokið tveimur mastersgráðum, í heimspeki og listfræði, báðum frá bandarískum háskólum. Hafþór tekur við stöðunni 1. september næstkomandi og samkvæmt samþykkt Reykjavíkurborgar er honum heimilt að gegna embættinu í allt að átta ár. **-oá**

Sjávarútvegsráðherra:

# Bæta stjórn úthafsveiða

**SJÁVARÚTVEGUR** Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra tók þátt í fundi sjávarútvegsráðherra sautján ríkja sem fór fram í Kanada 1.-3.1 maí. Á fundinum samþykktu ráðherrarnir yfirlýsingu um mikilvægi þess að bæta stjórn úthafsveiða.

Ráðherrarnir voru sammála um að nauðsynlegur lagalegur rammi um úthafsveiðar væri nú þegar til staðar og lýstu þeir vilja til að tryggja framkvæmd þeirra samninga og aðgerðaáætlana sem gerðar hefðu verið á síðustu árum. **-ghs**

# Stimpilgjaldið áfram

**Jóhanna Sigurðardóttir segir ráðherraræði kæfa góðan vilja Péturs Blöndal til að afgreiða frumvarp um afnám stimpilgjaldsins. Pétur segir hana brjóta trúnað í störfum nefndarinnar og kveðst ekki hafa lofað neinu.**

**STIMPILGJALDIÐ** Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hefði haft góð orð um að frumvarp um afnám stimpilgjalds vegna skuldbreytinga yrði afgreitt fyrir þinglok. „Það er ljóst að formaður nefndarinnar hefur verið gerður afturreka í sínum eigin þingflokki. Þingræðið er ofurselt ráðherraræðinu í þessu máli sem öðrum,“ segir Jóhanna.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Ráðherraræðið ríkir yfir þingstörfunum.

Pétur Blöndal kveðst engu hafa lofað um málið þótt hann hafi viljað marka þá stefnu að skoða þingmannafrumvörp með velvilja í nefndinni. „Það er ljóst að ég mun hugsa mig tvisvar um ef ég sæti fyrir það ámæli af hálfu stjórnarandstæðinga,“ segir Pétur. Hann telur Jóhönnu hafa brotið trúnað varðandi umræður í efnahags- og viðskiptanefnd með ummælum sínum á Morgunvakt Ríkisútvarpsins í gærmorgun. Jóhanna biður Pétur um að finna þessu stað. Hún hafi hvergi talað um loforð heldur góðan vilja formannsins til að koma málinu áfram. „Ég hef aðeins brugðist við því sem Pétur hefur sagt í fjölmiðlum.“

Pétur segir stimpilgjaldið vitlausan skatt og óréttlátan. „Það sem mælir móti afnámi hans í einu lagi er að það er skylda ríkisvaldsins að gæta að ákveðnum stöðugleika. Þessar miklu uppgreiðslur, sérstaklega hjá Íbúðalánasjóði, fela í sér ákveðna hættu, bæði varðandi stöðu hans og stöðugleika en einnig gagnvart íbúðaverði. Það kann að hækka enn frekar með afnámi gjaldsins. Þannig að stimpilgjaldið hefur virkað sem ákveðin bremsa á þetta.“



**PÉTUR BLÖNDAL:** „Hefði viljað afnema stimpilgjaldið í þrepum frá næstu áramótum.“

Pétur segir að síðast en ekki síst sé nauðsynlegt að hafa stöðu ríkissjóðs í huga. „Þessu má ekki gleyma, sérstaklega þegar búið er að fella niður eignaskatt og lækka tekjuskatt og erfðaskatt. „Það stóð heldur ekki til af minni hálfu að gera þetta strax, heldur mögulega frá næstu áramótum og gera það þá í þrepum til þess að ógna ekki stöðugleika,“ segir Pétur Blöndal.

Árlegar tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldinu nema um sex milljörðum króna. Frá september í fyrra fram í febrúar á þessu ári voru tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum um 2,7 milljörðum meiri en á sama tímabili ári áður.

johannh@frettabladid.is

RÚV-frumvarpið:

# Stefnt að afgreiðslu

**ÞINGSTÖRF** Gunnar I. Birgisson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður menntamálanefndar Alþingis, segir enn stefnt að því að afgreiða frumvarp um Ríkisútvarpið á yfirstandandi þingi. „Við höldum áfram vinnu við frumvarpið í nefndinni fyrir og eftir helgi og gerum breytingar á því reynist það nauðsynlegt.“

Skiptar skoðanir eru um frumvarpið í óbreyttri mynd, einnig meðal stjórnarliða. Þá hefur frumvarpið verið gagnrýnt meðal annars í umsögnum BHM og BSRB. **-jh**

Auglýsingar Og1:

# Engin athugasemd

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppnisstofnun gerði engar athugasemdir við Og1 auglýsingar Og Vodafone en Landssíminn kvartaði yfir því að auglýsingarnar væru ólögmætar.

Landssíminn taldi að ekki hafi komið fram með nógu skýrum hætti í auglýsingunum hvað áskriftarleiðin Og1 kostaði og taldi þær þar með brot á 21. grein samkeppnislaga en þar stendur: „Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingu...“

Samkvæmt úrskurði Samkeppnisstofnunar eru allar slíkar upplýsingar nægilega skýrar í auglýsingu Og Vodafone. **-oá**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VÉLARVANA BÁTUR** Báturinn Litla-Nes varð vélarvana skammt frá Þórshöfn á Langanesi um fjögurleytið í gær. Báturinn varpaði akkerum og það hélt þar til báturinn Draupnir kom að og dró Litla-Nes í land á Þórshöfn.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
laugardaga: 11–15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Olíufélögin hafa öll borgað:

# Synjað um bankaábyrgð

**OLÍUSAMRÁÐ** Bæði Ker, eignarhaldsfélag Essó og Olís hafa nú fylgt í fótspor Skeljungs og lokið við að borga stjórnvaldssekt vegna ólöglegs samráðs olíufélaganna. Þetta ákváðu félögin að gera eftir að fjármálaráðuneytið synjaði beiðni þeirra um að fá að leggja fram bankaábyrgð þar til niðurstaða dómstóla liggur fyrir í málinu.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, sagði þó fyrirvara hafa verið settan við greiðsluna þar til endanleg niðurstaða liggur fyrir í málinu. Eins sagði hann í viðtali við Fréttablaðið að honum þætti furðulegt að ráðuneytið hefði synjað olíufélögunum um bankaábyrgð þar sem fordæmi fyrir slíku lægju fyrir og því væri skyndilega ný stefna komin upp í fjármálaráðuneytinu.



**ALLIR BÚNIR AÐ BORGA** Bæði Essó og Olís hafa nú greitt stjórnvaldssektir vegna ólöglegs samráðs. Skeljungur greiddi sína sekt á mánudag, daginn sem greiðslufresturinn rann út.

Alls hafa olíufélögin því greitt rúman einn og hálfan milljarð í sekt.

Málið verður að öllum líkindum þingfest í héraði snemmsumars. **-oá**






**Blómakassi**
Rose. 60x60 sm.
604000
**3.980**
Rose. 51x51 sm.
604005
**2.980**



**Brú með handriði**
300x100 sm
601620
**14.990**



**Bankirai, palleining**
50x50 sm
605000
**695 stk.**

## Sælureitur 2005

**Er kominn út**




**Stanislas Bohic**
garðhönnuður veitir ráðjöf í Húsasmiðunni. Tímapantanir í síma 525 3000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið:
**simi@husa.is**



# Allir þurfa stað út af fyrir sig til að flýja amstur dagsins.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 04.05.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,85 | 64,15 |
| Sterlingspund | GBP | 121,39 | 121,99 |
| Evra | EUR | 82,65 | 83,11 |
| Dönsk króna | DKK | 11,104 | 11,168 |
| Norsk króna | NOK | 10,172 | 10,232 |
| Sænsk króna | SEK | 9,008 | 9,06 |
| Japanskt jen | JPY | 0,6108 | 0,6144 |
| SDR | XDR | 96,78 | 97,36 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**114,13 -0,62%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dómur héraðsdóms ómerktur í Hæstarétti:

# Órökstudd afstaða

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur ómerkti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur gegn Jóni Árna Rúnarssyni, fyrrum skólastjóra Rafiðnaðarskólans. Héraðsdómur hafði úrskurðað manninn sekan um skjalafals og fjársvik og dæmt hann til þriggja mánaða skilorðsbundinnar fangelsisvistar. Í úrskurði Hæstaréttar kemur fram að héraðsdómari hafi lagt vitnisburði til hliðar og ekki lagt mat á sönnunargildi þeirra og því ekki tekið rökstudda afstöðu út frá þeim.

Jón Árni var ákærður fyrir að hafa dregið sér fé í starfi sínu sem skólastjóri Rafiðnaðarskólans, alls 28 milljónir á árunum 1994-2001. Einnig var hann ákærður fyrir skjalafals og fjársvik þegar hann sem skólastjóri Viðskipta- og tölvuskólans á að hafa svikið skólann um 300 þúsund krónur.

Jón vitnaði fyrir Héraðsdómi að honum hefði þótt rétt og heimilt að taka sér laun samkvæmt launasamningi, sem í gildi hefði verið á milli hans og Eftirmenntunar rafeindavirkja, samhliða launasamningi við yfirmenn Rafiðnaðarskólans. Sá framburður var ekki tekinn til greina í úrskurði Héraðsdóms.

Hæstiréttur tók ekki afstöðu til sektar ákærða heldur vísaði málinu í hérað þar sem málið fer aftur á byrjunarreit. **-oá**



**JÓN ÁRNI RÚNARSSON** Ákærður fyrir að hafa dregið sér fé sem skólastjóri Rafiðnaðarskólans.

Norður-Írí:

# Ákærður í Omagh-máli

**HRYÐJUVERK** Saksóknarar á Norður-Írlandi hyggjast sækja mann til saka vegna sprengjutilræðisins í bænum Omagh sumarið 1998. Tuttugu og níu fórust í tilræðinu, þar á meðal kona sem var ófrísk af tvíburum, og yfir þrjúhundruð slösuðust.

Maðurinn er sagður þegar vera í haldi lögreglu grunaður um fleiri myrkraverk. Hann er félagi í Hinum sanna írska lýðveldisher, klofningshópi úr IRA, en sá hópur lýsti ábyrgð á verknaðinum á hendur sér. Rannsókn málsins hefur tekið þrjú ár. ■

Héraðsdómur dæmir:

# Stal fartölvu og myndavél

**DÓMSMÁL** Kópavogsbúi á þrítugsaldri var í gær dæmdur í sex mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir innbrot sem hann framdi í félagi við annan mann á Menningarnótt í fyrra. Þá brutust þeir inn í íbúð í miðbænum og létu greipar sópa og höfðu upp úr krafsinu meðal annars fartölvu, tvær myndavélar og línuskauta. Lögreglan kom að mönnunum þegar þeir voru í óðaönn að flytja varninginn. Sakborningur var á reynslulausn og því þótti ekki skilyrði fyrir hendi til að skilorðsbinda dóminn. **-oá**

Eyjafjörður:

# Jólasveinn í sumarskapi

**JÓLIN** Ekki er margt sem minnir á jólahátíðina nú í upphafi sumars en þessi glaðhlakkalegi jólasveinn innan við Akureyri er þó undantekning þar á. Er honum ætlað að minna á Jólahúsið í Jólagarðinum á Sléttu í Eyjafirði sem rekið er árið um kring og dregur til sín gesti í tugþúsundatali yfir sumarmánuðina.



**NORÐLENSKUR JÓLASVEINN** Jólahúsið í Eyjafirði var opnað gestum sumarið 1996.

Þótt Jólahúsið tilheyri ekki Akureyri, er það engu að síður orðið eitt af einkennistáknum Akureyrar og sumir koma gagngert til bæjarins til að heimsækja jólasveininn í Jólagarðinum og skoða þá litskrúðugu veröld sem þar er að finna. **-kk**

# Segjast mega starfa hér í þrjá mánuði

**Fyrir Héraðsdómi Austurlands var í gær aðalmeðferð í tveimur málum sem tengjast atvinnuleyfi erlendra starfsmanna GT verktaka ehf. Verjandi segir þá mega starfa á Íslandi í þrjá mánuði án atvinnuleyfa.**

**ATVINNUMÁL** Aðalmeðferð var í tveimur málum sem fjalla um atvinnuleyfi baltneskra starfsmanna hér á landi í Héraðsdómi Austurlands í gær.

Önnur aðalmeðferðin var í máli Sýslumannsins á Seyðisfirði gegn Gísla G. Sveinbjörnssyni og GT verktökum en Gísli og GT verktakar eru ákærðir fyrir að hafa brotið lög um atvinnuréttindi útlendinga með því að fá menn frá Lettlandi og Litháen til starfa hér á landi án þess að þeir hefðu tilskilin leyfi. Vörnin byggðist meðal annars á því að þeir hefðu ekki starfað hjá GT verktökum heldur fyrirtækinu Vislandia í Lettlandi. GT verktakar hefðu aðeins keypt þjónustu af því fyrirtæki.

Verjandi Gísla og GT verktaka er Marteinn Másson lögmaður. Dómari hefur þrjár vikur til að kveða upp dóminn og má því búast við honum í lok maí.

Hin aðalmeðferðin var í máli sýslumannsins gegn erlendum starfsmönnum GT verktaka. Ákærðu eru fjórir en tveir eru farnir af landi brott og ekki hægt að ljúka málinu gegn þeim. Einn Letti og einn Lithái mættu fyrir dóminn ásamt verjanda sínum, Sveini Andra Sveinssyni hdl.

Mennirnir eru ákærðir fyrir að brjóta gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga með því að starfa við akstur, viðhald og viðgerðir ökutækja fyrir Impregilo á Kárahnjúkum án þess að hafa atvinnuleyfi. Mennirnir neituðu sök.

Verjandi byggði málsvörnina á því að mennirnir störfuðu tímabundið á Íslandi á grundvelli svokallaðra þjónustusamninga og því sé nóg að tilkynna þá inn í landið eins og gert var. Vinnuveitandi mannanna sé ekki GT verktakar heldur Vislandia í Lettlandi. Þá byggðist vörnin einnig á því að í lögum sé fyrirvari sem heimili borgurum nýju ESB-ríkjanna að dvelja hér og starfa án atvinnuleyfis í þrjá mánuði þótt það sé bannað í sex mánuði.

Farbann mannanna rennur út 13. maí og má því búast við dómi fyrir þann tíma. **ghs@frettabladid.is**



**STARF ÁN ATVINNULEYFIS LAGABROT?** Letti og Lithái mættu fyrir Héraðsdóm Austurlands í gær en þeir eru ákærðir fyrir að brjóta gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga með því að starfa hér án atvinnuleyfis. Vörnin byggðist meðal annars á því að í lögum sé fyrirvari sem heimili starf hér án atvinnuleyfis í þrjá mánuði.



**HANDSAMAÐUR** Al-Libbi er næstur í valdastiga al-Kaída á eftir bin-Laden og Ayman al-Zawahri.

Al-Kaída:

# Al-Libbi gómaður

**HRYÐJUVERK** Pakistönsk yfirvöld lýstu því yfir í gær að þau hefðu haft hendur í hári Líbíumannsins Abu Faraj al-Libbi en hann er talinn þriðji valdamesti maðurinn í al-Kaída hryðjuverkasamtökunum. Fimm aðrir meintir al-Kaída liðar voru handteknir með al-Libbi eftir átök í Waziristan í norðvesturhluta landsins.

Upplýsingaráðherra Pakistans sagði í samtali við BBC að mennirnir hefðu þegar gefið ýmsar gagnlegar upplýsingar og yfirvöld væru á réttri leið í leit sinni að Osama bin-Laden. ■

Samfylking:

# Kjörseðlar enn ósendir

**STJÓRNMÁL** Nokkur hundruð félagar í Samfylkingunni eiga enn eftir að fá kjörseðilinn sinn til að kjósa í formannsslagnum, og verður hann sendur út á morgun, að sögn Flosa Eiríkssonar, formanns kjörstjórnar. Þeir sem telja sig vera skráða flokksfélaga en hafa ekki fengið kjörseðil munu því líklega fá hann sendan með pósti eftir helgi.

Kjörstjórn mun funda í dag og fara yfir málið. Þá verður merkt inn á kjörskrá og einhverjar leiðréttingar gerðar. **-ss**

Alltaf einfalt

ÓB

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is

## Veðrið

**EKKERT ER FEGURRA EN VORKVÖLD Í ...**
Veðrið í dag verður einna best í höfuðborginni og einna leiðinlegast á norðausturhorninu. Ástæðan er norðlæg átt, sem verður hæg í borginni en stíf við norðausturströndina.
**HVENÆR HLÝNAR Á NÝ Á NORÐURLANDI?**
Það er að sjá að um og eftir helgi verði hægar breytilegar áttir og fremur svalt, einkum að næturlagi. Sumar spár gera þó ráð fyrir að það hlýni nyrðra á sunnudag.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Um hádegi í dag




### Á morgun




Fremur hægur vindur.

### Laugardagur




Hæg norðlæg eða breytileg átt, síst þó allra austast.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C skúrir | París | 14°C hálfskýjað | Alicante | 24°C rigning |
| Osló | 13°C skýjað-skúr | Berlín | 16°C léttskýjað | Milano | 19°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 11°C alskýjað | Amsterdam | 12°C hálfskýjað | New York | 17°C léttskýjað |
| Helsinki | 12°C hálfskýjað | Madrid | 21°C léttskýjað | San Francisco | 20°C skýjað-skúr |
| London | 15°C léttskýjað | Barcelona | 21°C hálfskýjað | Orlando/Florida | 27°C skýjað-skúr |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


Sýpris 100 sm
799 kr.
Aðeins í dag!
Mosastríðið heldur áfram
Grasáburður 5 kg
299 kr.
Kalkbætir 5 kg
399 kr.
Grasfræ 1 kg
599 kr.
GRAS ÁBURÐU
Garðahreinsir frá Undra
799 kr.
Ný sending
Orkideur
999 kr.
SUMARÁTAK
Frostþolnir útipottar
18 sm 690 kr.
24 sm 990 kr.
35 sm 1.790 kr.
blómaval
HEILLANDI HEIMUR
Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is



## KJÖRKASSINN

*Á að krefjast aukins eldvarnaviðbúnaðar hjá Hringrás?*

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 79% |
| Nei | 21% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Fylgist þú með bresku kosningabaráttunni?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Aðalmeðferð á máli Maitsland-bræðra í Hæstarétti:

# Þýskur vitnisburður dreginn í efa

**DÓMSMÁL** Mál tvíburabræðranna Rúnars Ben og Davíðs Ben Maitsland kom fyrir Hæstarétt í gærmorgun.

Fjölskipaður héraðsdómur dæmdi í nóvember Rúnar í fimm ára fangelsi og Davíð í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir stórfelldan innflutning á hassi frá Þýskalandi. Einn dómari skilaði séráliti þar sem hann taldi fyrirliggjandi gögn ekki duga til að úrskurða bræðurna seka. Báðir bræðurnir áfrýjuðu dómnum til Hæstaréttar og krefjast sýknu. Þeir halda staðfastlega fram sakleysi sínu enda sýni engin gögn hvað orðið hafi um fíkniefnin né heldur liggur fyrir kaupandi á efnunum.

Jón Egilsson, verjandi Davíðs, sagði í samtali við Fréttablaðið að grundvöllur fyrir meirihlutaáliti Héraðsdóms væri veikur þar sem þar hafi verið hafður til hliðsjónar vitnisburður fyrir þýskum dómstólum og bendir á að eitt aðalvitnanna þar, Claus Friehe, sé margdæmdur sakamaður og hafi meðal annars hlotið dóm fyrir ljúgvitni og geti þarafleiðandi vart talist áreiðanlegt vitni.



Engin ný gögn hafa þó komið fram í málinu. Hæstiréttur stendur því frammi fyrir því hvort eigi að taka tillit til þýsku dómanna líkt og meirihluti héraðsdóms gerði. Búist er við dómsuppkvaðningu á fimmtudaginn í næstu viku. - oá

**RÚNAR BEN MAITSLAND** Mál bræðranna Rúnars Ben og Davíðs Ben Maitsland hlaut aðalmeðferð í Hæstarétti í gærmorgun. Bræðurnir halda fram sakleysi sínu.



**VARÐSKIPIÐ VÆDDEREN** „Tóga"-veisla um borð fór úr böndunum í Reykjavíkurhöfn.

Danskar konur:

# Áreittar í Vædderen

**DANMÖRK** Skipslæknirinn á danska varðskipinu Vædderen hefur verið sýknaður af ákæru um kynferðislega áreitni.

Atvikið átti sér stað í Reykjavíkurhöfn í maí á síðasta ári þegar skipið lá bundið við bryggju en þá ákváðu skipverjar að slá upp „tóga"-veislu og íklæddust lökum af því tilefni. Sýnt þótti að læknirinn hefði káfað á brjóstum konu um borð og rekið henni rembingskoss. Önnur kona taldi að hann hefði haft í frammi dónalega tilburði við hana og enn einn skipverjinn sagði að læknirinn hefði misboðið sér með kynferðislegum aðdróttunum.

Undirréttur taldi að læknirinn hefði gerst brotlegur við herlög en hæstiréttur komst að annarri niðurstöðu. ■

# Ekkert upplýst um starfið

**Davíð Oddsson utanríkisráðherra vonar að Mannréttindaskrifstofan hafi bætt mannréttindi á undanförnum árum, þó ekki hafi verið upplýst með hvaða hætti það hafi verið gert. Stjórnarandstaðan sakar stjórnvöld um að hafa svipt skrifstofuna fjármunum sínum.**

**ALÞINGI** Snarpar umræður urðu um störf þingsins við upphaf þingfundar á Alþingi í gær og krafðist stjórnarandstaðan þess að fá frumvarp um framlög til Mannréttindaskrifstofu Íslands tekið á dagskrá þingsins. Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri-grænna, kvað sér hljóðs og sagði að forsætisráðherra hefði bréflega hafnað kröfu um að verða til svara um málið og vísað því til dómsmála- og utanríkisráðherra.

Davíð Oddsson utanríkisráðherra sagði málið ítrekað hafa verið rætt að undanförnu, meðal annars í tengslum við skýrslu um utanríkismál í síðustu viku. Hann ítrekaði að utanríkisráðuneytið mundi ekki verja minni fjárhæðum til mannréttindamála en áður. „Það má vel vera að Mannréttindaskrifstofan hafi unnið að þörfum mannréttindamálum en það er svo skrítið að í öllum þessum umræðum hefur ekki verið upplýst með hvaða hætti Mannréttindaskrifstofan hefur bætt mannréttindi hér á landi. Ég vona að hún hafi gert það á undanförnum árum," sagði Davíð.



**DAVÍÐ ODDSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA** Ekki verið upplýst með hvaða hætti Mannréttindaskrifstofan hefur bætt mannréttindi.



**HELGI HJÖRVAR ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR** Refsiaðgerðir gegn Mannréttindaskrifstofunni sem hefur leyft sér að vera óþægur ljár í þúfu ráðamanna.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði leitt til þess að vita að utanríkisráðherra hefði ekki orðið var við vaxandi mannréttindastarf í landinu. Hann hefði til dæmis getað kynnst því í gagnrýninni og vitundarvakningunni um borgaraleg réttindi þegar Falun Gong-málið fór sem hæst og gagnrýndar voru lögregluaðgerðir hans hérlendis og erlendis. Hann hefði getað kynnst því þegar umræðan um tjáningarfrelsið stöðvaði fjölmiðlafrumvapið á síðasta ári. Þá hefði hann getað kynnst því í hæstaréttardómum um mannréttindabrot á öryrkjum þar sem ríkisstjórn hans sjálfs hefði aftur og aftur verið gerð afturreka með ákvarðanir sínar. „Nú hefur utanríkisráðherra bitið höfuðið af skömminni með því að lýsa því hér yfir að hann hafi svipt Mannréttindaskrifstofuna fjármunum sínum án þess að hafa kynnt sér starfsemina... Auðvitað afhjúpar þetta pólítískar refsiaðgerðir gegn Mannréttindaskrifstofunni sem hefur leyft sér að vera verið óþægur ljár í þúfu ráðamanna."

johannh@frettabladid.is






FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**BREYTINGAR Á HLUTHÖFUM** Norðurljós hafa selt um tíu prósenta hlut í Og fjarskiptum fyrir 1,9 milljarða króna. Kaupendur eru Baugur Group og eignarhaldsfélög í eigu stjórnarmanna og stjórnanda.

Norðurljós selja í Og fjarskiptum:

# Greiðsla til hluthafa

**VIÐSKIPTI** Norðurljós seldu í gær um tíu prósenta hlut í Og fjarskiptum, síma- og fjölmiðlasamsteypunni, fyrir 1,9 milljarða króna.

Viðskiptin fóru fram á genginu 4,23 og voru liður í greiðslu til hluthafa í Norðurljósum vegna lækkunar á hlutafé félagsins.

Baugur Group jók þar með eignarhlut sinn í Og fjarskiptum úr 24,6 prósentum í 28,8 prósent, Grjóti, sem er í eigu Baugs og Eignarhaldsfélagsins Fengs, bætti eignarhlut sinn úr 3,4 prósentum í 5,8 prósent en einnig keyptu eignarhaldsfélög í eigu Árna Haukssonar stjórnarmanns, Gunnars Smára Egilssonar, framkvæmastjóra 365, og Fons, sem er meðal annars í eigu Pálma Haraldssonar, hluti í Og fjarskiptum. - eþa

**STÆRSTU HLUTHAFAR Í OG FJARSKIPTUM EFTIR VIÐSKIPTIN**

| Hluthafi | Eignarhlutur |
|---|---|
| 1. Baugur Group | 28,8 prósent |
| 2. Runnur | 15,0 prósent |
| 3. Landsbankinn Luxemb | 6,9 prósent |
| 4. Grjóti | 5,8 prósent |
| 5. Og fjarskipti | 5,5 prósent |

Vélstjórar:

# Með þriggja ára samning

**VINNUMARKAÐURINN** Skrifað hefur verið undir kjarasamning Samtaka atvinnulífsins, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands. Um er að ræða framlengingu gildandi kjarasamnings með ákveðnum breytingum. Kjarasamningurinn gildir fram til 31. maí 2008.

Samningurinn er í meginatriðum eins og samningurinn við Farmannasambandið og Sjómannasambandið í vetur auk viðbótarákvæða um tímalaun og ákvæða um það þegar nýtt skip kemur til Íslands. Í þessum samningi eru ákveðnar reglur um að tryggja meðaltekjur. - ghs

## NOREGUR

**HANDTÖKUR Í MUNCH-MÁLI** Lögreglan í Osló tilkynnti í gær að hún hefði handtekið mann grunaðan um aðild að ráninu á málverkum Munch, Ópinu og Madonnu. Maðurinn er þó eingöngu grunaður um að hafa aðstoðað sjálfa ræningjana. Fjórir hafa nú verið handsamaðir vegna málsins.

**BRUGGARI DÆMDUR** Erik Fallo bruggari var í gær dæmdur í tólf ára fangelsi fyrir morð. Hann bruggaði baneitraðan landa sem innihélt tréspíra og dóu sjö manns eftir að hafa drukkið hann en í það minnsta tveir urðu fyrir óbætanlegum líkamsskaða.

# Opið í dag

## 25% afsláttur af öllum Prostyle hjólum



Flottir **regngallar**

**Stígvél**

**United 27" LCD Sjónvarp með mótakara**

- 27" LCD skjár
- Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með progressive scan
- Skerpa:600:1
- Birta: 500 cd/m2
- Sjónsvið: 170°
- 2x7w SRS surround hljóðkerfi með 2 hátölurum
- 2 Scart tengi, component (YPbPr) og DVI tengi
- Tölvutengi
- AV og heyrnartólstengi að framan
- Mynd í mynd (2 Tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd): 81x44,5x11




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **8.332**kr* á mán. í 12 mánuði
Verð nú 99.984,-
Verð áður 149.990,-

**United örþunnt** 27" LCD sjónvarp
**Fæst eingöngu í Smáralind**

STERLING

**Sterling 2588**

- Brennari: 13.2kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 3903cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



**4.499**kr* á mánuði í 12 mánuði
Verð 53.988,-
verð áður 59.900,-

**FRÍ HEIMSENDING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Grillaðu um helgina á **Sterling 2588**

**Með ljósum**



**Nýjar vörur 3.499**kr

**Sportskór** bláir, bleikir, st. 22-35



**Nýjar vörur 2.999**kr

**Sportskór m/teygjum**, bláir, bleikir, st. 22-35

Gildir 5. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvar verður ofbeldi sýnt rauða spjaldið klukkan 17 á föstudag?

2 Hvað kallast þinghús Breta?

3 Hver mun leika hlutverk Elínborgar í kvikmyndinni Mýrinni?

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Bandaríkjaforseti segist harma dauða leyniþjónustumannsins Calipari:

# Bush og Berlusconi segjast vera sáttir

**RÓM, AP** George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, sagðist í samtali við Silvio Berlusconi í gær harma skotárásina fyrir tveimur mánuðum sem dró ítalskan leyniþjónustumann til dauða.

Nokkur spenna hefur ríkt í samskiptum Ítalíu og Bandaríkjanna eftir að bandarískir hermenn skutu ítalska leyniþjónustumanninn Nicola Calipari til bana þegar hann var í bíl á leiðinni á flugvöllinn í Bagdad með blaðakonuna Giuliana Sgrena sem mannræningjar höfðu haft í haldi. Niðurstöðum ítalskra og bandarískra rannsókna sem kynntar voru í vikunni bar ekki saman um tildrög atburðarins og töldu menn því að fleygur hefði verið rekinn á milli bandamannanna Bush og Berlusconi.

Í gær hringdi hins vegar Bush í félaga sinn og kvaðst harma dauða Calipari, „hetjulegan þjón Ítalíu og mikils metinn vin Bandaríkjanna," að sögn talsmanns Hvíta hússins. Leiðtogarnir hétu því að láta atvikið ekki spilla samskiptum þjóðanna.

Skoðanakönnun sem Gallup gerði nýverið í Bandaríkjunum sýnir að sextíu prósent þjóðarinnar telja að innrásin í Írak hafi verið mistök. Stuðningur við innrásina hefur aldrei mælst minni. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SÁTTASÍMTAL** Bush hringdi í Berlusconi í gær og bað fyrir kveðjur til fjölskyldu Nicola Calipari.

Stjórnmálamaður:

# Misnotaði unglingspilt

**DANMÖRK** Danski stjórnmálamaðurinn og fyrrverandi þingmaðurinn Flemming Oppfeldt hefur verið ákærður fyrir að hafa haft kynmök við dreng sem ekki var orðinn lögráða.

Oppfældt komst í kynni við drenginn á spjallsvæði á netinu og eftir nokkurt spjall þeirra á milli varð það úr að þeir hittust í september síðastliðnum. Höfðu þeir svo samfarir á heimili Oppfeldts í Farum. Vitað er að maðurinn reyndi að komast í kynni við fleiri unglingspilta á netinu.

Lögmaður Oppfeldt sagði í samtali við Ritzau-fréttastofuna að allt of langt væri gengið í ákærunni, skjólstæðingur sinn hefði ekki vitað hversu ungur drengurinn væri. ■

Breytingar lagðar til á Fráveitunni:

# Sameinist Orkuveitu

**REYKJAVÍKURBORG** Lagt hefur verið til innan borgarkerfisins að gera Fráveituna að hluta af Orkuveitu Reykjavíkur og eru miklar líkur á að það verði að veruleika. Fráveitan kemur þá við hlið Vatnsveitunnar og Hitaveitunnar innan Orkuveitunnar og hefur sömu stöðu og þær í skipuritinu.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, og Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs, eru saman í nefnd sem á að kanna hagkvæmni þessarar breytingar. Guðmundur segir að sér lítist vel á þessa hugmynd, það sé algengt fyrirkomulag erlendis að vatnsveitur og fráveitur séu undir sama hatti en ekkert hafi verið ákveðið ennþá.

Ef af flutningi fráveitunnar verður eru allar líkur á því að Sigurður Skarphéðinsson gatnamálastjóri verði fráveitustjóri enda verða starfsmenn fráveitunnar þá fluttir yfir og engin breyting gerð á þeim hópi. Fráveitan hefur fram að þessu verið hluti af Gatnamálastofu.

Nýtt skipurit framkvæmdasviðs borgarinnar tekur gildi 1. júní og verður þá byrjað að vinna samkvæmt því.

-ghs



**BREYTING Á SKIPURITI** Lagt er til að Fráveitan flytjist til Orkuveitu Reykjavíkur og verði þar við hlið Vatnsveitu og Hitaveitu. Sigurður Skarphéðinsson gatnamálastjóri yrði þá fráveitustjóri.



**VIÐEYJARFERJAN** Þrátt fyrir að ferðamönnum til Viðeyjar hefði farið ört fækkandi hin síðari ár þótti vænlegast að ganga aftur til samninga við þá sem hafa séð um áætlunarsiglingar þangað undanfarin ár.

# Útboðið var fyrirsláttur

**Reykjavíkurborg tók tilboði þeirra sem hafa rekið Viðeyjarferjuna undanfarin ár. Annar aðili telur sig hafa átt hagstæðasta tilboðið.**

**SAMGÖNGUR** „Þau svör sem við höfum fengið eru að okkar mati ófullnægjandi með öllu og þessi ákvörðun því enn jafn óskiljanleg," segir Guðmundur Gestsson, framkvæmdastjóri Hvalstöðvarinnar ehf. Telur hann ótvírætt að fyrirtæki sitt hafi átt hagstæðasta tilboðið í áframhaldandi áætlunarsiglingar til Viðeyjar sem Reykjavíkurborg bauð út fyrir skömmu en tilboði sömu aðila og rekið hafa Viðeyjarferjuna undanfarin ár var tekið.

Guðmundur gerir margvíslegar athugasemdir við útboðsferlið og það tilboð sem fyrir valinu varð enda var tilboð Hvalstöðvarinnar mun lægra í peningum talið auk þess sem boðið var upp á aukinn fjölda ferða. „Það er kannski eðlilegt að tilboði Viðeyjarferjunnar hafi verið tekið þar sem í liggur í augum uppi að útboðsgögnin miðuðust við þeirra starfssemi. Þannig er stærð og flutningsgeta þeirra báta sem óskað er eftir til verksins nákvæmlega sú sama og þeir hafa yfir að ráða."

Hann finnur einnig að því að ekki hafi verið metin sérstaklega sú staðreynd að fyrirtæki hans stundar þegar mikið kynningarstarf meðal erlendra ferðamanna og var ætlunin að nýta þá kynningarvél til að koma Viðey á kortið. Ferðamönnum til eyjunnar hefur fækkað mikið hin síðari ár en aðeins sóttu hana heim um fimmtán þúsund manns á síðasta ári samanborið við 25 þúsund manns árið 1999. Er opinber stefna Reykjavíkurborgar að auka fjöldann aftur og því kemur það Guðmundi á óvart að slík kynningarstarfsemi sem fyrirhuguð var fengi hans fyrirtæki verkið er lítt eða ekkert metin. „Mér sýnist að útboðið hafi verið fyrirsláttur einn og aldrei hafi staðið til að skipta um þjónustuaðila."

Karl Ragnarsson, hjá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, var einn fjögurra fulltrúa sem fóru yfir tilboðin. Hann segir að vegna mikils umfangs hafi verið ákveðið að meta hvert tilboð á grundvelli punktakerfis í stað þess að einblína á kostnaðartölur. „Þarna spiluðu svo margir þættir inn í að annað var vart hægt. Meta þurfti styrkupphæðina, fjölda ferða, bátakost, reynslu viðkomandi og hvernig ferðatíðni kom heim og saman við þá þjónustu sem í eynni er. Tilboð Viðeyjarferða þótti vænlegast að okkar mati en þar með er ekki sagt að þeir hafi staðið sig mjög vel á öllum sviðum."

albert@frettabladid.is





Afgreiðslan er lokuð föstudaginn 6. maí

**Afgreiðsla Íbúðalánasjóðs** Borgartúni 21 er lokuð á morgun, föstudaginn 6. maí vegna framkvæmda við húsnæðið.

**Þjónustuver sjóðsins verður opið og svarar fyrirspurnum. Síminn er 569 6900 eða gjaldfrjálst númer 800 6969.**

www.ils.is | Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími: 569 6900 - 800 6969 | Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður

FABRIKAN


Fyrirspurn þingmanns Frjálslynda flokksins:

# Vill vita fjölda sendiherra

**ALÞINGI** Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, ætlar að reyna að fá því svarað fyrir þinglok í næstu viku hversu margir sendiherrar hafi verið skipaðir á árunum 1995 til ársins 2005. Hann vill jafnframt vita hve margir þeirra hafi fengið sendiherrastöður í samræmi við framgangskerfi utanríkisþjónustunnar. Í öðru lagi ætlar Sigurjón að spyrja utanríkisráðherra hverjir sendiherranna höfðu ekki starfað í utanríkisþjónustunni áður en þeir fengu þar stöður. ■




LONDON

GLASGOW • OSLÓ

KAUPMANNAHÖFN

STOKKHÓLMUR • HELSINKI

FRANKFURT • BERLÍN

MÜNCHEN • AMSTERDAM

PARÍS • BARCELONA

MADRÍD • MILANÓ

# 60% afsláttur

## fyrir börn af Netsmellum til Evrópu*

### Netsmellur - Verðdæmi

Fyrir barn með afslætti

**Verð frá 11.035 kr.****

* Gildir fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd fullorðinna.
Sölutímabil: 29. apríl - 13. maí.
Ferðatímabil: 1. júní - 31. ágúst.
Afsláttur reiknast af Netsmelli án flugvallarskatta,
við bætast barnaflugvallarskattar.

Fyrir fullorðinn

**Verð frá 19.900 kr.****

**Netsmellur til Glasgow.

## Í tilefni af 60 ára afmæli millilandaflugs

Icelandair fagnar á þessu ári 60 ára afmæli millilandaflugs á vegum félagsins og þar með sextíu ára afmæli farþegaflugs milli Íslands og annarra landa.

11. júlí 1945 var flogið í fyrsta skipti með farþega til útlanda á íslenskri flugvél. Farkosturinn var Catalinaflugbátur í eigu Flugfélags Íslands og flogið var frá Reykjavík til Largs Bay í Skotlandi.



Icelandair tekur við MasterCard ferðaávísun í allt flug, þ.m.t. netflug.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 28174 04/2005

ICELANDAIR
www.icelandair.is



**SOÐNINGIN SÓTT Í POLLINN** Skipstjórinn á Elvu Dröfn EA mokaði þorskinum upp úr Akureyrarpolli á dögunum. Frístundaveiðar eru vinsælt áhugamál á Akureyri og þegar vel viðrar um helgar nýta margir sér forðakistu Eyjafjarðar til að sækja soðningu í Pollinn.

### Forn búskaparhefð á undanhaldi:

# Sinueldar bannaðir

**SINUELDAR** Frá og með 1. maí var bannað að brenna sinu en sýslumenn geta veitt bændum undanþágu frá banninu fram til 15. maí, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Sinubruni tilheyrir íslenskri búskaparhefð en í gegnum tíðina hafa oft hlotist miklir gróðurskaðar af sinueldum sem farið hafa úr böndum. Fyrir um áratug var sett í lög að bannað væri að brenna sinu nema með sérstöku leyfi en undanfarin ár hefur umsóknum þar að lútandi farið fækkandi víðast hvar á landinu.

Reykur frá sinueldum angraði Akureyringa töluvert í vor en þó aldrei jafn mikið og laugardaginn 23. apríl þegar bærinn var að mestu hulinn reyk þegar Akureyringar fóru á fætur. Kveikt hafði verið í sinu á túni sem tilheyrir Jódísarstöðum, skammt innan við byggðina á Akureyri, en ábúendur höfðu tilskilið leyfi frá sýslumanni. Eftir að kvartanir frá bæjarbúum tóku að berast gripu slökkvilið og lögregla þó í taumana og komu í veg fyrir frekari sinubruna.

- kk

FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**AKUREYRI HULIN REYK** Slökkviliði Akureyrar bárust margar kvartanir 23. apríl síðastliðinn vegna sinubruna og lá reykjarmökkurinn út allan Eyjafjörð.

### Nýr netvafri Opera:

# Milljóna niðurhal

**UPPLÝSINGATÆKNI** Nýja Opera 8 vafranum hefur nú verið hlaðið niður meira en tvisvar milljón sinnum af netnotendum um heim allan, segir norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera software. Vafrinn var fyrst gerður aðgengilegur á vefnum fyrir hálfum mánuði síðan.

Flestir hafa hlaðið niður enskri útgáfu vafrans, eða um 1,3 milljónir, en næstflestir þýskri útgáfu, eða um 400 þúsund.

„Þegar haft er í huga að síðasta útgáfa, Opera 7, var alls sótt yfir 60 milljón sinnum, má lesa úr góðum viðtökum nýju útgáfunnar að enn fleiri eigi eftir að sækja Opera 8," er haft eftir Jóni S. von Tetzchner, íslenskum forstjóra Opera Software í fréttatilkynningu.

- óká

### Sprenging í Mogadishu:

# Sjö fórust

**MOGADISHU, AP** Sjö létust á fjöldafundi á knattspyrnuvelli í Mogadishu, höfuðborg Sómalíu, í fyrradag eftir að maður sprengdi þar handsprengju. Ali Muhamed Gedi, forsætisráðherra landsins, var á vellinum vegna hátíðarhalda en ríkisstjórn landsins hefur verið í útlegð í Kenía síðan hún var mynduð árið 2004. Ekki er ljóst hvort um tilræði var að ræða en Gedi heldur því fram að þetta hafi einungis verið slys. Talið er að einn lífvarða hans hafi valdið sprengingunni en hún varð aðeins tíu metra frá Gedi, sem slapp þó ómeiddur. Tugir slösuðust í troðningi og ringulreið sem skapaðist í kjölfarið.

Gedi notaði svo gærdaginn til að heilsa upp á hina slösuðu en jafnframt ræddi hann við þá sem nú ráða ríkjum í Mogadishu um ástand og horfur í landinu. Gedi myndaði ríkisstjórn sína árið 2004 en íslamskir öfgamenn og stríðsherrar sem ráða stórum hluta landsins eru henni andsnúnir. Stjórnleysi og upplausn hafa verið viðvarandi í Sómalíu síðan 1991. ■



**ALI MUHAMED GEDI** Forsætisráðherra Sómalíu slapp ómeiddur frá sprengingunni í Mogadishu.

# Tugir látast í sprengjuárás

## Gífurlega öflug bílsprengja sprakk fyrir utan ráðningarstofu í borginni Irbil í Kúrdistan í Írak í gær og týndu að minnsta kosti fimmtíu manns lífi.

**BAGDAD, AP** Að minnsta kosti fimmtíu manns týndu lífi og hundrað særðust í bílsprengjuárás í Írak í gær. Skæruliðasamtökin Ansar al-Sunnah hafa lýst ábyrgð á verknaðinum á hendur sér.

Árásin var gerð í gærmorgun í borginni Irbil í Kúrdistan þar sem hópur umsækjenda um störf í íröskum öryggissveitum beið eftir afgreiðslu. Bifreið var ekið að hópnum og síðan kvað við gífurlega öflug sprenging. Þegar sjúkrabílar komu á vettvang var aðkoman hræðileg, líkamshlutar lágu eins og hráviði á götunni og blóðpollar höfðu myndast. Nokkuð var á reiki hversu margir hefðu látist en fjöldi þeirra er ekki undir fimmtíu og í það minnsta hundrað særðust. Hús í nágrenninu stórskemmdust í sprengingunni, svo og fjöldi bifreiða.

Uppreisnarmenn beina spjótum sínum í æ ríkari mæli að íröskum her- og lögreglumönnum, svo og þeim sem hyggjast ganga í þeirra raðir. Með því vilja þeir viðhalda upplausninni í landinu og auka þar með ólgu á meðal almennings. Í febrúarlok dóu 125 manns í bænum Hillah og 140 særðust þegar sprengja sprakk í hópi umsækjenda um störf í lögreglunni.

Skæruliðasamtökin Ansar al-Sunnah hafa þegar lýst yfir ábyrgð á verknaðinum. Í yfirlýsingu sem þau sendu frá sér í gær sagði að „píslarvottur" úr þeirra hópi hefði náð að komast framhjá öllum varðstöðvum og sprengja bíl sinn þar sem „trúleysingjarnir" voru samankomnir. Með árásinni væri ráðist gegn kúrdísku peshmergasveitunum sem hefðu beygt sig fyrir „krossförunum."

Ansar al-Sunnah hefur framið mörg hermdarverk gegn bandarískum og íröskum hersveitum en auk þess eru samtökin talin standa á bak við fjölda mannrána og morða á útlendingum í landinu.

Af öðrum viðburðum í þessu róstusama landi má nefna að tveir bandarískir hermenn biðu bana í árásum uppreisnarmanna í fyrradag. Þá skýrðu íraskir embættismenn frá því að öryggissveitir hefðu haft hendur í hári frænda Saddams Hussein. Faðir mannsins er hálfbróðir Saddams og var einn af hans helstu ráðgjöfum. ■



MYND AP

**HARMLEIKUR** Vandamenn þeirra sem lentu í sprengingunni í Irbil í gær voru að vonum harmi lostnir. Þetta er mannskæðasta árásin í Írak í rúma tvo mánuði.




# Tökum til hendinni!

## VORHREINSUN 2005

**frá 29. apríl til 7. maí**




**Nú sem fyrr hvetja borgaryfirvöld í Reykjavík alla borgarbúa til að hreinsa lóðir sínar í hinu sameiginlega árlega átaki við að hreinsa og fegra borgina.**

**Starfsmenn Framkvæmdasviðs verða á ferðinni á tímabilinu 29. apríl - 7. maí og fjarlægja garðúrgang sem fólk hefur sett út fyrir lóðarmörk.**

**Vinsamlegast athugið að starfsmenn munu ekki fjarlægja heil tré eða trjástofna.**

**Garðúrgang skal setja í poka.**
**Greinaafklippur skal binda í knippi.**

**Ruslapoka má nálgast á starfsstöðum borgarinnar s.s. sundlaugunum.**

**Hvað get ég gert til að bæta umhverfið?**
**Taktu þátt í humyndasamkeppni á reykjavík.is.**
**Kepppnin gildir til 10. maí og glæsileg verðlaun í boði.**

**www.reykjavik.is**

Símaver Reykjavíkurborgar
**4 11 11 11**

**Þitt framlag skiptir máli**

Reykjavíkurborg

AUGLÝSINGASTOFA E.BACKMAN

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR LÍKAMSRÆKTARKONA

# *Massar sig upp fyrir haustið*

„Það er allt gott að frétta," segir Margrét Sigurðardóttir, einkaþjálfari og líkamsræktarkona, þegar blaðamaður truflar hana í vinnunni. „Ég er einmitt að láta einn púla núna," segir hún og hlær. Margrét, eða Magga massi eins og hún er oft kölluð, er að búa sig undir mót og í vaxtarrækt skiptir fyrirhyggjan öllu máli. „Það er mót í nóvember og ég er byrjuð að stækka mig og þyngja. Í ágúst byrja ég svo að skera mig niður og fer á strangt mataræði." Margrét segist aldrei falla í freistni og stelast í súkkulaði á meðan hún



sker sig niður. Margrét keppir alltaf í þyngsta flokknum sem er 57 kíló og þyngri. Og hún er í fantaformi. „Ég er 75 kíló og langt yfir mörkunum og þarf ekki að hafa áhyggjur af þyngdinni."
Sumarið fer þó ekki bara í að lyfta lóðum því Margrét ætlar út fyrir landsteinana. „Ég er að spá í að fara til Króatíu. Ég hef heyrt margt fallegt um landið og lengi langað þangað." Margrét hefur ekki áður farið til Austur-Evrópu þó hún hafi komið víða við í heiminum. „Ætli uppáhaldslandið mitt sé ekki Spánn. Mér finnst gott að vera þar sem hitinn er."

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



**MIÐI Á DÍNAMÍT KOSTAR 2.600 KRÓNUR**
*Heimild: Þjóðleikhúsið*

**ÁSTKÆRA YLHÝRA**

## *Billjónir, trilljónir...*

Fróðleiksmoli dagsins kemur úr töfraheimi talnanna, sem er endalaus uppspretta heilabrota og skemmtunar. Billjónir og trilljónir eru merkileg en vandmeðfarin hugtök, enda skortir nokkuð á að merking þeirra haldi sér þegar farið er milli menningar- og tungumálasvæða heimsins. Í Bandaríkjunum merkir „billion" til dæmis milljarður en ekki billjón, enda hefur McDonald's ekki enn náð að bera fram billjónir hamborgara samkvæmt okkar skilningi þó að það megi lesa úr skiltum keðjunnar vestra. „Trillion" er aftur hugtakið sem enskumælandi menn nota gjarnan um það sem við köllum billjón, sem er milljón milljónir.

Sem sagt:

Billion = milljarður = 1.000.000.000

Trillion = billjón = 1.000.000.000.000

Það sem við köllum síðan trilljón er milljón billjónir (eða milljón milljón milljónir, eða milljarður milljarða) og ritast með átján núllum. Enn sem komið er hefur enginn skilgreint nákvæma merkingu grilljóna og skrilljóna svo vitað sé, en gera má ráð fyrir að þær tölur séu allháar.

**magnus@frettabladid.is**



**FÍLAR TIL SÖLU** Stjórnvöld í Zimbabwe bjóða mörg þúsund fíla til sölu.

Rýmingarsala á fílum:

## Seldir hæstbjóðanda

**ZIMBABWE, AP** Yfirvöld fílaverndarsvæða í Zimbabwe leita nú að hugsanlegum kaupendum á fílum. Mörg þúsund fílar eru til sölu vegna þess að verndarsvæðin eru löngu orðin svo yfirfull að það stefnir í óefni. Ekki stendur þó til að flytja fílana út, heldur hvetja stjórnvöld bændur til að veðja á fílabúskap þannig að hægt sé að flytja fílana á svæði þar sem rýmra verður um dýrin. Ekki verður þó hlaupið að því fyrir bændur að uppfylla þau skilyrði sem eru sett, því hver fíll kemur til með að kosta meira en eina og hálfa milljón íslenskra króna auk þess sem bændurnir þurfa að sýna fram á að þeir hafi nægt rými og fæði fyrir fílinn sinn. ■



**ÁNÆGÐUR MEÐ FERÐINA** Michele Pontrandolfo hefur mikinn áhuga á norðrinu og hefur farið í leiðangra til Grænlands og á Norðurpólinn.

# Hræðsla nauðsynleg

**Ítalski göngugarpurinn Michele Pontrandolfo er nýkominn úr vikulangri göngu yfir Vatnajökul.**

Hann er sólbrenndur á nefinu þegar við hittum hann á farfuglaheimilinu í Laugardal en brosir hringinn enda nýkominn úr vel heppnaðri sjö daga göngu yfir Vatnajökul. Ítalinn Michele Pontrandolfo er mikill göngugarpur og stundar það að ganga yfir erfið svæði án utanaðkomandi stuðnings. Hann er steinhöggvari frá Friuli-héraði norðan við Feneyjar, en ástríða hans frá unga aldri hefur verið fjallamennska. Þetta er í þriðja sinn sem hann kemur til Íslands en hann hefur brennandi áhuga á norðrinu og hefur gengið bæði yfir Grænlandsjökul og reynt við Norðurpólinn.

Hann þurfti tvö áhlaup til að komast á Vatnajökul. Í fyrra skiptið reyndi hann að komast upp á jökulinn frá Laka en hann varð frá að hverfa vegna vatnavaxta. Síðar fór hann yfir Jökulheima sem gekk vel. Þveraði hann jökulinn og kom niður hjá Snæfelli. Ferðin gekk mjög vel þrátt fyrir að hann hafi þjáðst af snjóblindu síðustu tvo dagana.

Michele segist vera fyrsti Ítalinn sem tekst á við þessa leið með þessum hætti. Fyrir hann persónulega skiptir það ekki höfuðmáli að vera fyrstur til að ganga tiltekna leið. Hins vegar segir hann þessar ferðir geysilega dýrar og því snúist þetta aðallega um að fá styrktaraðila. Það sé því mikilvægt að gera eitthvað sem veki athygli fjölmiðla.

Hann segist oft hafa orðið smeykur á ferðum sínum. Hræðslan sé þó nauðsynleg því annað væri fífldirfska. Hann segir til að mynda engar aðstæður líkar þeim sem myndast á Grænlandi. Þar fari saman gríðarlegar vindhviður og frost. Þar þurfti hann að grafa sig í fönn og liggja dögum saman.

Þegar Michele fór á Norðurpólinn varð hann fyrir því að fá sýkingu í tönn og var hann með 39 stiga hita í hálfan mánuð. Að lokum varð hann að gefast upp. Hann hefur þó ekki gefið drauminn um Norðurpólinn upp á bátinn og ætlar á næsta ári að fara frá Kanada, yfir Norðurpólinn og til Grænlands.

Michele hefur tekið upp ferðir sínar á myndband og sendir reglulega fréttir til ítalska ríkissjónvarpsins Rai due. Það vill svo skemmtilega til að hægt er að ná þeirri stöð á Digital Ísland og því geta Íslendingar notið þess að horfa á þátt um Ísland klukkan hálf fimm næstkomandi föstudag.

**solveig@frettabladid.is**




Stórtónleikar á Akureyri:

# Engilbert og Óskar syngja dúett

Engilbert Jensen og Óskar Pétursson ætla að syngja saman Bláu augun þín á hljómleikum Hljóma og karlakórsins Heimis í KA heimilinu á Akureyri á laugardag.

Verður þetta í fjórða sinn sem kórinn og rokksveitin leiða saman hesta sína en dagskráin hefur áður verið flutt á Sauðárkróki, Reykjanesbæ og í Reykjavík.

Heimismenn hefja dagskrána og syngja nokkur af sínum kunnustu lögum. Þá stíga Hljómar á stokk og fylla salinn takföstu rokki sínu og loks koma kór og hljómsveit fram saman.

Góður rómur hefur verið gerður að fyrri hljómleikunum og viðbúið að Akureyringar og nærsveitungar fjölmenni í KA heimilið. Enda ekki á hverjum degi sem færi gefst á að sjá og heyra þá Engilbert og Óskar syngja saman ballöðuna undurfögru.

Hljómleikarnir hefjast klukkan 16 og er forsala aðgöngumiða í KA heimilinu og í verslun Og Vodafone á Glerártorgi.

**- bþs**



**ENGILBERT JENSEN** Syngur Bláu augun þín með Óskari Péturssyni.




## Kjörís býður öllum börnum upp á ís

Alltaf frítt fyrir börn, 11 ára og yngri, í fylgd með forráðamönnum.

### 2 fyrir 1 tilboð fyrir VISA-korthafa

Allir kreditkorthafar VISA Íslands fá 2 fyrir 1
í Bláa Lónið – heilsulind til og með 9. maí.
Gildir einungis ef greitt er með VISA-kreditkorti.

www.bluelagoon.is • 420 8800

Kjörís VISA upplifðu ÍSLAND-SÆKJUM ÞAÐ HEIM BLUE LAGOON ICELAND

FBL-GREINING BRESK STJÓRNMÁL

# Skin og skúrir hjá Verkamannaflokknum

Breski Verkamannaflokkurinn er sprottinn upp úr verkalýðsbaráttunni sem átti sér stað í kringum aldamótin 1900 og var stofnaður með það að markmiði að gefa verkalýðnum pólitíska rödd.
Flokkurinn komst til valda í samsteypustjórnum í fyrri og síðari heimsstyrjöldum en vann fyrsta sigur sinn í kosningunum 1945. Ríkisstjórn Verkamannaflokksins var þó ekki langvinn. Flokkurinn beið ósigur fyrir Íhaldsflokkum í næstu kosningum, árið 1951, og var Íhaldsflokkurinn við völd næstu 13 árin.



### Efnahagskreppa

Árið 1964 komst Verkamannaflokkurinn aftur til valda undir stjórn Harold Wilson, sem sigraði jafnframt í kosningunum tveimur árum síðar. Efnahagslegir erfiðleikar tóku þá við og komust íhaldsmenn til valda árið 1970. Íhaldsflokkurinn tapaði þó fyrir Verkamannaflokknum í kosningunum fjórum árum síðar.
Árin sem á eftir komu reyndust Verkamannaflokknum ekki auðveld. Harold Wilson sagði af sér og við tók Jim Callaghan. Hann þurfti að takast á við efnahagskreppu sem krafðist verulegra erlendra lána og niðurskurðar.
Í kosningunum 1979 beið Verkamannaflokkurinn ósigur og við tók langt og sögulegt valdatímabil Íhaldsflokksins undir stjórn Margrétar Thatcher. Íhaldsmenn unnu fjórar kosningar í röð; þrennar undir stjórn Thatcher og einar undir forystu Johns Major.

### Ímynd breytt

Á þessum árum vermdu ýmsir sæti formanns Verkamannaflokksins. Hinn vinstrisinnaði Michael Foot tók við af Jim Callaghan og nokkrir hægrisinnaðir fyrrum ráðherrar flokksins klufu sig frá flokknum og stofnuðu Sósíalíska demókrataflokkinn.
Neil Kinnock tók við af Foot og hóf að færa flokkinn í nútímalegra horf. Þrátt fyrir að fylgi hafi aukist tókst Kinnock ekki að vinna sigur í kosningum. John Smith tók við af Kinnock og var talinn vera ótvírætt forsætisráðherraefni. Hann varð hins vegar bráðkvaddur 1994 og var lát hans mikið áfall fyrir flokkinn.
Það sem síðan gerðist er flestum í fersku minni. Tony Blair tók við formennsku og breytti ímynd Verkamannaflokksins, sem vann öllum að óvörum stórsigur í kosningunum 1997 og aftur í kosningunum 2001.

## SPURT & SVARAÐ
BRESKU KOSNINGARNAR



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

### Spáir Tony Blair sigri

**Hverju spáirðu um úrslit bresku þingkosninganna?**
„Ég spái því að Verkamannaflokkurinn hafi þetta en ég spái því jafnframt að kosningaþátttaka verði mjög lítil, sem er auðvitað áhyggjuefni.“
**Hver er helsti stefnumunur stóru flokkanna þriggja?**
„Það er náttúrlega stefnumunur á flokkunum en mér hefur sýnst að Íraksmálið skilji á milli sérstaklega Verkamannaflokksins og Frjálslyndra. Frjálslyndir eru rótttækari en Verkamannaflokkurinn í ýmsum málum. Verkamannaflokkurinn hefur lagt áherslu á heilbrigðismál og menntamál og aðgerðir í velferðarmálum. Íhaldsflokkurinn er að reyna að skilja sig frá Verkamannaflokknum með áherslu á innflytjendamál og afbrotamál. Margrét Thatcher gerði þetta auðvitað á sínum tíma með hinum langa armi laganna. Það er þó ekki víst að íhaldsmenn nái í gegn með þessu því efnahagsástand er gott í Bretlandi og fólk telur sér ekki ógnað.“
**Hvaða mál hafa verið mest áberandi í kosningabaráttunni í Bretlandi?**
„Trúverðugleiki stjórnmálamannanna hefur verið mjög áberandi. Blair hefur orðið fyrir gagnrýni vegna Íraksmálsins en Gordon Brown hefur dregið vagn Verkamannaflokksins í staðinn.“




# Tony Blair mun tapa fylgi en samt halda meirihlutanum

**Enda þótt allmargir kjósendur séu ósáttir við Tony Blair þá bendir allt til að Verkamannaflokkurinn fái endurnýjað umboð til að stjórna Bretlandi næsta kjörtímabil. Bretar ganga að kjörborðinu í dag.**

Á lokadegi kosningabaráttunnar fyrir þingkosningarnar sem fara fram í Bretlandi í dag lagði Tony Blair ofuráherzlu á að hvetja alla þá sem á annað borð hallast til stuðnings við Verkamannaflokkinn til að mæta á kjörstað og sjá til þess að hann og Gordon Brown, væntanlegur arftaki hans sem flokksleiðtogi, fái öruggt umboð til að halda um stjórnartaumana þriðja kjörtímabilið í röð.



FRÉTTASKÝRING
KOSNINGAR Í BRETLANDI

AUÐUNN ARNÓRSSON
SKRIFAR FRÁ LUNDÚNUM

„Það eru þrjár leiðir til að kjósa íhaldsstjórn: að kjósa Íhaldsflokkinn, kjósa aðra flokka eða kjósa ekki.“ Þetta var boðskapurinn sem talsmenn Verkamannaflokksins hömruðu á síðustu dagana, sérstaklega í þeim kjördæmum þar sem tvísýnast er um úrslitin, en þau eru í kringum 100 talsins af alls 646.

Reyndar bentu allar skoðanakannanir til að þessar áhyggjur væru ýktar; sennilegast væri að stjórnin héldi að minnsta kosti áttatíu sæta meirihluta í neðri deild þingsins, en undanfarið kjörtímabil var þingflokkur Verkamannaflokksins 161 manni fjölmennari en stjórnarandstöðunnar.

Á niðurstöðum síðustu viðhorfskannananna fyrir kosningarnar virtist ljóst að kosningabarátta Íhaldsflokksins hefði ekki fallið öðrum en kjarnafylgi flokksins í geð. Að flokksleiðtoginn Michael Howard skyldi á endasprettinum hafa gripið til þess að kalla forsætisráðherrann lygara sem einskis trausts væri verður fór að mati kosningaspekinga öfugt ofan í ófáa kjósendur. Slíkt orðbragð þykir mörgum ekki sæmandi og sá sem beitir því virðist frekar tapa á því en hitt. Þótt jafnvel allmörgum fylgismönnum Verkamannaflokksins þyki sýnt að Blair hafi beitt blekkingum í tengslum við Íraksstríðið virðist ljóst að það óánægjufylgi muni að sáralitlu leyti skila sér til Íhaldsflokksins.



ENGIR KÆRLEIKAR Tony Blair og Michael Howard hafa marga hildina háð síðustu vikur.




„RAUN-VALKOSTURINN“ Charles Kennedy, leiðtogi Frjálslyndra demókrata, talar við blaðamenn í London í gærmorgun.

### Frjálslyndir á góðri siglingu

Hins vegar bendir allt til að Frjálslyndir demókratar muni í þessum kosningum ná mesta kjörfylgi í sögu flokksins, vel yfir fimmtungi greiddra atkvæða á landsvísu ef marka má síðustu skoðanakannanirnar. Undir forystu Charles Kennedy, sem einnig leiddi flokkinn í síðustu kosningum er hann fékk 18 prósent atkvæða, virðast kjósendur sem ekki eru sáttir við frammistöðu Blair-stjórnarinnar – hvort sem það er vegna Íraks eða annarra mála – ætla að skila sér til stuðnings við hann. Á blaðamannafundi í Lundúnum í gærmorgun lagði Kennedy áherzlu á að flokkur hans væri „raunverulegur valkostur“, en þar með á hann við að atkvæði honum greidd fari ekki í glatkistuna eins og annars er vaninn að margir hugsi sem hafa reynslu af því að kjósa í brezka kosningakerfinu; það ýtir jú mjög undir tveggja flokka kerfi en dæmir þriðja stærsta flokkinn til þýðingarleysis þar sem hann fær ekki þingsæti í hlutfalli við atkvæðamagn á landsvísu. Reyndar sagðist Kennedy bjartsýnn á að þessar kosningar yrðu stór áfangi að sókn frjálslyndra fram úr Íhaldsflokknum. Hann sagði kosningabaráttu íhaldsmanna hafa sýnt enn og aftur að sá flokkur væri ekki í takt við Bretland nútímans. Á endasprettinum beindi Kennedy þó ekki sízt spjótum að Blair og Verkamannaflokknum, í þeirri von að höfða til óánægjufylgisins.

### Efnahagsmálin styrkur ríkisstjórnarinnar

En um hvað var aðallega tekizt á í þessari kosningabaráttu? Fyrir utan Íraksmálið, sem af ýmsum ástæðum var ofarlega í umræðunni og þvingaði Blair til að verjast æ og aftur ásökunum um óheilindi og stríðsæsing, voru efnahagsmál, heilbrigðis- og skólamál, glæpir og innflytjendamál meðal þess helzta. Aðalkosningamottó íhaldsmanna – „Ert þú að hugsa það sama og við?“ – var greinilega einkum hugsað til að höfða til áhyggna fólks af innflytjendamálunum. Það virðist reyndar hafa verið frekar vanhugsað, eða eins og einn lesandi íhaldsblaðsins Times orðaði það í bréfi til blaðsins í gær: „Eftir fjögurra vikna kosningabaráttuæsing er ég enn engu nær um það hvað Michael Howard er að hugsa.“

Svo virðist sem aðeins harðasta kjarna kjósenda Íhaldsflokksins þyki trúverðugur sá boðskapur Howards og hans manna að ný ríkisstjórn íhaldsmanna muni halda betur á efnahagsmálunum en fráfarandi stjórn.

Í niðurstöðum skoðanakannana sem birtar voru í gær vakti eftirtekt að þegar svarendur voru spurðir hvort kosningabaráttan hefði haft áhrif á það hvernig þeir myndu kjósa sagðist aðeins 21 af hundraði að hún hefði gert það. 75 prósent sögðu hana ekki hafa gert það.

Fram kom einnig í gær að utankjörfundaratkvæði greidd í pósti hefðu aldrei verið eins mörg og nú, 6,5 milljónir, en það er hátt í fjórðungur þeirra atkvæða sem greidd voru alls í síðustu kosningum. Hlutfall kjósenda sem ekki höfðu gert upp hug sinn er innan við vika var til kosninga var einnig óvenju hátt, um þriðjungur. Þetta háa hlutfall óákveðinna ýtti jafnframt undir spár um að kjörsókn yrði lítil, sennilega ekki mikið yfir sextíu prósentum.

### Evrópumálin ekki á dagskrá

Athygli vekur að einnig að Evrópumál, sem mikið var rifizt um fyrir kosningarnar 2001, hafa samasem ekkert verið nefnd í opinberri umræðu fyrir þessar kosningar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks Bretlands, sem á nokkra fulltrúa á Evrópuþinginu og berst gegn nánari samvinnu Evrópuríkja, héldu blaðamannafund á þriðjudag þar sem þeir kvörtuðu yfir því að Evrópumál skyldu ekkert hafa komizt á dagskrá í kosningabaráttunni. Fullyrtu þeir að það væru samantekin ráð af stóru flokkunum þremur að þegja um þau að þessu sinni.

Evrópumálin munu þó óhjákvæmilega komast heldur betur á dagskrá brezkra stjórnmála á næstunni. Strax eftir að þjóðaratkvæðagreiðslan í Frakklandi um stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins verður um garð gengin í lok mánaðarins fer af stað umræðan um staðfestingu Breta á sáttmálanum. Síðan tekur Bretland við formennskunni í ESB strax fyrsta júlí og gegnir henni út árið. Skoðanir um stjórnarskrársáttmálann og evruna eru mjög skiptar í Bretlandi og sú rimma sem framundan er um þau mál mun því óhjákvæmilega reynast mikil prófraun fyrir þriðju ríkisstjórn Tony Blair. ■

Opið í dag UPPSTIGNINGARDAG 10.00-18.00 í sunnudagsbúðum

NIÐURSAGAÐ KF LAMBALÆRI

Niðursagað lambalæri
798 kg KR.
20% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.

KJARNAFÆÐI

ORIGINAL BBQ
85 510g KR.

UM 250g PAKKINN
499 KÍLÓVERÐ KR.

Bónus býður betur!

EKKERT BRUDL

HVÍTLAUKSLAX
779 kg KR.
35% afsláttur við kassann
Merkt verð 1198kr.

Hvítlauksmarineraður
LAX Á GRILLIÐ

I. FLOKKS HUMAR
3790 kg KR.
5% afsláttur við kassann
Merkt verð 3990kr.

KÍLÓVERÐ
149 KR.
Kúrbítur
ZUCCHINI

I. FLOKKUR FROSINN
HUMAR
nýveiddur

Ferskir sveppir
ÍSLENSKIR Í LAUSU
399 KÍLÓVERÐ KR.

Villibráðarkryddað læri
899 kg KR.
10% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.

95 350g KR.

KF PESTÓ HELGARSTEIK
1099 kg KR.
Lambasteik
BEINLAUS PESTO

KF FRAMPARTSSNEIÐAR
Pesto rosso
LAMBASNEIÐAR

Hvítlaukur
35 250g KR.

99 200g KR.

STYKKJAVERÐ
19 um 350g KR.

Tilboðin gilda til sunnudags 8. maí eða meðan birgðir endast

PESTO SNEIÐAR
599 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.

Íslenskar
AGÚRKUR

499 BOXIÐ KR.

Villikryddaðar
GRILLSNEIÐAR

KÍLÓVERÐ
175 KR.

kílópakkning
Íslenskir
TÓMATAR

VILLI GRILLSNEIÐAR KF
599 KÍLÓVERÐ KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.

SUNNUDAGSBÚÐIR
Opnum klukkan tíu

EKKERT BRUDL

ERAN/Landlist

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Slysum á ungum börnum hefur snarfækkað á sama tíma og lyfjaneysla þeirra stóreykst.

## Hefur sálin gleymst?

Það er á margan hátt skrítinn veruleiki sem blasir við þegar bornar eru saman upplýsingar um mjög mikla fækkun slysa á íslenskum börnum annars vegar og stóraukna notkun geðlyfja fyrir börn hins vegar. Getur verið að nútíminn búi mjög vel að líkamlegu atlæti barna en gleymi sálinni?

Í nýútkominni ársskýrslu Landspítala – háskólasjúkrahúss kemur fram sú gleðilega staðreynd að alvarlegum umferðarslysum meðal yngstu barna hefur fækkað um 90 prósent. Sú fækkun byggir fyrst og fremst á því að það heyrir sögunni til að börn séu höfð laus í bílum. Þau allra yngstu sitja í bílstólum og hin sem eldri eru nota öryggisbelti. Ekki skiptir minna máli að mjög hefur dregið úr því að foreldrar sendi lítil börn ein út að leika sér og notkun reiðhjólahjálma er orðin mjög útbreidd, en ekki eru mjög mörg ár frá því að slíkir gripir þóttu töluverð sérviska.

Ýmis önnur vitundarvakning hefur orðið undanfarin ár í þá átt að taka meira tillit til barna í umhverfinu. Maður sér til dæmis nánast aldrei fullorðið fólk reykja inni í bílum þar sem börn eru.

Á sama tíma og þessi gleðilega þróun hefur átt sér stað virðist hafa orðin einhver grundvallarbreyting á því hvernig búið er að sálarlífi barna hérlendis.

*Fyrir tæplega tuttugu árum notuðu innan við þrjátíu börn róandi lyfið ritalin hér á landi. Nú eru þau meira en þúsund.*

Fyrir tæplega tuttugu árum notuðu innan við þrjátíu börn róandi lyfið ritalin hér á landi. Nú eru þau meira en þúsund. Það er hrikaleg tala.

Og við erum ekki að tala um einhverja vandræðaunglinga því það er löngu kunn staðreynd í skólakerfinu að vandræðabörn nútímans koma úr hópi yngstu nemendanna. Þessi börn sem taka ritalin daglega eru yngri en fjórtán ára, þar af mjög mörg sex, sjö, eða átta ára gömul.

Hvað veldur? Möguleikarnir eru tveir. Annaðhvort er verið að sjúkdómsgera hegðunarörðugleika og óþekkt eða samfélag okkar er á hraðri leið með að verða fjandsamlegt börnum. Líklegasta skýringin er þó sambland af þessu tvennu.

Í viðtali Fréttablaðsins við Sigurð Guðmundsson landlækni kom fram að greining sjúkdómanna sem ritalin er notað gegn er háð frásögnum þeirra sem standa barninu næst og hann benti á að það getur stundum orðið til þess að börnin eru meðhöndluð þegar rót vandans er hugsanlega hjá foreldrunum.

Foreldrar landsins þurfa að taka þessi orð landlæknis mjög alvarlega, líka þeir sem ekki eiga börn sem taka inn róandi lyf. Það þarf að sinna öllum börnum af áhuga. Þau þurfa tíma og samveru með foreldrum sínum, hvort sem það er yfir námsbókunum, við tómstundir eða bara fyrir framan sjónvarpið. Þetta telur allt. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stóra kanínumálið

Vefritið Deiglan.com helgar vikuna framsóknarmönnum en af því tilefni skrifar deiglupenninn Andri Óttarsson um „stóra kanínumálið" sem hann kallar svo. Hann segir: „Þrátt fyrir að miklar deilur og átök hafi átt sér stað innan Framsóknarflokksins á valdatíma Jónasar [frá Hriflu] er ljóst að á síðustu misserum hafa framsóknarmenn náð mun betri árangri í hvers konar þrasi og innanflokksdeilum. Reyndar hafa menn ekki enn verið settir varanlega af en átökin sjást alls staðar innan flokksins. Í apríl náðu framsóknarmenn síðan ákveðinni „bestun" í þrasi í hinu svokallaða Stóra Kanínumáli."



### Málefnalegt deiluefni

Með „Stóra kanínumálinu" á Andri við gagnrýni Kristins H. Gunnarssonar þingmanns á Félag ungra framsóknarmanna sem auglýstu að á herrakvöldi sínu myndu „nokkrar hressar framsóknarkonur" ganga um beina. Kristinn spurði að því á heimasíðu sinni hvort framsóknarkonurnar yrðu í kanínubúningum. Kristinn sagði að með þessu væri verið að „ýta undir viðhorf sem ganga í berhögg við jafnréttissjónarmið sem flokkurinn vill hafa í heiðri, því sé þetta form á skemmtun óviðeigandi."

Formaður félagsins tók þessari gagnrýni ekki sitjandi heldur kallaði Kristinn H. „Vestfjarðaundrið" í viðtali við DV. Forsvarsmenn herrakvöldsins héldu áfram að munnhöggvast við Kristin og kröfðust meðal annars afsökunarbeiðni af hans hendi.

Andri bendir á í pistli sínum á Deiglunni að jafn málefnalegt deiluefni hafi ekki sést í háa herrans tíð.

### Komið að köllunum að þjóna

Félag ungra framsóknarmanna hefur þó ekki sungið sitt síðasta í „Stóra kanínumálinu" og hefur nú boðað til kvennakvölds þar sem „nokkrir eldhressir framsóknarmenn" munu þjóna konunum til borðs.

Ekki fylgir sögunni hvort þeir muni klæðast kanínubúningum, né heldur hvort framsóknarkonurnar klæddust yfirleitt kanínubúningum á herrakvöldinu. Hins vegar kemur fram í auglýsingunni að karlakvöldið hafi heppnast mjög vel og stefnan sé að láta kvennakvöldið takast enn betur.

sda@frettabladid.is

## Öll vitleysa er eins

Í DAG
VITLEYSA SEM LÍFSSTÍLL



ÞORVALDUR GYLFASON

„Allar hamingjusamar fjölskyldur eru eins, en sérhver óhamingjusöm fjölskylda er óhamingjusöm á sinn einstaka hátt." Á þessum orðum hefst sagan af Önnu Karenínu. Leó Tolstoí skrifaði ekki skáldsögur um hamingjusamt fólk, af því að lífshamingjan er alltaf eins og hefur litla spannvídd og getur því ekki borið uppi heilar bækur. Óhamingjusamt fólk er annað mál. Hver myndi nenna að lesa Önnu Karenínu, ef hún og Vronskí greifi felldu hugi saman á fyrstu síðu og byggju saman í farsælli sátt til æviloka? Og hver myndi nenna að lesa Stríð og frið, ef bókin héti bara Friður? Hvar væri dramað? Enginn friður væri vænlegra bókarheiti.

Vitleysa er öðruvísi en óhamingja, því að öll vitleysa er yfirleitt eins. Þetta á sér einfalda skýringu. Vitleysa, hér á ég í fyrsta lagi við rangar ályktanir stafar iðulega ekki af öðru en vondri dómgreind. Og þegar svo ber við, að léleg dómgreind leiðir menn að rangri niðurstöðu í einu máli, þá leiðir hún þá oft með líku lagi að röngum ályktunum um önnur skyld mál. En dómgreind manna er ekki endilega annaðhvort góð eða vond, hún er misgóð eins og margt annað í mannlífinu. Sumir hafa svo daufa dómgreind, að þeir komast nær ævinlega að rangri niðurstöðu um hagnýt mál: vitleysan verður að lífsstíl, ýmist óvirkum eða virkum eftir atvikum. Aðrir brenna næstum aldrei af. Flestir eru þarna einhvers staðar miðsvæðis.

*En dómgreind manna er ekki endilega annaðhvort góð eða vond, hún er misgóð eins og margt annað í mannlífinu. Sumir hafa svo daufa dómgreind, að þeir komast nær ævinlega að rangri niðurstöðu um hagnýt mál: vitleysan verður að lífsstíl, ýmist óvirkum eða virkum eftir atvikum.*

Hvernig er hægt að greina hafrana frá sauðunum? Með því að taka mið af leiðarsteinum. Tökum dæmi. Ef maður segist hafa séð unga stúlku úr Skagafirði fara akandi á bíl yfir Atlantshafið, þá getur hann yfirhöfuð ekki talizt vera traustur sjónarvottur. Ef maður heldur fyrirlestur í útvarpið til að lýsa aðdáun sinni á öllu því, sem fyrir augu hans bar í Albaníuferð (þetta gerðist í Ríkisútvarpinu fyrir fáeinum áratugum), þá fellur hann með líku lagi á prófinu. Og þá er hægt að leiða líkur að því, að skoðanir sama manns á öðrum hagnýtum málum séu í svipuðum gæðaflokki og opinberun hans í Albaníu. En nú er Albanía á réttri leið.

Það er hægt að hugsa sér ýmsa aðra prófsteina. Þeir, sem halda áfram að lofsyngja stjórnarfarið á Kúbu, þar sem almenningur lepur dauðann úr skel eftir samfellda sigurgöngu Fídels Kastró og félaga síðan 1959, þeir sjá heiminn í svo skökkum hlutföllum, að skoðanir þeirra á öðrum hagnýtum málum virðast líklegar til að draga dám af skekkjunni. Þeir, sem hæla ástandinu í Norður-Kóreu, þar sem Kim Jong Il (hæð: 157 cm) lét myrða hárskerann sinn, af því að honum mislíkaði klippingin, þeir eru bersýnilega úti að aka, a.m.k. í stjórnmálum. Góð dómgreind, Englendingar kalla þetta common sense eða hversdagsvit, lýsir sér m.a. í því, að menn sjá hlutina í skynsamlegum hlutföllum og kunna að greina aðalatriði frá aukaatriðum.

Hugsum okkur nú annan prófstein og ívið þyngri til að greina hafrana frá sauðunum á vettvangi þjóðmálanna. Hafrarnir koma auga á tröllaukna óhagkvæmni og leggjast gegn henni, en sauðirnir ekki: þeir vilja t.d. láta Reykjavíkurflugvöll liggja kyrran á sínum stað og koma með þeirri skoðun sinni upp um það, að þeir bera ekki glöggt skyn á hagkvæmni eða bera a.m.k. ekki mikla virðingu fyrir henni og falla á prófinu. Flugvallarmálið ætti þó að réttu lagi, líkt og viðhorfið til Albaníu í eina tíð, að vera hafið yfir ágreining. Nú er að vísu til fullt af fólki, sem lítur á stjórnmál sem einskæra hagsmunabaráttu og hugsar í fyrsta lagi um eigið skinn og vill hafa flugvöllinn kyrran á sínum stað hvað sem það kostar. Þetta fólk leggur þungar byrðar á samborgara sína og mætti gjarnan beina kröftum sínum í aðrar áttir. Aðeins einn af formönnum þeirra fimm stjórnmálaflokka, sem eiga nú fulltrúa á Alþingi, stenzt flugvallarprófið. Hinir fjórir vilja halda í flugvöllinn og falla.

Skortur á tilhlýðilegum skilningi á þeirri óhagkvæmni, sem lega flugvallarins á rándýru landi í hjarta Reykjavíkur leggur á borgarbúa og þá um leið á landið allt, helzt gjarnan í hendur við ónæmi fyrir illri meðferð fjár á öðrum sviðum. Þeir, sem sjá ekkert athugavert við staðsetningu flugvallarins í hjarta borgarlandsins, telja sumir jafnvel ráðlegt fyrir Íslendinga, og þá nær hagblindan hámarki!, að segja upp samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þrátt fyrir það augljósa hagræði, sem Ísland hefur haft af þeim samningi. Slíkur málflutningur nú minnir óneitanlega á útvarpslesturinn um Albaníu forðum daga: hann er eins og eftirdrunur í logni eftir óveður, sem er löngu liðið hjá. ■







LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
visir


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

AFGREIÐSLUTÍMI:
föstudag.... 9 - 19:30
laugardag.... 10 - 16

*tilboðin gilda til laugardagsins 7.apríl*
*eða á meðan birgðir endast*

# ÍSLENSKIR SUMARDAGAR

## Í FJARÐARKAUPUM 28. APRÍL - 7. MAÍ

## LUKKUPOTTUR FJARÐARKAUPA

Fylltu út lukkumiðann í Fjarðarkaupum eða hlustaðu á Bylgjuna. Dagana 2. - 6. maí verður dregið úr innsendum miðum og hlustendur Bylgjunnar geta freistað gæfunnar með því að svara laufléttum spurningum. Glæsilegir vinningar alla dagana. Dregið verður úr öllum innsendum miðum mánudaginn 9. maí á Bylgjunni.

139- FRÓN KREMKEX

148- FRÓN MATARRKEX

148- FRÓN MJÓLKURKEX

128- FRÓN PÓLÓ

589- MILT FYRIR BARNIÐ 2.6kg.

138- VEX UPPÞVOTTA-LÖGUR m/SKÓGARILMI

138- VEX UPPÞVOTTA-LÖGUR m/SÍTRÓNU

298- LEYSI GEISLI m/DÆLU

279- KS KANILSNÚÐAR 400gr.

89- 89- 89- SVALI 1/4l.: APPELSÍNU, EPLA eða JARÐARBERJA 3stk.

298- KS MUFFINS 400gr.

249- KS HJÓNA-BANDSSÆLA

99- ÍSLENSKIR TÓMATAR 1bakki

89kg- ÍSLENSKAR AGÚRKUR

148- FRISSI APPELSÍNU-SAFI 3 x 250ml.

189- FRISSI BLANDAÐUR ÁVAXTASAFI 2l.

99- 99- 99- 99- BRAZZI: SUÐRÆNN, ANANAS, APPELSÍNU eða EPLA 1l.

149- MÓNU BUFFALÓ BITAR

99- FREYJU STAURAR 2stk.

199- FREYJU HRÍS 200gr.

20% afsláttur við kassa

228- MEÐALSTÓR EGG merkt verð 285-

248- RJÓMA MYSUOSTUR 500gr.

20% afsláttur við kassa

GRILLOSTUR Í SNEIÐUM

877kg- FROSINN LAMBAHRYGGUR

198- KJARNA JARÐARBERJA-GRAUTUR

149- SMYRJA

198- KJARNA SVESKJU-GRAUTUR

49- VIKING PILSNER 500ml.

20% afsláttur við kassa

GRETTIR OSTUR

298- VILKO VÖFFLUR

245- MÖMMU DROTTNINGAR-SULTA

789kg- FROSIÐ LAMBALÆRI

858kg- FK BAYONNE SKINKA

148- STJÖRNUSNAKK SOUR CREAM STJÖRNUR 90gr.

198- STJÖRNUSNAKK PARTY MIX m/PAPRIKU 90gr.

298- KÖTLU SÚKKILAÐI-KÖKUMIX

198- KÖTLU PÖNNU-KÖKUMIX

99- KÖTLU RASP GULLIN BRAUÐMYLSNA

182- E.FINNSSON SERAGLIO SÓSA

349kg- SVÍNABÓGUR ÚR KJÖTBORÐI

858kg- SVÍNAHNAKKI ÚRB. SNEIDDUR ÚR KJÖTBORÐI

698kg- SVÍNAKÓTILETTUR ÚR KJÖTBORÐI

265- E.FINNSSON AIDA SÓSA

265- E.FINNSSON CARMEN SÓSA

FJARÐARKAUP
*ekki bara verð!*

# Sekur uns sakleysi er sannað

**UMRÆÐAN**
BREYTT FJARSKIPTALÖG



**HRAFNKELL DANÍELSSON**
TÖLVUNÖRD

Breytingar á fjarskiptalögum sem eru í umræðu á alþingi um þessar mundir gera það að verkum að hver sá sem notar síma eða internetið er fyrirfram sakaður um að gera það í glæpsamlegum tilgangi uns annað er sannað.

Annað er varla hægt að lesa út úr þessari grein í frumvarpinu sem nú er í samgöngunefnd og kemur fljótlega til annarrar umræðu og síðan til atkvæðagreiðslu sem lög frá alþingi, en hún hljóðar svona: „7. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna: a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu fjarskiptafyrirtæki, í þágu rannsókna opinberra mála og almannaöryggis, varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í eitt ár. Lágmarksskráningin skal tryggja að fjarskiptafyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notendanafns, jafnframt því að upplýsa um allar tengingar sem notandinn hefur gert, tímasetningar þeirra, tímalengd, hverjum var tengst, magn gagnaflutnings hvort sem er til eða frá viðkomandi notanda.“

Persónuvernd hefur komist að þeirri niðurstöðu eftir að hafa farið yfir frumvarpið að það stríði gegn meginreglu um rannsókn opinberra mála og samrýmist ekki meðalhófssjónarmiðum að lögregla geti án dómsúrskurðar fengið upplýsingar um hver eigi tiltekið símanúmer og/eða hver noti tiltekna IP-tölu. Hafi lögregla vitneskju um tiltekna IP-tölu sé auðvelt fyrir hana að rekja allar tengingar við heimasíður og fylgjast þannig með einkalífi viðkomandi. Þá verði að tryggja samræmi milli laga um meðferð opinberra mála og laga um fjarskipti en samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála þurfi dómsúrskurð. Ef það er einbeittur vilji stjórnvalda að njósna um þegna sína á þann hátt sem tilgreint er í frumvarpinu, af hverju þá ekki að ganga alla leið og koma upp her í landinu og setja á einræðisstjórn?

Einnig er einkennileg sú þögn sem hefur verið í fjölmiðlum um þetta frumvarp, en þarna hefðu fjölmiðlar átt að taka af skarið og upplýsa almenning. Nær væri að bera þetta saman við lönd eins og Kína og Norður-Kóreu þar sem þjóðin er undir járnhæl einræðisherra sem fara sínu fram á kostnað mannréttinda og einstaklingsfrelsis. Getur það verið að það sé fullur vilji þings og þjóðar að stjórnvöld geti safnað upplýsingum um einstaka þegna og haldið skrár um þá án þess að fá til þess heimildir hjá dómara eins og lögin kveða á um núna? Er fólki svo nákvæmlega sama þó stjórnvöld og lögregluyfirvöld skrái og safni upplýsingum um ferðir einstaklinga á internetinu í smáatriðum? Ekki bara hvaða vistfang viðkomandi aðili hefur, heldur hvað hann er lengi tengdur og hvaða heimasíður hann fer á, hvað hann skoðar og hvað hann sækir af því efni sem er í boði á netinu? Stendur fólki virkilega á sama? Eina leiðin til að koma í veg fyrir svona ólög er að fjölmiðlar taki sig á og fari að leggja áherslu á að stjórnvöldum verði veitt hart aðhald í málum sem þessum. ■

# Frakkar og stjórnarskrá ESB

**UMRÆÐAN**
ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLA Í FRAKKLANDI



**HJÖRTUR J. GUÐMUNDSSON**
STJÓRNARMAÐUR Í HEIMSSÝN

Þjóðaratkvæðagreiðslan í Frakklandi í lok þessa mánaðar, um fyrirhugaða stjórnarskrá Evrópusambandsins, hefur verið mikið í fréttum undanfarna mánuði. Þegar Jacques Chirac, Frakklandsforseti, ákvað að setja málið í þjóðaratkvæði á sínum tíma bentu skoðanakannanir til þess að yfirgnæfandi meirihluti Frakka væri hlynntur stjórnarskránni. Chirac taldi sig því ekki vera að taka neina áhættu, en hann styður sem kunnugt er samþykkt stjórnarskrárinnar.

Síðan tók að saxast á það forskot og undanfarið hafa flestar kannanir sýnt fram á að meirihluti sé andvígur henni. Ljóst er að enn getur allt gerzt í þeim efnum þar til þjóðaratkvæðið fer fram þann 29. maí næstkomandi. Stjórnarskrá Evrópusambandsins þarf að hljóta samþykki allra aðildarríkja sambandsins til að taka gildi, þá annað hvort með þjóðaratkvæði eða í gegnum viðkomandi þjóðþing. Þegar hefur eitt aðildarríki Evrópusambandsins samþykkt stjórnarskrána í þjóðaratkvæði, Spánn, og fjögur í gegnum þjóðþing sín, Ítalía, Litháen, Slóvenía og Ungverjaland. Samanlagt er gert ráð fyrir að þjóðaratkvæðagreiðslur muni fara fram um stjórnarskrána í að minnsta kosti níu af aðildarríkjum Evrópusambandsins. Auk Frakklands og Spánar er um að ræða Bretland, Danmörku, Holland, Pólland, Lúxemburg, Portúgal, Írland og hugsanlega Tékkland. Bretar eru taldir líklegastir til að hafna stjórnarskránni, en skoðanakannanir þar í landi hafa ítrekað sýnt fram á að meirihluti þeirra sem afstöðu taka til málsins séu andvígir henni. Líklegt er einnig talið að Danir hafni stjórnarskránni þann 27. september næstkomandi, en mjótt er á mununum í Danmörku samkvæmt könnunum. Ennfremur er talið hugsanlegt að Hollendingar kunni að hafna stjórnarskránni og jafnvel Pólverjar.

Fari svo að eitthvert aðildarríkja Evrópusambandsins hafni stjórnarskránni þýðir það í raun að hún er úr sögunni. Litlar líkur eru þó taldar á að sú verði raunin. Forystumenn sambandsins hafa margoft lýst því yfir að tryggja verði að stjórnarskráin taki gildi með einum eða öðrum hætti jafnvel þótt eitt eða fleiri aðildarríki hafni henni. Hvernig nákvæmlega er hins vegar ekki ljóst en ýmislegt hefur þó verið nefnt í því sambandi. Meðal annars hafa margir forystumenn Evrópusambandsins talað alvarlega um að þau aðildarríki, sem höfnuðu stjórnarskránni, yrðu að yfirgefa sambandið. Annað kann þó að verða uppi á teningnum ef Frakkar gerðu það enda ekki aðeins ein stærsta þjóð Evrópusambandsins heldur einnig ein stofnþjóða þess.

Um þetta og fleira verður fjallað á opnum fundi sem Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum, efnir til laugardaginn 7. maí næstkomandi á Grand Hóteli undir yfirskriftinni „Hvað er að gerast í Evrópusambandinu?“ Einnig verður fjallað um Noreg og Evrópusambandið, en sérstakur gestur fundarins verður Jo Stein Moen, einn af forystumönnum ungliðahreyfingar norska Verkamannaflokksins. Nánar er fjallað um fundinn á heimasíðu Heimssýnar á vefslóðinni http://www.heimssyn.is. ■




## AF NETINU

### Gætir Heimdallur ekki Bifrastar?

Nú hefur skóli sem kallar sig Viðskiptaháskólann á Bifröst gert samning við Framsóknarflokkinn um að stofna stöðu prófessors í samvinnufræðumí í nafni Jónasar Jónssonar frá Hriflu. [...] Þessi skóli hét lengst af Samvinnuskólinn og eins og sjá má á ferilsskrám margra framsóknarmanna sem hafa látið að sér kveða í stjórnmálum hefur hann verið nýttur sem uppeldisstöð fyrir Framsóknarflokkinn. Í seinni tíð hefur skólinn hins vegar markvisst reynt að breyta um ímynd og gekk meira að segja svo langt að breyta um nafn, sem var mörgum framsóknarmanninum þvert um geð. Nú virðist skólinn hins vegar sjá sóknarfæri í þessari vafasömu fortíð sinni og tekur upp samstarf við Framsóknarflokkinn um kennslu í skólanum.

**andriki.is**

### Einskis metin umhyggja

Á Íslandi í dag fæst fólk varla til að vinna lengur við umönnun þar sem vitað er að þú getur tryggt þér hærri laun við að steikja hamborgara eða vinna á kassa í einhverri verslunarmiðstöð. Í hverri viku má sjá atvinnuauglýsingar frá elliheimilum, dagvistum, sambýlum og leikskólum. Allar þessar stofnanir eiga það sammerkt að innan veggja þeirra fer fram þjónusta og hjúkrun. Eitthvað sem er til einskis metið hér á landi sé horft til launanna. Verðmæti mannssálar er ekki hið sama og verðmæti gullpokans í bankanum eða talna á skjá í verðbréfastofnunum.

**politik.is**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilin er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Vont frumvarp um Ríkisútvarpið

**UMRÆÐAN**
LAGAFRUMVARP
UM RÚV



**JÓN ÁSGEIR SIGURÐSSON**
ÚTVARPSMAÐUR

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa Ríkisútvarpið í bóndabeygju, það má sig hvergi hræra – en útvarpsstjóri er enginn saklaus leiksoppur stjórnmálanna. Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri er harðánægður með fyrirliggjandi frumvarp til laga um Ríkisútvarpið og vill láta samþykkja það tafarlaust. Nái frumvarpið fram að ganga eflast völd útvarpsstjóra um allan helming. Pétur Blöndal þingmaður Sjálfstæðisflokks, sem segir iðulega það sem aðrir meina, sagði í umræðum um frumvarpið: Hvernig í ósköpunum sjá menn fyrir sér kerfi þar sem útvarpsstjóri yrði ráðinn án þess að pólitík kæmi nálægt? Höfuðtilgangur frumvarpsins um RÚV er líkt og Pétur gefur í skyn, að efla og treysta pólitískt vald yfir því. Um það vottaði einnig Ásta Möller þingmaður Sjálfstæðisflokks: Uppákoma eins og fréttastjóramálið væri óhugsandi í einkafyrirtæki í dag og ólíklegt að hún ætti sér stað – eftir að frumvarp um RÚV verður að lögum. Aðrir þingmenn sögðu að drottnun ríkisstjórnarmeirihlutans verði geirnegld og dregið úr gagnsæi í stjórnsýslu Ríkisútvarpsins. Réttilega var bent á að kreppa hafi lengi ríkt milli pólitískrar yfirstjórnar og almennra starfsmanna hjá RÚV, sem kristallaðist í fréttastjóramálinu margumtalaða. Ný lög munu herða hið pólitíska kverkatak.

### Starfsmenn og sumir starfsmenn

Í því skyni að lina tök ríkisstjórnarmeirihluta og greiða fyrir faglegri rekstri, vilja margir þingmenn að fulltrúar starfsmanna fái aðild að yfirstjórn RÚV. Ekki hreifst menntamálaráðherra af þeirri hugmynd, hún kvaðst telja óeðlilegt að starfsmenn hefðu eftirlit með sjálfum sér. Einnig væri ljóst af uppákomu síðustu vikna að það væri ekki farsælt að draga starfsmenn inn í stjórn RÚV. Hinsvegar munu pólitískt skipaðir stjórnendur RÚV hafa eftirlit með sjálfum sér, því breyta skal rekstrarforminu í hlutafélagslíki sem nefnist sameignarfélag. Ný lög eiga að fría yfirstjórnina öllum „uppákomum“ í framtíðinni. Við umræðulok kvaðst ráðherrann full efasemda um að almenn pólitísk sátt næðist um Ríkisútvarpið.

### Sjálfstæði pólitíkusa aukið

Hver er tilgangur frumvarpsins ef marka má orð Markúsar Arnar útvarpsstjóra? Ekki að skýra hlutverk þess, því að í þeim efnum er „engu slakað á frá því sem nú er“ segir útvarpsstjóri í Morgunblaðsgrein. Ekki að treysta sjálfstæði RÚV gagnvart hinu pólitíska valdi, enda allt í góðu lagi frá sjónarmiði handlangarans. Tilgangurinn er samkvæmt umfjöllun útvarpsstjóra að auðvelda tækniframfarir og tryggja nægar tekjur. Og auðvitað að efla hið pólitíska húsbóndavald. Um allan heim vilja menn að almannaútvarp sé vel skilgreint, vel fjármagnað og umfram allt – starfi sjálfstætt. En það sjálfstæði sem verið er að færa yfirstjórn RÚV jafnast á engan hátt við slíkt fyrirkomulag. Hér er verið að efla pólitísk ítök og þarmeð takmarka sem vera má sjálfstæði Ríkisútvarpsins og möguleika þess að starfa í friði fyrir pólitískri íhlutun. Frumvarpið um Ríkisútvarpið færir þjóðinni ekki öflugt, vel rekið og sjálfstætt almannaútvarp sem þjónar eigendunum eftir bestu getu. ■

## Fordómar og vanþekking

**PÉTUR EIRÍKSSON**
SKRIFAR UM FORDÓMA

Þorvaldur Gylfason, prófessor, skrifaði grein í Fréttablaðið 28. apríl sem svo uppfull var af fordómum, sleggjudómum og vanþekkingu að það þarf að leita í greinar annars prófessors við Háskóla Íslands til að finna hliðstæðu.

Prófessorinn ber saman stjórnmálaástand í kristnum ríkjum og í ríkjum múslima. Telur prófessorinn að kristni stuðli að friðsæld en islam að einræði. Greinilega hefur prófessorinn annaðhvort gleymt þeirri sögukennslu sem hann hlýtur að hafa fengið í skóla eða hann kýs að gleyma henni til að rökstyðja fullyrðingar sínar. Væntanlega telur hann að krossferðir á miðöldum hafi verið farnar af múslimum á hendur kristnum mönnum en ekki öfugt. Væntanlega hafa svört þrælmenni flykkst til Ameríku á 300 ára tímbili til að leggja drottins eigið land undir sig. Það hlýtur að vera megnasta söguföIsun að kristnir Evrópubúar hafi stundað þrælaveiðar og verslun. Að sjálfsögðu er það rógburður og argasta lygi að hið lýðræðislega og kristna Bretaveldi hafi háð stríð við Kínverja þegar þeir síðarnefndu reyndu að stemma stigu við ópíuminnflutningi í Kína. Auðvitað átti einungis að kenna fákunnandi Kínverjum kristið lýðræði. Auðvitað voru það ekki hagsmunir hinna kristilegu bresku kaupmanna sem verið var að vernda með þessu stríði. Auðvitað voru það kristileg og lýðræðisleg sjónarmið sem stjórnuðu aðgerðum Bandaríkjastjórnar við að útrýma Indíánum eftir bestu getu. Þeir voru jú fæstir kristnir og alls ekki lýðræðislegir. Auðvitað voru það ekki kristnir Þjóðverjar sem á síðustu öld tóku sig til og reyndu að útrýma Gyðingum. Þvílíkur rógur um kristna þjóð! Auðvitað eru það ekki hinir bænheitu Bandaríkjamenn sem með viljuga bandamenn sína í eftirdragi standa fyrir friðunaraðgerðum í Írak. Auðvitað gættu Davíð og Dóri að því að virða allar hefðir kristni og lýðræðis þegar þeir drógu Íslendinga í árásarstríð. Auðvelt væri að fylla heilt eintak af Fréttablaðinu af hliðstæðum dæmum.

Ég er ekki múslimi en ég virði þau trúarbrögð eins og önnur og ég ætlast til að prófessor við Háskóla Íslands hafi hemil á fordómum sínum og hugsi sig ögn um áður en hann veður næst fram á ritvöllinn.

*Höfundur er hagfræðingur og sagnfræðinemi við Háskóla Íslands.*

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu á sunnudaginn var sagt að ný göng sem til stendur að gera milli Straumeyjar og Sandeyjar í Færeyjum myndu kosta um 60 milljarða króna. Það er ekki rétt. Áætlað er að göngin kosti um 6 milljarða króna.




PATHFINDER FYRIR SÖGUFÓLK

Nissan Pathfinder er loksins kominn aftur. Hann er stór, öflug og einstaklega þægileg afsökun fyrir því að drífa sig á vit ævintýranna. Hestöflin eru á sínum stað, togið ótrúlegt og frágangurinn frábær. Hönnunin er hins vegar ný og betri en nokkru sinni. Pathfinder á að okkar mati fáa keppinauta – kannski engan.

SKIPT_um landslag

Fiton/SÍA

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100 | Eyrarlandi 1, 530 Hvammstanga, 451-2230 | Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141 | Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808 | Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376 | Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990 | Búðareyri 33, 730 Reyðarfjörður, 474-1453 | Sindragötu 3, 400 Ísafjörður, 456-4540 | Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960

# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.048 **-0,67%**

**Fjöldi viðskipta:** 373
**Velta:** 5.200 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Nýherji** | +0,80% | **Hampiðjan** | -2,99% |
| **Atorka** | +0,17% | **Bakkavör** | -2,02% |
| | | **Burðarás** | -1,43% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 39,70 -0,50% ... Atorka 6,06 +0,20% ... Bakkavör 34,00 -2,02% ... Burðarás 13,80 -1,40%... FL Group 14,30 -0,30% ... Flaga 5,25 -0,90% ... Íslandsbanki 13,45 -0,40% ... KB banki 537 -0,70% ... Kögun 62,40 -0,2% ... Landsbankinn 16,30 – ... Marel 55,50 -... Og fjarskipti 4,15 -1,20% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,85 -1,30% ... Össur 80,50 -

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

### Huldukonur í Símann

Athygli þeirra sem fylgjast með viðskiptalífinu hefur einkum beinst að stóru aðilunum sem hugsanlega bjóða í Símann. Upp á síðkastið hefur athyglin beinst að smærri fjárfestum sem líklegir eru til þess að reyna að fara með þeim stóru í fjárfestingar. Mesta athygli smærri hópa hefur Agnesarhópurinn vakið, sem er grasrótarhópur sem vill komast að borðinu.
Annar hópur hefur orðið áberandi í umræðunni, en það er kvennahópur sem hyggst bjóða í Símann. Þetta eru mestanpart huldukonur og ýmsum nöfnum verið velt upp. Oftast heyrist nefnt nafn Áslaugar Magnúsdóttur, forstöðumanns breskra fjárfestinga Baugs. Hún er vel menntuð og hefur mikla reynslu af stórum fjárfestingarverkefnum og ætti því ekki að verða skotaskuld úr því að greina eins og einn íslenskan Síma. Konur hafa verið að sækja fram í viðskiptalífinu og ýmsum þætti gaman ef þær hefðu strákana í þessum slag.




### Bónus fyrir Carlsberg

Það eru ekki bara áhangendur knattspyrnuliða og liðin sjálf sem kætast þegar vel gengur. Í hálffimmfréttum KB banka er sagt frá því að bjórframleiðandinn Carlsberg hafi ávinning af sigri Liverpool á Chelsea. Carlsberg er með vörumerkið sitt kirfilega skráð á peysur Liverpool og gott gengi þýðir að vörumerkið mun ná til 500 milljón knattspyrnu- og bjórþyrstra karla og kvenna þegar liðið leikur til úrslita í Istanbúl. Fimmtíu milljónunum sem varið var í merkingar á Liverpool-treyjunum hefur því verið vel varið.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

... **Seðlabanki Evrópu** ákvað að halda stýrivöxtum óbreyttum í gær. **Seðlabanki Bandaríkjanna** hækkaði hins vegar vexti um 0,25 prósentustig í fyrrakvöld. Stýrivextir í Bandaríkjunum eru nú þrjú prósent en tvö prósent á Evrusvæðinu.

... Ráðherrar ríkja **Heimsviðskiptastofnunarinnar** (WTO) hafa náð samkomulagi um hvernig reikna eigi tolla. Ágreiningur um það hefur tafið viðræður um hvernig beri að standa að því að draga úr tollum í heimsviðskiptum.

... Erlend hlutabréfakaup innlendra aðila drógust saman um 1,5 milljarða í mars miðað við sama mánuð í fyrra. Þau námu 3,6 milljörðum króna.




FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**TAP STERLINGS MINNKAR** Sterling, sem er í eigu sömu aðila og eiga Iceland Express, tapaði á fimmta hundrað milljóna króna á síðasta ársfjórðungi. Tapið er fjórðungi minna en fyrstu mánuðina 2004.

# Áframhaldandi tap

**Sterling birtir afkomutölur. Félagið tapar minna en í fyrra.**

Danska lággjaldaflugfélagið Sterling, sem er að mestu í eigu eignarhaldsfélagsins Fons, félags Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, skýrði frá því í gær að það hefði tapað 460 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi. Það er um 200 milljónum betri afkoma en á sama tíma í fyrra. Var greint frá þessu í tilkynningu til Börsen, dönsku kauphallarinnar.

Tekjur Sterlings námu yfir 3,7 milljörðum króna og hækkuðu um fjórðung frá fyrra ári. Einnig fjölgaði farþegum um fjórðung.

„Fyrsti ársfjórðungur sýnir að jafnaði tap, enda er hann rólegur árstími,“ segir Stefan Vilner, fjármálastjóri Sterling.

Einnig tilkynnti félagið að Almar Örn Hilmarsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, hefði verið ráðinn til starfa hjá Sterling sem forstjóri. Almar, sem er lögfræðingur að mennt, mun einnig sinna stöðu framkvæmdastjóra íslenska flugfélagsins fyrst um sinn.

Sterling flýgur frá Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Osló til fjölmargra áfangastaða í Evrópu.

- eþa

# Agnes og Orri fá afhent útboðsgögn um Símann

**Einkavæðingarnefnd varð ekki við óskum Almennings um lengri frest og afhendingu útboðsgagna. Margir fjárfestar, bæði innlendir og erlendir, eru áhugasamir um samstarf en Agnes segir ekki ákveðið með hverjum Almenningur geri tilboð.**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**EINKAVÆÐINGARNEFND VARÐ EKKI VIÐ ÓSKUM ALMENNINGS** Agnes Bragadóttir og Orri Vigfússon.

Agnes Bragadóttir og Orri Vigfússon ætla að skrifa undir trúnaðarsamning til að fá útboðsgögn um Símann afhent. Þau hafa því aðgang að útboðsgögnunum en ekki einstakir umbjóðendur þeirra. Agnes segir útboðsgögnin nauðsynleg til að uppfylla kröfur Fjármálaeftirlitsins.

Almenningur ehf. fór fram á afhendingu gagna til að geta gengið frá útboðslýsingu og að framlengja frest til að skila inn tilboði. Einkavæðingarnefnd taldi ekki hægt að verða við þessum óskum.

Söluferli Símans krefts þess að þeir sem fá útboðsgögn Morgan Stanley skrifi undir trúnaðareið. Forsvarsmenn Almennings ehf. höfðu áður neitað að skrifa undir slíkt, enda bindur það hendur þeirra við að upplýsa væntanlega hluthafa um rekstur Símans, áform og aðstæður. Slíkt stangast á við lög um verðbréfaviðskipti sem kveða á um að upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum svo þeir geti metið fjárfestingu sína verði að koma fram í útboðslýsingu.

Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, sagði mikilvægt að söluferlið væri trúverðugt og að sömu reglur giltu fyrir alla. „Okkur er beinlínis óheimilt að aðstoða einhverja hópa umfram aðra.“

Jón bendir á að nú þegar séu hlutafélög með þúsundir hluthafa meðal þeirra sem hafi sýnt Símanum áhuga. Þess vegna sé Almenningur ekki eini hópurinn sem margir standi að. „Við verðum að gæta þess að allir sitji við sama borð.“

Almenningur óskaði einnig eftir að fresturinn til að skila inn óbindandi tilboði yrði lengdur en Jón telur frestinn hafa verið mjög rúman. Hann bendir á að fresturinn hafi verið lengdur nokkuð til að koma til móts við óskir Almennings.

Þrátt fyrir að hafa ekki fengið frest eins og Almenningur óskaði eftir er Agnes staðráðin í að klára ferlið á tilsettum tíma.

Agnes segir marga fjárfesta áhugasama um að fá Almenning til samstarfs og félagið sé enn að ræða við mismunandi fjárfesta, bæði innlenda og erlenda. Almenningur hafi ekki enn ákveðið með hverjum hópurinn vilji starfa.

Jón segir tilboðin sem berist fyrir 17. maí ekki vera bindandi og að eftir þann tíma gefist tími til að mynda hóp áður en bindandi kauptilboði sé skilað inn.

dogg@frettabladid.is




# Ný stjórn Samtaka atvinnulífsins

Nýja stjórn Samtaka atvinnulífsins skipa: Ingimundur Sigurpálsson, formaður, forstjóri Íslandspóst, Arnar Sigurmundsson, Samtökum fiskvinnslustöðva, Björgólfur Jóhannsson, Síldarvinnslunni, Brynjólfur Bjarnason, Landssíma Íslands, Eiríkur Tómasson, Þorbjörn-Fiskanes, Friðrik Jón Arngrímsson, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Gunnar Sverrisson, Íslenskum aðalverktökum, Grímur Sæmundsen, Bláa lóninu, Guðmundur Ásgeirsson, Nesskipi, Hreiðar Már Sigurðsson, KB banka, Hjörleifur Jakobsson, Olíufélaginu, Hrund Rudolfsdóttir, Lyf og heilsu, Jens Pétur Jóhannsson, Rafmagnsverkstæði Jens Péturs, Kristín Jóhannesdóttir, Baugi Group, Loftur Árnason, Ístaki, Óskar Magnússon, Tryggingamiðstöðinni ,Ragnhildur Geirsdóttir, FL Group, Rannveig Rist, Alcan á Íslandi, Sveinn Hannesson, Samtökum iðnaðarins, Þorgeir Baldursson, Prentsmiðjunni Odda og Vilmundur Jósefsson, Gæðafæði.

- dh



**FRÁ AÐALFUNDI SA** Hrund Rudolfsdóttir og Brynjólfur Bjarnason.

# Aldrei meiri innflutningur

**Vörugámar streyma til landsins.**

Landsmenn fluttu inn vörur fyrir tæpa 58 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum þessa árs. Jafngildir það að vörur fyrir um 647 milljónir króna voru fluttar til landsins á hverjum degi. Er þetta aukning um 22 prósent eða 10,5 milljarða á milli ára. Sé horft til ársins 1995 hefur innflutningur aldrei verið meiri fyrstu þrjá mánuði ársins.

Mest varð aukning í innflutningi á flutningatækjum, um tæp fimmtíu prósent, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Fyrstu þrjá mánuði ársins voru fluttar út vörur fyrir 46,7 milljarða króna. Sjávarafurðir voru 61 prósent alls útflutnings og var verðmæti þeirra nær hið sama og á sama tíma árið áður. Útfluttar iðnaðarvörur voru 35 prósent alls útflutnings.

Halli á vöruskiptunum við útlönd nam 11,6 milljörðum króna fyrstu þrjá mánuði ársins en á sama tíma í fyrra voru þau óhagstæð um 0,5 milljarða. Vöruskiptajöfnuðurinn var því 11,1 milljarði króna lakari en á sama tíma árið áður.

- bg



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**DETTIFOSS MEÐ FULLFERMI** Dettifoss kom til hafnar í Sundahöfn í gærmorgun drekkhlaðinn gámum. Svo virtist sem ekki væri pláss fyrir einn gám í viðbót.

# Sæplast í tvö félög

Félög Sæplasts sem eru ekki í umbreytingaferli hafa verið sett í sérstakt félag, Promens. Í rekstri Sæplasts verður því lögð áhersla á að ljúka umbreytingarferli sem dótturfélögin eru í. Í Promens verður lögð áhersla á sókn á nýja markaði, aukið vöruframboð og stækkun rekstrareininga. Jafnframt er stefnt að kaupum á fyrirtækjum. „Við teljum að með þessu skapist auknir möguleikar til vaxtar og eflingar Promens. Jafnframt verða skýrari áherslur um að snúa rekstri fyrirtækjanna í Sæplasti við ,“ segir Geir A. Gunnlaugsson, forstjóri Sæplasts.

- dh



**ÁFRAMHALDANDI ÚTRÁS** Íslendingar sjá viðskiptatækifæri í Litháen.

# Litháen lokkar

Viðskiptatækifæri í Litháen voru kynnt á morgunverðarfundi Útflutningsráðs í samvinnu við Verslunarráð Íslands, Euro Info-skrifstofuna og sendiráð Litháens í Danmörku. Með inngöngu Litháens í Evrópusambandið fyrir réttu ári hafa opnast enn frekari möguleikar til útrásar íslenskra fyrirtækja á þann markað.

Sigurður Ívarsson, framkvæmdastjóri Litís, sagði frá reynslu af viðskiptum í Litháen en Litís rekur apótekakeðju í Litháen. Einnig töluðu fulltrúar frá Litháen og kynntu viðskipta- og fjárfestingarumhverfi í Litháen.

- dh

# Engir vextir greiddir

Verslanir og þjónustufyrirtæki fá ekki reiknaða vexti á peninga sem lagðir eru inn með rafrænum hætti um helgar eða þegar bankar eru lokaðir samkvæmt upplýsingum frá Samtökum verslunar og þjónustu (SVÞ).

SVÞ segir að fyrirtæki og einstaklingar þurfi hins vegar að greiða bönkunum vexti vegna lána eða yfirdráttar þessa daga. Rafræn innlegg frá innlendri verslun nemi að meðaltali tæpum 400 milljónum króna á dag alla daga ársins. Því skipti máli að þessi peningar beri vexti. Bankar og sparisjóðir eigi ekki þessa peninga.

- bg

# Hlutabréfin skila hagnaði

TM birtir uppgjör fyrsta ársfjórðungs á morgun. Meðaltalsspá bankanna eru tæpir 1.300 milljónir. Afkoma af vátryggingarstarfsemi hefur verið slök að undanförnu en á móti kemur að ávöxtun hlutabréfa hefur verið góð. Spár bankanna gera því ráð fyrir að líkt og áður vegi gengishagnaður þungt en til viðbótar koma arðgreiðslu á fyrsta ársfjórðungi.



- dh

**SPÁ UM HAGNAÐ TM**
**– í milljónum króna**

| | |
|---|---|
| Íslandsbanki | 1.215 |
| Landsbanki | 1.375 |
| KB banki | 1.290 |





**NAPOLEON BONAPARTE** (1769-1821) lést þennan dag.

*„Menn berjast harðar fyrir hagsmunum sínum en réttindum.“*

***Napoleon Bonaparte var leiðtogi Frakklands í tuttugu ár og útnefndi sjálfan sig keisara. Hann dó í útlegð á eyjunni Saint Helenu.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Bobby Sands deyr úr hungri*

Hinn írsk-kaþólski hryðjuverkamaður Bobby Sands dó eftir 66 daga hungurverkfall í Maze fangelsinu suður af Belfast árið 1981. Í kjölfarið fylgdu miklar óeirðir á götum Belfast þegar kom til uppgjörs milli ungra írsk-kaþólskra ófriðarseggja og bresku herlögreglunnar.

Sands var að mótmæla breytingum á lögum um meðferð á írskum hryðjuverkamönnum sem töldust eftir hana til ótýndra glæpamanna en ekki til pólitískra fanga líkt og áður. Sands hafði eytt stórum hluta ævi sinnar í fangelsi. Fyrst árið 1972 þegar hann dvaldi í fjögur ár í frjálslegu fangelsi. Síðar var hann dæmdur í 14 ára fangelsi fyrir aðild að hryðjuverkum írska lýðveldishersins IRA. Þá hafði lögum um meðferð hryðjuverkamanna verið breytt og upphófust mikil mótmæli meðal IRA-liða sem kröfðust þess að fá aftur hlunnindi sem þeir höfðu áður notið.

Eftir að Bobby Sands hóf hungurverkfall bættust margir í hópinn. Það stóð fram í október og hafði þá dregið níu til viðbótar til dauða.



**5. MAÍ 1981**

## MERKISATBURÐIR

**1639** Brynjólfur Sveinsson er vígður Skálholtsbiskup.

**1945** Guðmundur Kamban rithöfundur er skotinn til bana í Kaupmannahöfn.

**1951** Flugvél sem hafði verið á kafi í snjó á Vatnajökli í heilan vetur lendir í Reykjavík.

**1961** Alan Shepard er fyrsti Bandaríkjamaðurinn til að fara út í geim.

**1970** Eldgos hefst í Heklu

**2000** Össur Skarphéðinsson er kjörinn formaður Samfylkingarinnar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.




†

*Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Kr. Guðmundsson**

málari,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 28. apríl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hjördís B. Jónsdóttir, Óli Ómar Ólafsson,**
**Jón Kr. Ólason,**
**Lilja Margrét Óladóttir,**
**Ólöf Ósk Óladóttir**
**og fjölskyldur.**





†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Jónsson**

lyfjafræðingur, Þorragötu 9, Reykjavík,

lést á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, Fossvogi, þriðjudag 3. maí. Þeim sem vildu minnast hans er vinsamlega bent á líknarstofnanir.

Útförin verður auglýst síðar.

**Guðlaug Ágústa Hannesdóttir**
**Jón Sigurðsson** **Una Eyþórsdóttir**
**Hannes Sigurðsson** **Sesselja Guðmundsdóttir**
**Ólöf Guðrún Sigurðardóttir**
**Albert Páll Sigurðsson** **Rannveig Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**





†

*Elskulegur sambýlismaður minn og faðir okkar,*

**Aðalsteinn Grétar Guðmundsson**

Aðalstræti 71a, Patreksfirði,

sem lést sunnudaginn 1. maí 2005 verður jarðsunginn frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 7. maí kl. 13.00.

**Guðbjört (Stella) Ásgeirsdóttir**
**Ólöf H. Aðalsteinsdóttir** **Bjarni H. Sigurjónsson**
**Sturla Aðalsteinsson** **Hólmfríður Sigurðardóttir**
**Ólafur G. Aðalsteinsson** **Martha Eklund,**
**Guðmundur Aðalsteinsson** **Brynja Árnadóttir**
**Sigurósk R. Aðalsteinsdóttir**
**Sigríður K. Aðalsteinsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**




**MIKIÐ FYRIR AFMÆLI** Pétur Þorsteinsson mun taka á móti vinum og vandamönnum í safnaraðheimili Seltjarnarness í dag með rúmlega tólftanna brosi.

TÍMAMÓT: PÉTUR ÞORSTEINSSON PRESTUR ÓHÁÐA SAFNAÐARINS 50 ÁRA

# Smettissmér vel þegið

„Ég er mikið fyrir afmæli og yrði útrekinn úr fjölskyldunni ef ég héldi ekki afmælishátíð,“ segir Pétur Þorsteinsson prestur í Óháða söfnuðinum sem reynir alltaf að finna upp á einhverju frumlegu. „Þegar ég varð 45 ára fór ég með liðið í siglingu um sundin blá og hafði veisluna þar á sjó úti. Það verður erfitt að toppa það,“ segir Pétur sem ætlar að bjóða vinum og vandamönnum til veislu í félagsheimili Seltjarnarness í dag. Veislan verður haldin eins og Pétur orðar það, „frá fimm í fimm og framúr, á fimmta, fimmta, fimm.“

Pétur segir fólk ekki þurfa að koma með neitt með sér nema nærveruna. „Hins vegar væri smettissmér vel þegið til að fylla upp í hrukkurnar,“ segir Pétur sem hefur gert töluvert af því að búa til nýyrði í gegnum tíðina. Kallar hann málið pétrísku og hefur meðal annars verið gefin út pétrísk-íslensk orðabók en ágóði hennar rennur til kristilegs félags heilbrigðisstétta. Meðal orða í bókinni góðu er „túrtappi“ sem samkvæmt pétrísku þýðir mjög lágvaxinn alkóhólisti.

Nú er Pétur að huga að næstu útgáfu orðabókarinnar og mun þar meðal annars birtast orðið „tólftennur“ sem hann kallar evrópustaðalinn á brosi sem skal sýna öðru fólki. Pétur ætlar einmitt að taka á móti gestum sínum í dag með rúmlega tólftanna brosi.

Pétur er mikill útiverumaður. Hann fer í eina góða bakpokaferð á hverju ári og ætlar í sumar að ganga Öskjuveginn, fara að Herðubreiðarlindum, í Drekagil og synda í Víti. Hann segir ágætt að fá smá smakk, því þótt hann búist nú ekki við að fara til helvítis þá sé gott að vita hvað beri að varast.

Pétur stundar líka sund af miklum móð í Vesturbæjarlauginni með Húnahópnum. „Það er liðið sem hangir á húnunum klukkan hálf sjö á morgnana,“ segir Pétur sem er sundið jafn eðlilegt og að bursta tennur. **solveig@frettabladid.is**

## ANDLÁT

**Jósefína Ástrós Guðmundsdóttir,** dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, lést fimmtudaginn 28. apríl.

**Halldór Birgir Olgeirsson,** vélstjóri, Gullsmára 7, Kópavogi, lést föstudaginn 29. apríl.

**Kristín Stefánsdóttir,** Hnappavöllum, Öræfum, lést laugardaginn 30. apríl.

**Valdimar I. Þórðarson,** múrarameistari, Espigerði 20, Reykjavík, lést sunnudaginn 1. maí.

**Sæmundur Guðvinsson,** blaðamaður, lést mánudaginn 2. maí.

**Lovísa Bjargmundardóttir,** Ægisíðu 50, Reykjavík, lést mánudaginn 2. maí.

**Sigfús Magnús Steingrímsson,** Fossvegi 15, Siglufirði, lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 2. maí.

**Sigurður Jónsson,** lyfjafræðingur, Þorragötu 9, Reykjavík, lést þriðjudaginn 3. maí.

**Helga Friðriksdóttir,** Kritlhóli, lést þriðjudaginn 3. maí.

## AFMÆLI

**Sveinn Gústafsson,** prentari, Klapparstíg 6a, er sextugur í dag. Hann mun dvelja á Hótel Örk á afmælisdaginn sinn og verður með heitt á könnunni milli 15 og 17.

**Þuríður Benediktsdóttir** frá Hömrum í Haukadal, varð níræð í gær, 4. maí. Hún fagnar tímamótunum á Rafveituheimilinu í dag frá klukkan 15 til 18.

Sigurjón Sæmundsson, fyrrverandi prentsmiðjustjóri, er 93 ára.



**Pétur J. Eiríksson,** framkvæmdastjóri hjá Flugleiðum, er 55 ára.

Barði Guðmundsson leikari er 48 ára.

**Rebekka Rán Samper** myndlistarkona er 38 ára.





**FRELSISINS MINNST** Þjóðverjar minntust þess í gær að 60 ár eru liðin síðan fangar í fangabúðunum Neuengamme, skammt frá Hamborg, voru leystir úr prísundinni.

# Vaxtalaus verðsprengja

## í Hagkaupum Smáralind og Akureyri



**Vaxtalaust** tilboð
**5.999*** kr
á mán. í 12 mánuði
fullt verð 71.988,-

**Sófasett** (allt settið)
- Klikk klakk svefnsófi
  m/hágæða dýnu og hágæða botni
- Stóll (stillanlegur)
- Skammell
- 2 borð

Einnig fáanlegt í dökkbláu.





**Vaxtalaust** tilboð
**1.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
fullt verð 19.990,-

**Gestarúm/sófi**
- 3 mismunandi stillingar

Einnig fáanlegt í dökkbláu.





**Vaxtalaust** tilboð
**2.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
fullt verð 29.990,-

**Klikk klakk svefnsófi**
- Með hágæða dýnu og hágæða botni





**Vaxtalaust** tilboð
**2.499*** kr
á mán. í 10 mánuði
fullt verð 24.990,-

**Svefnstóll**
Einnig fáanlegur í dökkbláu.



Ekta leður

**Vaxtalaust** tilboð
**3.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
fullt verð 39.990,-

**Hægindastóll**
- Ruggar
- Leður



**Vaxtalaust** tilboð
**2.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
fullt verð 29.990,-

**Hægindastóll**
- Stillanlegur
- Hægt að taka áklæði af og þrífa

Gildir á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**SJOKKSIRKUS**
Jim Rose og aðstoðarkona hans í sirkusnum sýna listir sínar. Þau mæta hingað til lands 29. júlí.



# Sjokksirkus á Broadway

Sýningin Sirkus Jim Rose verður haldin á Broadway þann 29. júlí næstkomandi. Þetta er sex manna sjokksýning sem á sér enga sína líka í heiminum. Forsprakkinn Jim Rose hefur heillað áhorfendur um allan heim með sínum einstaka, kaldhæðna og töfrandi stíl í fimmtán ár og nú er komið að Íslendingum.

Á meðal þeirra atriða sem Rose og félagar ætla að framkvæma á Broadway er að gleypa rakvélablöð, þræða tveggja metra langa slöngu inn í magann í gegnum nefið, lyfta bíl með geirvörtum, gleypa herðatré og losa sig úr spennitreyju.

Jim Rose hefur verið áberandi í bandarískum fjölmiðlum undanfarin ár. Hann er stjarna í eigin sjónvarpsþáttum, höfundur metsölubóka, kvikmynda- og sjónvarpsleikari, persóna í tölvuleik og að sjálfsögðu miðpunktur og höfundur óvenjulegasta sirkuss heims.

Rose þróaði og sýndi sín mögnuðu atriði árum saman í Evrópu og Bandaríkjunum áður en hann varð frægur. Það var svo árið 1992 að öll heimsbyggðin stóð á öndinni þegar Jim Rose Circus kom fram á Lollapalooza-tónleikaröðinni með þekktustu rokkhljómsveitum þess tíma og áhorfendur, sem voru ýmsu vanir, höfðu aldrei séð annað eins. Í kjölfarið lagði Jim Rose með sirkusinn í hvorki meira né minna en sjö heimsreisur og árið 1994 var Rose valinn til að fara í tónleikaferðir Nine Inch Nails og Marilyn Manson og síðar með Korn og Godsmack.

Árið 1998 voru vinsældir Jim Rose orðnar gríðarlegar og var lagt upp í enn eina heimreisuna, nú stærri en nokkru sinni fyrr. Einhvern veginn fann hann þó tíma til að leika gestahlutverk í X-files þáttunum, sem þá nutu mikilla vinsælda.

Sýning Sirkus Jim Rose á Broadway er stranglega bönnuð innan 18 ára og alls ekki fyrir viðkvæma. Ekki er nóg að vera 18 ára á árinu og þess verður gætt sérstaklega að enginn undir aldri komist inn á Broadway þetta kvöld. Miðasala mun fara fram í verslunum Skífunnar, á event.is og í síma 575 1522.


Laugardaginn 7. maí

» Nýjar hugmyndir að miðbæ Akureyrar

Verðlaunaafhending í alþjóðlegri samkeppni.

Sýning á 151 tillögu frá 35 löndum.





Akureyri í öndvegi

» Hólar, hús Menntaskólans kl. 15:00 - 16:30
Verðlaunaafhending

» Setning: Andri Teitsson
» Dómnefndarstörf: Kristján Þór Júlíusson
» Niðurstaða dómnefndar: Pétur H. Ármannsson, Hlín Sverrisdóttir, Árni Ólafsson og Þorvaldur Þorsteinsson
» Verðlaunaafhending: Ragnar Sverrisson

» Glerárgata 36
Sýning á öllum tillögum að skipulagi miðbæjarins

» Laugardaginn 7. maí, kl. 16:30 - 18:00
» Sunnudaginn 8. maí, kl. 10:00 - 18:00
» Laugardaginn 14. maí, kl. 13:00 - 17:00
» Sunnudaginn 15. maí, kl. 13:00 - 17:00
» Mánudaginn 16. maí, kl. 13:00 - 17:00

Allir velkomnir

alta WWW.ALTA.IS · JT WWW.JTP.CO.UK · Akureyri

ÁSPRENT STÍLL

Áhugahópur / Styrktaraðilar;

Þyrping hf · Sjóvá-Almennar · VÍS · hagar · Hagkaup · KB Banki · JMJ Herradeild · KEA · Íslandsbanki · Eimskip · Bónus · 10-11 · Sparisjóður Norðlendinga · Vörður

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 4.46 | 13.24 | 22.05 |
| AKUREYRI | 4.17 | 13.09 | 22.04 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## heimili o.fl.

Wok og aðrar pottþéttar pönnur

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*

Í dag er fimmtudagur 5. maí, 125. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar
*byrja í dag á bls. 10*

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Arnbjörg Hlíf í blúndupilsinu og gylltu og hvítu skónum.

# Veik fyrir hvítum fötum

***Arnbjörg Hlíf Valsdóttir leikkona á gullhælaskó sem eru einstakir í veröldinni.***

Arnbjörg Hlíf Valsdóttir leikkona á sér nokkrar uppáhaldsflíkur en það sem stendur upp úr eru nokkrar gamlar flíkur sem eiga sér skemmtilega sögu. „Rúskinnsjakkinn með loðkraganum sem Hilda móðursystir mín átti er í miklu uppáhaldi sem og gullhælaskór frá ömmu vinkonu minnar, þeir eru örugglega eina parið í heiminum sinnar tegundar og eru alveg æðislegir. Ég er alltaf svolítið veik fyrir hvíta litnum og brúnum tónum og verð þá að minnast á brúna pilsið mitt frá Karen Millen sem er skreytt perlum og glingri, mjög fallegt og þægilegt. Blúndupilsið úr Spútnik er líka algjört uppáhalds. Ég hugsa nú samt ekki mikið um tískuna og mér líður eiginlega best í útigalla uppí sveit, en þegar kemur að fatainnkaupum er ég hrifnust af svolítið sérstökum hlutum sem finnast á mörkuðum í útlöndum og ég vonast til að komast á einn slíkan í sumar.“

Um þessar mundir er Arnbjörg að leika í barnaleikritinu Klaufar og kóngsdætur, er í tökum á nýrri stuttmynd og mörg önnur skemmtileg verkefni eru framundan. Mestan tíma taka þó æfingar fyrir Eurovisionkeppnina í Kænugarði þann 19. maí en þar mun Arnbjörg stíga á svið með Selmu, dönsurunum Álfrúnu, Lovísu og Aðalheiði og bakraddasöngkonunni Regínu Ósk. ■

## HELENA HANNAR OG SELUR FÖT

Ofurfyrirsætan hyggst hasla sér völl í New York auk þess að taka ljósmyndir fyrir ýmis glanstímarit.

Danska ofurfyrirsætan Helena Christensen er að hella sér út í verslunarrekstur og ætlar að opna búð í New York í Bandaríkjunum á allra næstu dögum. Verslunin mun heita Butik og þar ætlar Helena að selja hönnun Camillu Staerk ásamt sinni eigin fatahönnun. Helena nýtur aðstoðar Leifs Sigersen við fatahönnunina. Helena vill umfram annað hafa búðina aðgengilega fyrir alla og leggur ríka áherslu á mikið úrval. Ekki fylgir þessari sögu hvort Helena hyggst opna sambærilega verslun í heimalandi sínu, Danmörku.

Þessi fyrrum fyrirsæta hefur í það minnsta í nógu að snúast eftir að hún hætti að sitja fyrir. Helena starfar nefnilega líka sem tískuljósmyndari fyrir tískutímarit á borð við Vogue.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Helena var ein vinsælasta fyrirsæta heims á tíunda áratugnum.

## LIGGUR Í LOFTINU

*í ferðum*



**Icelandair** fagnar sextíu ára afmæli millilandaflugs Icelandair og þar með sextíu ára afmæli farþegaflugs milli Íslands og annarra landa um þessar mundir. Í tilefni af afmælinu býður félagið sextíu prósent afslátt fyrir börn af Netsmellum til Evrópu en tilboðið gildir á eftirfarandi áfangastaði: London, Glasgow, Osló, Kaupmannahöfn, Stokkhólm, Helsinki, Frankfurt, Berlín, Munchen, Amsterdam, París, Barcelona, Madrid og Mílanó. Nánari upplýsingar er að finna á icelandair.is.

**Bílastæðum** við Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur verið fjölgað verulega, bæði skammtímastæðum fyrir þá sem fylgja farþegum í flug eða sækja komufarþega og langtímastæðum fyrir þá sem hafa bílana sína á flugvellinum meðan ferðalagið varir. Ákveðið hefur verið að taka upp gjaldskyldu á skammtímastæðum við flugstöðina frá og með 10. maí til að stuðla að því að fólk sem staldrar stutt við fái stæði. Gjald á skammtímastæðum er hundrað krónur á klukkustund og 2.400 krónur fyrir fyrsta sólarhringinn. Gjaldið lækkar um helming eftir fyrsta sólarhringinn.



**E-korthafar** fá 2,5 prósent af kostnaði vegna viðskipta við Iceland Express endurgreiddan auk fastrar 0,5 prósent endurgreiðslu af öllum innlendum viðskiptum. Nánari upplýsingar og umsókn fyrir E-kortið er að finna á vef Iceland Express, icelandexpress.is.

**Gistiheimili** Halldóru í Kaupmannahöfn er komið í sumarskap og býður því ferðalöngum upp á sumartilboð. Ef gist er í sjö nætur eða lengur fá ferðalangar tíu prósent afslátt af gistingunni. Gistiheimilið er staðsett í bæ sem heitir Hvidovre og er um það bil tíu kílómetra frá miðbæ Kaupmannahafnar. Nánari upplýsingar um gistiheimilið er að finna á vefsíðunni gistiheimilid.is.

*ferdir@frettabladid.is*



**Klakabox sem skartgripaskrín**
Tilvalið er að flokka skartgripina sína ofan í klakabox sem svo er stungið ofan í skúffu. Fyrir vikið losnar maður við að greiða úr flækjum af hálsmenum, eyrnalokkum og hringum og auðvelt er að finna hvern hlut.




Kaffiboðsdagar í maí
Allt að 40% afsláttur af bollastellum og tilheyrandi.
Opið virka daga 14-18.
AMMA RUTH
Skipasund 82, 104 Reykjavík – S. 552 – 6255
www.ammaruth.is



Halla Valdimarsdóttir hefur mikið dálæti á þessu gamla merkisskrifborði.

# Smíðað úr rekaviði og geymdi bæði meðul og kindabyssu

***Gamla skrifborðið í stofu Höllu Valdimarsdóttur kennara býr yfir ýmsum leyndardómum.***

„Skrifborðið er sennilega smíðað um aldamótin 1900 og var búið til fyrir afa minn, Jón Einarsson, sem var hreppstjóri austur í Skaftártungu. Borðið mun hafa smíðað hagleikssmiður að nafni Sveinn Ólafsson en hann var afi Sveins Einarssonar, fyrrum Þjóðleikhússtjóra. Það er að öllum líkindum smíðað úr mahoníviði sem rekið hefur á Meðallandsfjörur en engin leið er að vita hvaðan slíkur viður hefur borist í hafi,“ segir Halla Valdimarsdóttir kennari um fágætan smíðisgrip sem er til mikillar prýði í stofu hennar.

Halla segir borðið alltaf hafa fylgt fjölskyldu sinni. „Á tímabili þótti það ekkert flott og var bara komið í geymslu og við það að falla í gleymsku. Þá sá ég mér leik á borði og falaðist eftir því og æ síðan, eða í rúm þrjátíu ár, hefur það skipað heiðurssess á mínu heimili.“ Í skrifborðinu geymir hún sínar helstu uppáhaldsbækur en annars er það bara til prýði í stofunni. Það geymir þó sína leyndardóma. „Á borðinu eru tveir læstir skápar og mér sögðu fróðir menn að í öðrum hefðu verið geymd meðul enda er ennþá meðalalykt úr honum en kindabyssan var geymd hinum megin. Sá skápur er ennþá læstur því lykillinn týndist svo enginn veit hvað leynist þar inni. Og ágætt að halda því bara þannig.“

Borðið er sérstaklega fallegt og þótti tíðindum sæta á sínum tíma. „Einu sinni spurði gamall sveitungi mig um afdrif borðsins svo það hefur greinilega þótt merkisgripur.“

*brynhildurb@frettabladid.is*


Vorvörur í úrvali fyrir sumarbústaðinn og garðinn.
Óvissuferðir fyrir hópa
Viltu koma í keramik eða glerbræðslu?
Erum með umboðsmenn á landsbyggðinni.
Opið alla daga!
Listasmiðjan **Keramik og glergallerý** • Kothúsum, Garði, s. 422 79 35.

G æ ð a h ú s h a n d a þ é r
Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.
Hús okkar eru byggð til að endast.
Á fjórðahundrað hús hafa verið byggð.
einingahús-bjálkahús-sumarhús
www.husogheimili.is
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

Tax free dagur
laugardaginn
7. maí
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21 Sími 551 4050 Reykjavík

Kristalsljósakrónur

6 ljósa 46.900 kr. | 8 ljósa 47.900 kr. | 12 ljósa 73.900 kr.
Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið) · Sími 567 2133 · www.arinn.is

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND EHF.

!
Talstöðin
FM 90,9

# Kústar geta verið gleðigjafar

***Gólfin sópuð með litríkum kústum og blómlegum fægiskóflum.***

Fólki þykja heimilisstörfin misskemmtileg þótt allir séu jafnánægðir þegar búið er að þrífa og heimilið er hreint. Þeir sem falla undir þennan hóp ættu kannski að huga að því að lífga upp á heimilisstörfin – verkin verða léttari með litríkum og skemmtilegum kústum eins og þessum sem fást í versluninni Sipa við Laugaveginn.

Kústarnir eru nýkomnir í verslunina frá Spáni og er ekki hægt að segja annað en þeir séu mjög sumarlegir. Jafnframt eru þeir tilvaldir sem innflutningsgjafir eða geta virkað hvetjandi fyrir börn og unglinga sem eru löt við að hjálpa til við heimilisstörfin.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Með mynstri maríuhænunnar fyrir náttúrufræðinginn á 3.500 kr.

Hver myndi ekki vilja vaska upp með þessum uppþvottabursta á 950 kr.?

Skær og fjólublár fyrir gamla hippa á 2.700 kr.

Appelsínugulur og bleikur fyrir pæjurnar á 2.700 kr.

Blómlegt og stelpulegt á 1.590 kr.

Sópur og fægiskófla í stíl við stóra sópinn á 3.500 kr.



Frúin í Hamborg er við Ráðhústorg á Akureyri.

## Frúin í Hamborg flytur

VERSLUNIN SPÚTNIK BOÐIN VELKOMIN Í FRÚNA.

Verslunin Frúin í Hamborg á Akureyri kvaddi veturinn með því að flytja milli húsa í Brekkugötunni á Akureyri. Verslunin er nú á Brekkugötu 3 við Ráðhústorgið. Í tilefni flutningsins var boðið til samkvæmis enda ástæða til, því fyrir utan flutninginn verður verslunin Spútnik framvegis hluti verslunarinnar.
Í Frúnni í Hamborg er verslað með gamla muni, húsgögn, húsbúnað og einnig fatnað. Frekari hátíðarhöld eru svo framundan í versluninni því þar verður fagnað tveggja ára afmæli 2. júní næstkomandi.



Marglit ljósakróna í Mirale á 79.000 kr.

## Æpandi skemmtilegir litir

STERKIR LITIR ERU SÉRSTAKLEGA ÁBERANDI Í LÁTLAUSU OG HVÍTU UMHVERFI.

Hvíti liturinn hefur verið allsráðandi í heimilistískunni en litirnir ryðja sér nú til rúms með miklum látum og vinsælt að eiga nokkra vel valda hluti í skærum litum. Í versluninni Mirale á Grensásvegi getur til að mynda að líta ansi myndarlega ljósakrónu í sterkum litum þar sem bleiki liturinn er mest áberandi en einnig má sjá appelsínugula, græna og bláa liti. Ljósakróna sem þessi stingur í augun og sker sig hressilega út í hvítu umhverfi og gefur því dýpt og gleði. Önnur litrík nýjung hjá Mirale eru skemmtilegar glerskálarnar, „Love plates", með stórum doppum sem eru til í nokkrum stærðum og litum. Auðvelt er að þrífa þær og það má jafnvel skella þeim í uppþvottavélina.



Love plates skálar með doppum í Mirale á 2.210 kr., 2.800 kr. og 3.800 kr.

# Wok og aðrar pottþéttar pönnur

***Þó að Wok pannan sé hreint frábær eru líka til fleiri góðar pönnur sem henta betur við annarskonar matargerð.***

Allir kannast við wok pönnur, þessi barmaháu asísku eldunarílát, sem geta spannað frá 30 sentimetrum upp í metra í þvermál. Þessi skemmtilega panna (upprunnin á Kantonsvæðinu í Kína, kölluð Wadjang í Indónesíu og Kwali í Malasíu) hefur ríka tilhneigingu til að verða uppáhaldseldhúsáhald fólks sem kynnist henni. Í Asíu er hún alveg kúpt þar sem alltaf er eldað á gasi en á Vesturlöndum þekkist hún einnig með flötum botni svo hún getur staðið á rafmagnshellu. Hinar vestrænu frænkur þeirra asísku eru líka komnar með non-stick húð sem gerir alla matseld gríðarauðvelda, svo ekki sé talað um hollustuna.

Þó að Wok pannan sé hreint frábær eru líka til fleiri góðar pönnur sem henta betur við annars konar matargerð og má þar nefna stálpönnurnar frá Ittala sem eru hágæðasmíð, grillpönnur, crépespönnur, sérstakar pönnur fyrir gas o.s.frv. Allar pönnurnar fást í Kokku, Laugavegi. ■



**Wok Panna, Carbone stál kr. 2.750**



**Stálpanna með húð, Ittala kr. 16.600**



**Riffluð grillpanna, Ittala kr. 13.800**



**Crépes panna kr. 4.990**



**Carbone stálpanna kr. 4.450**



**Aðeins ætluð fyrir gas kr. 2.360**




DAVID
design Kurt Brandt • Verð kr. 59.900
local
Skeifan 3A – 108 Reykjavík
Sími: 517 3600
Fax: 517 3604 – mylogo@mmedia.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Skrifstofuhúsgögn



Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

Íslensk list
er góð gjöf



galleri
ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S. 551-1122







Teppahreinsun
með "truckmount"
Hin eina sanna "djúphreinsun" nær árangri þegar aðrar aðferðir skilja eftir bletti.
Fyrir öll teppi.
Heimili - Skrifstofur - Stigahús
Meira afl - betra skol
styttri þurrktími
SKÚFUR
Kleppsvegi 152 104 R
Sími 568 8813 GSM 663-0553





FAKRO
Ódýrir Gæða Þakgluggar
Opnanlegir að neðan
Öryggisgler
Valin Pine viður
Stillanleg öndun
Tvöföld vatnsvörn
ÁLTAK
Stórhöfði 33 • Sími: 577 4100
Fax: 577 4101• www.altak.is



SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

## Náttúrulegt útlit

Í dag þykir fallegt að hafa náttúrulegt útlit og vera frísklegur og láta sérkenni hvers og eins njóta sín. Öll förðun á því að vera látlaus og náttúruleg og draga fram það besta hjá hverjum og einum.


























Grænn toppur kr. 5500 Elina
Grænt pils kr. 7600, Elina



Bleik peysa kr. Krúsilíus

Bolur (rauður og svartur) kr. 6100, ermar kr. 3425, Kow

Skokkur og rauðar buxur kr. 4850, Hin

# Enn meiri hönnun í miðbænum

*Pjúra, ný verslun í Ingólfsstræti .*

Um miðjan apríl bættist enn við flóru íslenskrar hönnunar í miðbænum þegar verslunin Pjúra opnaði við Ingólfsstrætið. Verslunin er samtengd gleðibúðinni Frú Fiðrildi og þar selja fjórar ungar konur eigin hönnun. Eigendurnir eru þær Elín Arndís Gunnarsdóttir sem hannar undir merkinu Elina, Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir sem stendur á bakvið Kow, Hildur Hinriksdóttir er Hin og Íris Eggertsdóttir er skapari Krúsilíus. Allar hafa stelpurnar myndlistar- eða hönnunartengdan bakgrunn og börn eru þeim greinilega hugleikin, því fyrir utan almennan tískufatnað og fylgihluti þá eru barnaföt og óléttufatnaður áberandi í versluninni. Það er alltaf gleðiefni þegar íslenskir hönnuðir láta á sér bera og þessa litla verslun er skemmtileg viðbót við gróskumikið úrval íslensks tískufatnaðar í miðbænum.



Bleikur kjóll 13695, Krúsilíus



Fjólublátt pils kr. 6600, Hin



Armbönd kr. 1990 stk



Hvítt ungbarnadress kr. 3300, Elina



Græn húfa kr. 2250 Hin



Silfurtaska kr. 4800 Krúsilíus



Grænn kjóll kr. 13695, Kow

## Stella slær í gegn

ÍÞRÓTTAFATALÍNA HENNAR FYRIR SUMARIÐ ER GEYSILEGA VINSÆL.





Kvenípróttafatalínan fyrir sumarið frá Adidas eftir fatahönnuðinn Stellu Mc Cartney rýkur út í verslunum þessa dagana.
Línan hefur verið í sölu í London í völdum verslunum síðan í febrúar og hefur verið gríðarlega vinsæl. Í Bloomingdale's í Bandaríkjunum seldist 95 prósent af allri línunni á innan við sólarhring og er Stella að vonum ánægð.
Stella vinnur nú að vetrarlínu en í sumarlínu hennar eru hlaupaföt, föt í líkamsræktina, jógaskór, íþróttatoppar og sundföt svo eitthvað sé nefnt. Aðallitirnir í línunni eru ljósbleikur, gulur, grár og túrkíssilfurlitaður.







Stella gerði íþróttaföfin afskaplega þægileg og flott fyrir konur á öllum aldri.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Dulbúnar druslur

Í eina tíð þótti ekki fínt að klæðast ódýrum fötum úr búðum þar sem Jón og Gunna versla, eða Jean og Jeanne eins og þau heita hér í landi. En nú er öldin önnur og tíska að blanda saman. Þessi „fátækratíska“ kemur líklega til af skynsemi, þar sem hér í landi og víðar í Evrópu eru einfaldlega minni peningar í spilunum. Þótt það sé aðallega efnafólk sem verslar hjá tískuhúsunum, er alltaf eitthvað um að fólk með venjulegan efnahag láti sig dreyma um lúxusvöru og veiti sér stöku sinnum þá ánægju að láta freistast af fínni tösku eða skópari. Því má heldur ekki gleyma að risafyrirtækin sem reka þessar ódýru búðir eru fljót að taka upp það sem þeim finnst áhugavert hjá hönnuðum og á nokkrum vikum tekst þeim að koma eftirlíkingum í búðir, og af hverju að borga meira?

Ég man þá tíð er ég vann hjá Yves Saint Laurent tískuhúsinu og framkvæmdastýrurnar spurðu: „Hvar fenguð þér þennan jakka?“ (hér lifir þéring enn góðu lífi) og ég svaraði: „Hjá H&M.“ Þá fraus brosið. Það var ekki nógu „chic“ að vera í H&M í boðum hjá þessu fína tískuhúsi. En nú eru þær sjálfar farnar að kaupa hjá Zöru og H&M, alltaf í takti við tímann!

Ódýrar gallabuxur öðlast nýja dýpt með belti frá Gucci og pils frá Zöru lítur allt örðruvísi út við skó frá Dolce og Gabbana eða Prada. Fín kventaska frá Louis Vuitton eða Chanel setur punktinn yfir i-ið á kjól eða dragt sem ekki kostar neinar fúlgur. Fallegur fylgihlutur, belti, skór, töskur eða skartgripir sem yfirleitt eru vel merkt tískuhúsunum beina athyglinni annað en að fötunum. Beltin, til dæmis, eru oft á tíðum úr leðri með merki eða upphafsstöfum framleiðandans eins og hjá Gucci eða Louis Vuitton þar sem leðrið er þakið GG eða LV.

Ef litið er á fylgihluti fyrir þetta sumar er blandan exótísk. Skór og töskur úr krókódílum, snáks- og eðluskinni, safarístemning svífur yfir vötnum. Armbönd geta verið úr viði, horni, steini eða leðri. Hálsfestar frá fimm evrum og upp úr, hjá Paco Rabanne er málmfesti á 3.070 evrur. Áherslan er á náttúruleg efni. Verðið er með ýmsu móti eins og gefur að skilja. Espadrillurnar ómissandi fyrir sumarið geta kostað 29 evrur í Barbéshverfinu í París en frá Azzedine Alaia úr eðluskinni kosta þær 770 evrur. En fyrir utan espadrillur eru korkhælar áberandi í skótískunni í sumar. Og gyllt snákaskinnstaska frá Fendi kostar fyrir þetta sumar 4.290 evrur, 347 þúsund íslenskar!


Trúlofunar hringar



Jón & Óskar
Laugavegi 61 • Sími 552 4910
www.jonogoskar.is
úrval • gæði • góð verð

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

Kínaskór! Tilboð



EITT PAR KR. 1290-
TVÖ PÖR KR. 2000-
Litir: rauðir, bleikir, túrkis, orange, grænir, svartir og hvítir.
Einnig mikið úrval af skóm með kínamunstri
Ný sending af blómaskóm kr. 990-
Barna- og dömustærðir
SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466
Sendum í póstkröfu




RISA
GÖTUMARKAÐUR
opið í dag 12-18
Allt á 500 eða 900 kr.

MERKJAVARA Á ÓTRÚLEGU VERÐI

| | |
|---|---|
| DKNY | 4YOU |
| DIESEL | EVERLAST |
| LEVI'S | FILA |
| INWEAR | STUDIO NY |
| FCUK | GERARD DAREL |
| TARK | IMITZ |
| WRANGLER | SAINT TROPEZ |
| LEE | KOOKAI |
| MATINIQUE | MORGAN |

ÞRIÐJA HVER FLÍK FRÍ !!!
(ÞÚ KAUPIR TVÆR FLÍKUR OG FÆRÐ ÞRIÐJU FRÍTT)

ALLIR FÁ PYLSU OG GOS

+ + + OUTLET 10 + + +




merki fyrir minna
OUTLET 10
FAXAFENI 10
s. 533 1710















Hér sýnir ástralski dansflokkurinn hönnun Akira Isogawa.

# Svart og hvítt í aðalhlutverki

***Tískuvikan í Ástralíu hófst á frídegi verkalýðsins og lýkur næsta sunnudag.***

Tískuvikan í Ástralíu er talsvert ólík tískuvikum í tískuhöfuðborgum heimsins eins og London, París og Mílanó. Tískuvikan í Sidney í Ástralíu snýst um að sýna fólkinu í landinu tískuna en ekki að trekkja að sem flestar stjörnur á tískupallana.

Tískuvikunni í Sidney fylgja margir atburðir, kvikmyndasýningar, ljósmyndasýningar og veislur um alla borg sem margar hverjar eru opnar almenningi.

Tískuvikan í Sydney hefur verið haldin síðan árið 1996 og er leiðandi atburður af sinni tegund í landinu. Vor- og sumartískan er ávallt sýnd á veturna í Sidney þegar vorar hjá okkur á meðan haust- og vetrartískan er sýnd í Melbourne á sumrin þegar kaldir vindar blása á klakanum.

Tískuvikan vekur meiri áhuga heimsins með hverju árinu sem líður og nú laðar hún að evrópska, asíska og ameríska kaupmenn.

Vor- og sumartískan í Ástralíu verður svolítið gamaldags en samt töff og ögrandi. Svartur og hvítur eru aðallitirnir og lögð er áhersla á kvenleika og fágun með einfaldri hárgreiðslu við oft flókna hönnun.

*lilja@frettabladid.is*



Dramatískur kjóll frá Aurelio Costarella.



Gyðjulegur kjóll þar sem andstæðum pólum er blandað saman frá Alex Perry.



Dýrsleg baðföt frá Lisu Ho.



Gamaldags still frá Jayson Brunsdon.

## Heilsusamlegir tískuskór

EUROCOMFORTO SKÓRNIR HAFA SLEGIÐ Í GEGN.

Tískan tekur á sig hinar ýmsu myndir og í takt við hippatískuna, sem gengur út á vellíðan og þægindi, hafa portúgölsku heilsuskórnir Eurocomforto náð athygli almennings. Þessir skór eru ótrúlega þægilegir, einskonar tátiljur sem maður finnur vart fyrir enda eru þeir eru hannaðir fyrir fólk sem á í hverskyns fótavandamálum.

Það er mikið gleðiefni þegar svona hlutir komast í tísku og þegar útlit og vellíðan hanga saman. Eurocomforto skórnir ganga við ýmsar ólíkar flíkur. Þessir skór eru til dæmis tilvaldir hvunndagsskór við gallabuxur eða síð mussupils, einnig við sportlegri föt svo ekki sé talað um léttan sumarlegan hörfatnað. Margir kannast við þessa skó í hvíta litnum en nú hefur úrvalið aldeilis aukist, því fyrir utan hvítt og svart eru til ýmsir glaðlegir litir að ógleymdum gull og silfurskónum sem verða algjörlega ómissandi í sólinni í sumar.

Skórnir kosta 3.980 og fást í Lavita Laugavegi og Topshop Smáralind.













Vor- og sumartískan í Oasis mun njóta sín vel í nýrri og endurbættri verslun.

## Oasis opnar aftur

TÍSKUVERSLUNIN HEFUR GENGIÐ Í GEGNUM MIKLAR ENDURBÆTUR.

Tískuverslunin Oasis í Kringlunni hefur verið lokuð í hartnær tvær vikur. Hún opnar aftur eftir miklar endurbætur á morgun, föstudaginn 6. maí. Búið er að taka verslunina algjörlega í gegn og er hún nú orðin ein af glæsilegustu Oasis verslunum í heiminum og eitt af flaggskipum Oasis verslunarkeðjunnar. Samkvæmt heimildum er búið að veggfóðra veggina í einstaklega fallegu veggfóðri og alsetja veggina demöntum þannig að ekki vantar glæsileikann.

[ á faraldsfæti í allt sumar ]

# FERÐIR




Forvitnileg tækniundur á Búvélasafninu

**Fyrsti þúfnabaninn**

Bls. 2

Veitt með alvöru-sjómönnum fyrir vestan

**Ævintýraferðir á sjó**

Bls. 4

Safnasafnið stendur á merkum tímamótum

**Spennandi sýningar**

Bls. 8

Aldarfjórðungsreynsla af lengri hestaferðum

**Sleppiferðir vinsælar**

Bls. 14


FRÉTTABLAÐIÐ

# Óttast ekki golfkúlurnar

***Nýtt hótel er í smíðum rétt við Borgarnes. Það heitir Icelandair Hótel Hamar og verður inni á miðjum golfvelli þegar allt verður komið í endanlegt horf.***

Hjörtur Árnason er að stússast kringum nýbygginguna sem SÓ verktakar eru að reisa. Hann er eigandi nýja hótelsins ásamt konu sinni Unni Halldórsdóttur en þau hafa gert samstarfssamning við Icelandair og fyrstu gestir eru bókaðir þann 16. júní. Þar eru 30 tveggja manna herbergi með baði og gengið verður úr hverju þeirra út í garð.
Fullkomið eldhús, bar og fundarsalur er í nýja hótelinu og við annan gafl þess verður heitur pottur. Golfvöllurinn verður svo allt um kring.
„Við höfum verið með níu holu golfvöll hér fyrir neðan og það er verið að taka fjórar holur í viðbót í sumar. En sumarið 2007 verður hann kominn í 18 holur og og þá verður spilað beggja vegna við hótelið," lýsir Hjörtur. Ekkert hræddur um að golfkúlurnar hitti gluggana? „Nei, ég hef ekki stórar áhyggjur af því. Við erum að gróðursetja tré hérna allt í kring og þegar er búið að setja niður um 1200 tveggja metra aspir. Eftir fáein ár verður þetta orðinn skógarvöllur," segir hann og heldur áfram að puða.


Hjörtur Árnason er að byggja nýtt og flott hótel í nágrenni Borgarness.

## uppáhaldsstaðurinn minn }

„Ég held að ég nefni Fljótshlíðina en þangað á ég ættir mínar að rekja," segir Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra. „Ég gæti síst verið án þess að heimsækja Fljótshlíðina reglulega. Mér finnst sérstaklega fallegt þar á sumrin. Samt verð ég að nefna það til viðbótar að allra yndislegasti staður sem ég hef farið á er Þórsmörkin, sérstaklega ef fáir eru þar á ferli. Ef ég kemst í ferðalag þar sem ég get sameinað þessa tvo staði, er ég alsæl."







Jóhannes lítur með lotningu á Fordson-dráttarvélina árgerð 1920 sem notuð var til bústarfa og kennslu á Hvanneyri frá 1926 eða 27 til 1945 og reyndist prýðilega.

# Forvitnileg tækniundur fortíðar

***Rótin að búvélasafninu á Hvanneyri er frá 1940. Þá átti það að sýna nýjustu tækni í landbúnaði en þróunin var svo hröð að áður en hendi var veifað var það orðið fornmunasafn.***

Þegar komið er inn fyrir dyr búvélasafnsins blasa við ýmis verkfæri sem tengd voru aftan í hesta. Þau eru komin úr Búnaðarskóla Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal, sem kenndi notkun á hestinum og hestaflinu til jarðræktar. „Við teljum þetta með merkustu gripum safnsins," segir Jóhannes Ellertsson og strýkur létt yfir þessi tækniundur fortíðarinnar.


Willy's-jepparnir voru gjarnan notaðir sem landbúnaðartæki.

Búvélasafnið var opnað almenningi fyrir um það bil tíu árum. Áður hafði það legið í hornum á hlöðum og geymslum og stöðugt bættust nýir munir við því hraði tæknibreytinganna var mikill.
Safnið er opið reglulega í júní, júlí og ágúst og þar fyrir utan er tekið á móti fólki þegar það gefur sig fram. Því er ætlað að brúa bilið á milli þess sem við sjáum núna í sveitum landsins og gamla tímans þegar allt var unnið í höndum. Fyrsta dráttarvélin, sem kom til landsins 1918, er þó ekki til en hins vegar næstu þrjár vélar sem komu á eftir. Fyrsti þúfnabaninn vekur athygli; risavaxið tæki sem kom til landsins 1921 og breytti þúfum í tún í einni til tveimur yfirferðum. Þjóðverjar smíðuðu þessa vél, sem vó 7-8 tonn og kostaði nokkur jarðarverð á þeim tíma. Hún var flutt inn á vegum Búnaðarfélags Íslands með ríkisábyrgð og sléttaði lönd á stórum búum svo sem Korpúlfsstöðum og sýndi íslenskum bændum að það var hægt að nota vélarafl til túnræktar.


Þúfnabaninn stóri sem kom til landsins 1921 og kostaði nokkur jarðarverð á þeim tíma.


Nokkur tæki sem tengd voru fyrir hesta og eru úr skóla Torfa í Ólafsdal eru meðal dýrmætustu muna safnsins.


Þessar tóku við af hestunum.

# Sprangar um og spjallar við fólkið

***Í miðbæ Grundarfjarðar er látlaus og hugguleg gestastofa, sögumiðstöð og myndasalir. Ingi Hans Jónsson er fólki til leiðsagnar og skemmtunar á staðnum.***

„Hér í gestastofunni erum við með fjölþætta þjónustu fyrir ferðamenn," segir Ingi Hans og bendir á upplýsingamiðstöð, netkaffi, almenningssíma og litla minjagripaverslun. Úr gestastofunni liggur svo leiðin inn í næstu sali og þar kaupir maður sig inn. Bæringsstofa heitir ein. Þar eru sýndar ljósmyndir Bærings Cecilssonar úr söguþyggðarlagsins og Ingi Hans kveðst einnig vonast til að fá að sýna þar íslenskar kvikmyndir.
„Aðgengi ferðamanna að íslenskum kvikmyndum er alls ekki gott og við viljum bæta úr því," segir hann. Síðan er komið inn í stóran sal með sýningu sem nefnist Lífsbjörg þjóðar. Þar eru sögu síðustu aldar gerð skil með ýmsum hætti, meðal annars með stafrænni tækni og notkun snertiskjáa. Ingi Hans segist njóta þess að vinna í þessari sögumiðstöð, spranga um og spjalla við fólkið, eins og hann orðar það.


Ingi Hans er ekta sögumaður.


Fjölþætt þjónusta við ferðamenn er í Sögumiðstöðinni og gestastofunni í Grundarfirði


OUTBACK
Ég grilla þú vaskar upp
GRILLIÐ SENT HEIM SAMANSETT OG TILBÚIÐ
ESSO
Verð áður: 39.950 kr.
Outback Hunter EX
Verð nú: 34.950 kr.
5.000 kr. afsláttur af grillum!
Nú er hvert einasta grill frá ESSO selt með 5.000 kr. afslætti til 9. maí. Þú getur fengið grillið sent heim samdægurs, án endurgjalds, samansett og tilbúið til notkunar. Auðveldara getur það ekki verið. Grillaðu með ESSO í sumar!
*Tilboð og heimsending gilda á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi Keflavík og Akureyri.
Esso
Filton/SÍA




# Fyrir alla sem kunna að meta ævintýri

***Á Suðureyri við Súgandafjörð er gestum boðið í alvöru sjóferð með alvöru sjómönnum.***

„Upplifðu veiðiferð með íslenskum fiskibáti,“ auglýsa kappar á Suðureyri við Súgandafjörð. „Þetta er okkar atvinnumenning og henni má líkja við vínrækt Frakka sem margir sækjast eftir að skoða,“ segir Elías Guðmundsson sem stendur fyrir þessari nýjung á sviði ferðaþjónustu. Hann rekur líka svokallaða VEG-gistingu og þar fer framhaldsþáttur sjóferðarinnar fram eins og Elías lýsir.

„Þegar komið er í land er gert að aflanum og gestirnir koma með fiskinn upp á hótel til okkar. Síðan skella þeir sér í sund meðan við eldum úr honum dýrindis krásir. Áður en þeir yfirgefa staðinn daginn eftir er þeim boðið í skoðunarferð um frystihúsið á staðnum, ásamt göngu um þorpið þar sem sagt er frá sjávarútveginum“.

VEG-gistingu segir hann vera vottaða af Ferðamálaráði sem tveggja stjörnu hótel. „Við erum með herbergi bæði með og án baðs og erum með eldunaraðstöðu þar sem fólk getur bjargað sér sjálft og líka veitingasölu sem byggir aðallega á sjávarfangi úr firðinum.“

VEG-gisting hefur verið í rekstri í fimm ár en við byrjuðum með ferðirnar í fyrra og þær prufur gengu vel. Ferðirnar eru ekki síst stílaðar fyrir erlenda borgarbúa en vissulega eru allir velkomnir sem á annað borð kunna að meta ævintýri.“



„Þegar komið er í land er gert að aflanum og gestirnir koma með fiskinn upp á hótel til okkar.“

## Góð þjónusta við fjölskyldufólk

***Að Kirkjubóli við Steingrímsfjörð er rekin ferðaþjónusta og nú hefur átta gistiherbergjum verið bætt við þau fimm sem fyrir voru. Þar er fjaran ekki langt undan***

Rúm er fyrir 23 gesti að Kirkjubóli. Sérstök áhersla er lögð á góða þjónustu við fjölskyldufólk, að sögn Jóns Jónssonar húsráðanda sem nefnir sjónvarp, bækur og spil sem dæmi um það. Einnig lítinn leikvöll, rólur og sandkassa auk þess sem einu útihúsinu hefur verið breytt í ævintýrahús fyrir börnin „Það er hús þar sem yngri kynslóðin ræður ríkjum,“ segir hann.

Tvö baðherbergi með sturtum eru á Kirkjubóli og eldhúskrókur fyrir gesti en auk þess er boðið er upp á morgunverð ef þess er óskað.

Félagsheimilið Sævangur er í göngufæri frá gistihúsinu á Kirkjubóli. Yfir sumartímann er þar opin kaffistofa, handverksbúð og sögusýning um sauðfjárbúskap á Ströndum fyrr og nú.



Félagsheimilið Sævangur er í göngufæri frá gistihúsinu á Kirkjubóli.

## uppáhaldsstaðurinn minn }

„Þórðarhöfði í Skagafirði er minn uppáhaldsstaður á Íslandi, hann er eins og manneskja og hefur sínar blíðu hliðar,“ segir Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndaleikstjóri. „Ég var í sveit á Höfða þarna í nágrenninu sem barn og unglingur. Þórðarhöfði er skírður eftir Höfða-Þórði landnámsmanni sem settist þarna að á níundu öld. Þórðarhöfðinn er mjög fjölbreyttur, öðru megin á honum eru fallegar víkur sem gaman er að veiða í og hinum megin sem snýr út á hafið er hann hrikalegur á að líta, þverhnípt bjarg beint ofan í sjó og þar er mjög falleg vík sem heitir Kögurvík þar sem gaman er að koma og veiða sjóbleikju á sumrin.“





## Mjög görótt svæði allt saman

Kotbýli kuklarans er að rísa að Klúku í Bjarnarfirði á Ströndum. Það er hluti af galdrasýningunni.

„Kotbýli kuklarans verður miðdepill á nokkuð stóru sýningarsvæði við Klúku og þarna á fólk eftir að kynnast ímynduðum heimi galdramanns á 17. öld,“ segir Sigurður Atlason, framkvæmdastjóri galdrasýningarinnar. Hann segir líka verða horfið aftur til tíma Svans á Svanshóli í Bjarnarfirði sem meðal annars kemur sterkt við sögu í Njálu. „Það verða ýmsar forynjur á kreiki,“ lofar hann og er dulúðugur mjög. Um torfhús er að sjálfsögðu að ræða á Klúku og það stendur rétt við sundlaugina á Laugahóli. Enda þótt það verði ekki opnað fyrr en 23. júlí er þar ýmislegt að sjá fyrir þann tíma. „Fólk má gjarnan koma og trufla okkur við smíðina og við viljum það endilega,“ segir Sigurður. Hinir einu sönnu Drangabræður láta muna vel um sig í hleðslunum og Guðjón Kristjánsson frá Dröngum er yfirsmiður. Þetta verður annar hluti galdrasýningarinnar en sögusýningin á Hólmavík galdraði til sín um 8000 manns í fyrra. Í framtíðinni verður sýningin með aðsetur á fleiri stöðum á þeirri miklu galdraslóð, Ströndunum. „Þetta verður mjög görótt svæði allt saman,“ segir Sigurður.

# Heildarlausn

## fyrir garða og plön

*hellur & steinar*

*kantar & hleðslur*

*graníthellur & flísar*

*sandur & möl*

*blómaker*

*gosbrunnar*

*garðleikir*




Hjá okkur færðu allt
efni í innkeyrsluna
og garðinn

HELLUSTEYPA JVJ

VAGNHÖFÐA 17 110 REYKJAVÍK SÍMI: 587 2222

hausverk / SÍA / 5159



Vertarnir Ólafur Jónsson og Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir.

# Í húsi Ólafs söðla

***Ólafshús á Sauðárkróki er einn þeirra veitingastaða sem selur rétti úr matarkistu Skagafjarðar. Þeir eru sérmerktir á matseðlinum.***

Ólafshús var opnað sem matsölustaður í september 1997, nákvæmlega hundrað árum eftir að upphaflegur íbúi þess opnaði sína starfsemi þar. Sá hét líka Ólafur Jónsson og var kallaður Ólafur söðli enda var hann söðlasmiður. „Þetta var alger tilviljun. Ég var búinn að vera hér í tvær vikur þegar ég heyrði sögu hússins," segir vertinn Ólafur hlæjandi.
Árið 1998 byggði hann sal við Ólafshús og þar segir hann oftar en ekki fullt um helgar. Auk þess fær hann marga erlenda gesti í mat og það færist í vöxt að þeir panti hann á netinu með margra mánaða fyrirvara.

## uppáhaldsstaðurinn minn }

„Staðurinn minn er Austurdalur í Skagafirði, en þangað fór ég í ágústbyrjun fyrir nokkrum árum í eins konar pílagrímsferð á slóðir Uglu í Atómstöðinni," segir Helga Kress prófessor. „Ég fór þetta ein, lagði bílnum þar sem vegurinn endar við Ábæ og gekk langar leiðir fram dalinn eftir gömlum troðningum og fram hjá rústum eyðibýla, þar til ég kom að Fögruhlíð sem er einstakur og náttúrulegur skógarreitur í stórbrotnu landslagi, leifar frá eyddum skógum Skagafjarðar. Þessi dalur er himnaríki á jörð og mig langar alltaf aftur."



ÍS HESTAR
www.ishestar.is



SUMAR, SÓL OG STRENDUR
FJÖRUREIÐ Á SNÆFELLSNESI
15. –18. JÚNÍ, 4 DAGAR / 3 NÆTUR

Íshestar bjóða upp á einstaka ferð á **Snæfellsnesi þ.e. á hinum stórkostlegu Löngufjörum.** Lagt er af stað frá bænum Stóra-Kálfalæk á Mýrum í fylgd þeirra hjóna Ólafar Guðbrandsdóttur og Sigurðar Jóhannssonar. Ávallt er gist á Stóra Kálfalæk ( í uppbúnum rúmum ) enda stutt keyrsla þarna á milli.

Einnig eru nokkur sæti laus í 6 daga Snæfellsnesferðinni 17. júlí

Kynnið ykkur nánar á heimasíðu Íshesta www.ishestar.is, eða hjá í síma 555 7000 eða hjá gitta@ishestar.is

# Færum okkar ferska hráefni í nútímabúning

***Matarkista Skagafjarðar hefur uppá margt að bjóða eins og Laufey Haraldsdóttir húsfreyja á Nautabúi í Hjaltadal kann að lýsa.***


Laufey mælir með að við hættum að reka hákarlinn upp að nefi túristanna.

„Matarkista Skagafjarðar er þróunarverkefni sem hófst formlega fyrir rúmu ári og snýst um að gera skagfirskan mat meira áberandi í Skagafirði. Það er unnið í samstarfi við matvælavinnslur, veitingamenn og ferðaþjónustubændur. Kaffi Krókur og Ólafshús á Sauðárkróki hafa tekið fullan þátt í því og fleiri bætast við."
Laufey segir mikla matvælaframleiðslu í Skagafirði bæði til sjávar og sveita. „Ég get nefnt sem dæmi að eini íslenski mosarellaosturinn er búinn til hér. Hann er ferskur og gefur þeim ítalska ekkert eftir. Við erum með mjólkursamlag, kjötvinnslur og fiskvinnslu og líka minni fyrirtæki sem framleiða hákarl, grafinn silung og fleira. Svo sér Drangey okkur fyrir eggjum og svartfugli."
Laufey er nýkomin frá San Fransisco þar sem hún var að kynna þetta verkefni sem Ferðamáladeild Hólaskóla og háskólinn í Gulph í Kanada standa að. Hún segir hugmyndina þá að búa til einhvers konar módel sem hægt væri að yfirfæra á önnur héruð.
„Matarferðaþjónusta er nýtt hugtak. Hún byggir á því að bændur og aðrir framleiðendur selji matvöru sem þeir búa til annað hvort sjálfir eða gegnum verslun eða veitingastaði í nágrenninu," segir hún. „Mér finnst mikilvægt að við færum matinn okkar í nútímabúning en rekum ekki alltaf hákarlinn upp í nefið á túristanum þótt auðvitað sé sjálfsagt að hafa hann með. Áherslan á samt að vera á það ferska hráefni sem við erum með. Gæði þess og umhverfið sem það er sprottið úr."

gun@frettabladid.is

# Allt heimabakað á Hjalteyri

***Hjalteyri er friðsæll staður við Eyjafjörðinn. Þar hafa hjónin Guðbjörn Axelsson og Anna Lísa Kristjánsdóttir byggt ljómandi snotra veitingastofu.***

„Það er svo gott að hafa eitthvað að gera. Þess vegna skelltum við okkur í það í fyrra að reisa þetta litla kaffihús hér og það hefur bara gert heilmikla lukku," segir Anna Lísa brosandi. Húsið stendur úti á eyrinni og þótt það sé nýtt þá fellur það ágætlega að þeim byggingum sem fyrir eru, sem eru fallega uppgerð hús frá fyrri tíð. Hægt er að sitja úti á palli Kaffi Lísu þegar veður leyfir og inni gefa málverk og handavinna staðnum heimilislegan svip.
Þó eru það veitingarnar sem mestu skipta. Þar er Anna Lísa á heimavelli, enda dönsk að uppruna. Sjávarréttasúpan er gerð frá grunni og heimabakaðar bollur með gulrótum, pönnukökur og annað góðgæti bragðast vel. Á sumrin er opið til miðnættis á Kaffi Lísu.


Guðbjörn og Anna Lísa bjóða uppá sjávarréttasúpu og heimabakað í Kaffi Lísu.


Þessi vísdómsfugl virðir fyrir sér gestina. Uglan er eitt af því sem Anna Lísa hefur föndrað á staðnum.


Húsið var byggt á staðnum.

## vor- og sumarhátíðir }

Vor undir jökli – í Snæfellsbæ
**20. – 22. maí**

Fjör í Flóanum, Árnessýslu
**27. – 29. maí**

Hátíð hafsins í Reykjavík
**4. - 5. júní**

Bryggjudagar í Súðavík
**16. - 19. júní**

Borgfirðingahátíð
**10. - 12. júní**

Víkingahátíð í Hafnarfirði
**16. – 20. júní**

Andvökunætur á Borgarf. eystra
**20. – 23. júní**

Bíldudals grænar - Bíldudal
**24. – 26. júní**

Dýrafjarðardagar á Þingeyri.
**1. - 3. júlí**

Hólmavíkurhátíð
**1. - 3. júlí**

Færeyskir dagar í Ólafsvík
**1. - 3. júlí**

Goslokahátíð í Vestmannaeyjum
**2. – 3. júlí**

Humarhátíð á Höfn
**3. - 6 júlí**

Leifshátíð í Dölum
**8. - 10. júlí**

Írskir dagar á Akranesi
**8. - 10. júlí**

Sæluhelgin á Suðureyri
**8. - 10. júlí**

Siglingadagar á Ísafirði
**14. – 17. júlí**

Hátíðin í Hrísey
**15. – 17. júlí**

Vopnafjarðardagar
**18. - 24. júlí**

Fjölskylduhátíð á Fáskrúðsfirði
**22. - 24. júlí**

Á góðri stundu í Grundarfirði
**22. – 24. júlí**

Vopnaskak á Vopnafirði
**26. – 31. júlí**

Neistaflug í Fjarðabyggð
**28. – 1. ágúst**

Iðandi dagar á Flúðum
**30. júlí – 1. ágúst**

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
**30. júlí – 2. ágúst**

Álfaborgarséns á Borgarf. eystra
**30. júlí – 2. ágúst**

Listasumar á Súðavík
**4. – 7. ágúst**

Grímsævintýri í Grímsnesi
**5. – 7. ágúst**

Hinsegin dagar í Reykjavík
**6. – 7. ágúst**

Hafnardagar í Þorlákshöfn
**6. – 7. ágúst**

Danskir dagar í Stykkishólmi
**12. – 14.ágúst**

Djúpavíkurdagar í Djúpavík.
**13. - 15. ágúst**

Norskir dagar á Seyðisfirði
**13. - 15 ágúst**

Töðugjöld á Hellu
**15. - 17. ágúst**







# Í vöggu FLUGSINS

***Eina flugsafn Íslands er við flugvöllinn á Akureyri. Flugvélarnef stendur út úr byggingunni. Það er af DC-6 sem ber merki Flugfélags Íslands öðru megin og Loftleiða hinum megin.***



Svanbjörn er rafveitustjóri á Akureyri en hefur ódrepandi áhuga á fluginu.

„Oft er sagt að vagga flugsins á Íslandi sé á Akureyri og að mörgu leyti er það rétt. Flugfélag Akureyrar var stofnað 1937, það varð Flugfélag Íslands 1943 og síðan Flugleiðir. Áhugi á flugi er rótgróinn á Akureyri og ótrúlega margir flugmenn Flugfélags Íslands, Loftleiða, Flugleiða, Atlanta og Cargolux eru héðan,“ segir Svanbjörn Sigurðsson safnstjóri. Sjálfur hreinsar hann sig ekki af þessari bakteríu. „Ég er með einkaflugmannspróf og hef ólæknandi áhuga á flugi,“ segir hann brosandi. Safnið var opnað árið 2000. Svanbjörn segir vel hafa gengið að afla muna enda sé búið að fylla húsið. Nú sé stefnt á ný húsakaup og þá fimmfaldist plássið. Meðal gripa er lítil vél sem Akureyringar smíðuðu sjálfir á sokkabandsárum flugsins og Jóhannes Snorrason, einn af farsælli flugstjórum landsins, byrjaði á að brotlenda henni í kirkjugarðinum. Að sögn Svanbjörns hefur oft verið flogið á henni síðan, síðast hafi Arngrímur Jóhannsson gert það í fyrra.



Búningar sem safninu hefur áskotnast. Jón Karl Snorrason, Arngrímur Jóhannsson, Jóhann Skírnisson og Torfi Bryngeirsson í þremur útgáfum.



Safnasafnið er í alfaraleið við þjóðveg eitt á Svalbarðsströnd.

# Áratugaafmæli Safnasafnsins

***Laugardaginn 7. maí verða opnaðar sex nýjar sýningar í Safnasafninu á Svalbarðsströnd í Eyjafirði.***

„Í garðinum verður sýningin Dvergar í skógi, sem nemendur 5. og 6. bekkja Valsárskóla unnu í vetur undir leiðsögn Ómars Þórs Guðmundssonar handmenntakennara,“ segir Níels Hafstein safnstjóri Safnasafnsins á Svalbarðsströnd í Eyjafirði. „Á fyrstu hæð er sýning í Suðursal á pennateikningum og málverkum eftir Bjarna Þór Þorvaldsson í Reykjavík og í Vestursal samsýning á tálguðum viðar- og sandsteinsverkum eftir Svein Einarsson frá Hrjót í Eiðaþinghá og ljósmyndum eftir Auðun Einarsson í Reykjavík af vinnu þeirra félaga við endurreisn Sænautasels á Jökuldalsheiði.

Þá er kynning á nýlegum brúðugjöfum frá einstaklingum víða um land. Á annarri hæð á palli er sýning á leirverkum eftir fjóra íbúa Sólheima í Grímsnesi, Halldór Hartmannsson, Kamilu Viðarsdóttur, Maríu Jacobsen og Sigurlín Sigurgeirsdóttur, sem þau hafa unnið hjá Herborgu Auðunsdóttur í leirgerð staðarins. Sýningin er sett upp í tilefni 75 ára afmælis Sólheima. Í Hornstofu er sýning á skúlptúr úr pappamassa, Fermingarveislu, eftir Söru Vilbergsdóttur í Reykjavík, og í Aðalsal er alþjóðleg sýning á verkum eftir 160 listamenn, 80 konur og 80 karla, sem er nokkurs konar þverskurður af viðfangi íslenskra listamanna, myndsýn þeirra, tækni og efni. Höggmyndir Ragnars Bjarnasonar taka á móti gestum við inngang safnsins sem endranær,“ segir Níels. Safnasafnið er opið daglega frá kl. 10-18 alla daga, nánari upplýsingar fást í síma 461 0606.

# Þægilegt að gista í Þinghúsinu

***Fuglarnir syngja í trjánum við Gamla þinghúsið á Hólmavaði í Aðaldal. Það hefur verið í göfugu hlutverki gistihúss um árabil og heitir einfaldlega Þinghúsið.***

„Við erum hér með sex tveggja manna herbergi og getum því hýst 12 manns,“ segir Þórdís Jónsdóttir, sem býr í Hraunbæ í Aðaldal. Hún hefur með rekstur Þinghússins að gera enda stendur það svo að segja á hlaðinu í Hraunbæ. Hin fagra Laxá í Aðaldal liðast framhjá og einnig sér í hraunjaðar skammt undan. Þórdís segir gesti marga heillaða af náttúrunni í kring. „Meira að segja pabbi getur ekki annað en dáðst að umhverfinu hér og viðurkennt að það sé „næstum eins fallegt“ og í sveitinni hans, sem er sjálf Mývatnssveitin,“ segir hún hlæjandi. Þinghúsið hefur verið notað til gistingar síðan 1988. Vaskar eru á herbergjunum og tvær sturtur í húsinu, auk eldhúss og stofu. Þórdís tók við rekstrinum 1996 er hún vitjaði æskustöðvanna eftir nokkra fjarveru. Hún býður upp á morgunverð en kvöldverð þarf fólk að panta fyrir fram.



Þinghúsið í Aðaldal.



Þórdís Jónsdóttir sér um rekstur gistihússins í Þinghúsinu.


BAKKAFLÖT • SKAGAFIRÐI
Fjölbreytt ferðaþjónusta!



Gisting
Tjaldstæði
Veitingar
Heitir pottar
Lítil sundlaug

Verið velkomin!

Símar 453 8245, 899 8245
bakkaflot@islandia.is • www.bakkaflot.com

Bátafjör Bakkaflöt
www.riverrafting.is



Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar
SJÁÐU ÞAÐ NÝJASTA!
OPIÐ UM HELGINA



OPIÐ:
laugardag kl.12-16
sunnudag kl. 13-17

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Verslaðu við traustan aðila!

EYJARSLÓÐ 5- 7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is

Efri-Vík



ÓVISSUFERÐIR, GISTING, HLÖÐUGRILLVEISLUR.
Gerum tilboð.
Efri-Vík ehf 880 Kirkjubæjarklaustur
netfang: efrivik@simnet.is • veffang: www.efrivik.is • s: 487 4694



# Hinn forvitnasti ferðafélagi

***Lón og vötn. Fjörur og fuglasveimur. Fossar og kjarr. Norður-Þingeyjarsýsla hefur upp á fjöldamargt að bjóða frá náttúrunnar hendi. Auk þess taka heimamenn vel á móti fólki.***

Á Kópaski er oft hægt að sjá sel við skerið sem Kópasker dregur nafn sitt af. Frí tjaldaðstaða er á Kópaskeri og í nágrenni þorpsins eru margar skemmtilegar gönguleiðir, niðri við sjó við enda Kópaskersflugvallar, er til dæmis gömul fjárborg. Þangað er gaman að labba og skoða fjöruna í leiðinni.

Við norðvesturhorn Melrakkasléttu er Rauðinúpur en í honum er mikil gíggjá. Rauða litinn fær núpurinn úr gjalli, og þegar sólarlagið er fallegt, sem það er oft á þessum stað, dregur ekki úr roða hans. Framan við Núpinn er drangi sem oft er nefndur Karlinn, en hann er einnig kallaður Jón Trausti eftir rithöfundinum Jóni Trausta er bjó um tíma í Núpskötlu og var fæddur og uppalinn á Melrakkasléttu. Við Rauðanúp er mikið af svartfugli, til dæmis langvía, álka, stuttnefja, rita auk hafsúlu, en hér er nyrsta súlubyggð á landinu auk þess sem hér er einn örfárra aðgengilegra varpstaða súlunnar.

Á Sléttu er mikið af lónum og vötnum sem iða af lífi, fiskar í vötnunum og fuglalífið mikið. Á undanförnum árum hafa sést um 120 tegundir af fuglum á svæðinu milli Lóns í Kelduhverfi og til Raufarhafnar. Selur er mjög algengur meðfram ströndum. Hefur komið fyrir að selurinn fylgi göngufólki eftir þegar farið er í labbitúra í fjörunni því hann er hinn forvitnasti ferðafélagi.



Hafrafell í Norður-Þingeyjarsýslu.



Sel má oft sjá við skerið sem Kópasker dregur nafn sitt af.



Snartarstaðalækur.

## uppáhaldsstaðurinn minn }



„Snæfellsnesið er minn uppáhaldsstaður á Íslandi, þar er mikil náttúrufegurð og sérstakt umhverfi sem laðar mann að sér," segir Friðrik Ólafsson stórmeistari í skák. „Það ríkir mikil dulmögnun í kringum Snæfellsjökulinn sem gaman er að upplifa. Annars er ég í ferðaklúbbi sem fer alltaf í ferðir einu sinni á ári og í hvert sinn á nýjan stað til þess að heimsækja og kanna."



Leiðsöguskóli Íslands

Nýjar leiðir í leiðsögunámi!

Afþreyingarleiðsögn | Almenn leiðsögn | Gönguleiðsögn

**Nám og kennsla**
Leiðsögunám er tveggja anna sérhæft starfsnám. Í kjarna er lögð áhersla á almenna þekkingu um náttúru, sögu og menningu landsins. Á kjörsviði velja nemendur milli afþreyingar-, almennrar - eða gönguleiðsögu. Námið er skipulagt í samstarfi við atvinnugreinina m.a. ferðaþjónustufyrirtækin, Íslenska fjallaleiðsögumenn ehf. og Fjallamenn ehf.

Kennsla fer fram mánudaga – miðvikudaga frá kl. 17:30 – 22:00 en æfinga- og vettvangsferðir á laugardögum eða um helgi.

**Inntökuskilyrði og umsóknir**
Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi. Allir umsækjendur þurfa að þreyta munnlegt inntökupróf í erlendu tungumáli að eigin vali.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást á skrifstofu skólans í síma 594 4025 eða á heimasíðunni http://www.mk.is

**Kynningarfundur um námið verður haldinn föstudaginn 6. maí kl. 17:00.**

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL

Leiðsöguskóli Íslands • Digranesvegi 51 • Kópavogur • Sími 594 4025 • www.mk.is • lsk@mk.is

HÉR & NÚ / SÍA



MYND/HESTAR/AXEL

Ragnheiður Samúelsdóttir og Stefán Sveinsson ríða á ísilagðri tjörn rétt við bæjardyrnar á Útnyrðingsstöðum.

# Hestaferðir í náttúrufegurð

***Svæðið sem farið er um í hestaferðunum frá Útnyrðingssstöðum er rómað fyrir náttúrufegurð, kyrrð og frábærar reiðgötur.***

„Hestaferðir á Útnyrðingsstöðum eru fjölskyldufyrirtæki og hafa starfað í áratug. Fyrirtækið sérhæfir sig í hestaferðum um Fljótsdalshérað, Borgarfjörð eystri og Loðmundarfjörð. Ferðirnar taka sex til átta daga. Eins bjóðum við upp á styttri ferðir fá Útnyrðingsstöðum sem taka um eina til fimm stundir um nágrenni Egilsstaða,“ segir Stefán Sveinsson, ábúandi að Útnyrðingsstöðum, sem eru rétt hjá Egilsstöðum í Fljótsdalshéraði. „Hestakostur er góður því að við rekum tamningastöð og þjálfun allt árið og erum ávallt með úrval söluhrossa. Menntaður kokkur er með í hverri ferð til að annast eldamennsku og fararstjórar eru íslensku-, ensku- og þýskumælandi. Við erum með skipulagaðar ferðir sem seldar eru almenningi og ferðaskrifstofum og eins gerum við tillögur að ferðum fyrir hópa sem vilja koma og fá alla þjónustu keypta hjá okkur.“

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðunni www.gaedingatours.is eða senda póst á netfangið gaedingatours@simnet.is

## uppáhaldsstaðurinn minn }

„Í fyrrasumar fór ég í fyrsta skiptið á stað sem ég hef lengi ætlað að fara á en það er Borgarfjörður eystri,“ segir Jón Ólafsson tónlistarmaður. „Hann er ekki í þjóðleið en ég fór þangað í svo fallegu veðri og kolféll fyrir náttúrufegurðinni. Það er staður sem ég gæti hugsað mér að heimsækja oftar.“










DRAUMADAGAR
Á HÓTEL KLAUSTRI Í MAÍ

• Stórkostleg náttúrufegurð
• Mild veðrátta
• Fyrsta flokks veitingar
• Vildarpunktar

Gerðu þér dagamun og fagnaðu vorinu á Hótel Klaustri. Við bjóðum sannkallaða draumadaga í maí-júní; gistingu fylgir fordrykkur og þriggja rétta kvöldverður. Bókaðu gistingu og láttu drauminn rætast.

Sími: 444 4000

Icelandic Tourist Board
www.icetourist.is

ICELANDAIRHOTELS
KLAUSTUR

Nordica | Loftleiðir | Flughótel | Hamar | Flúðir | Rangá | Klaustur | Hérað www.icehotels.is

ENNEMM / SÍA / NM161



Hótel Aldan hefur öðlast fyrri glæsileik.

# Dekkað upp með hvítu damaski

***Hótel Aldan á Seyðisfirði er í aldagömlum húsum.***

Hótel Aldan var byggð sem hótel undir lok nítjándu aldar og var þá talin eitt besta hótel á landinu. Hún hefur nú öðlast sinn forna glæsileik. Móttaka, veitingastaður og minjagripaverslun hótelsins eru til húsa í einu af elstu verslunarhúsnæðum landsins, sem þekkt voru undir nöfnunum Framtíðin og Verslun Jóns G. Húsnæðið hefur enn að geyma upprunalegar innréttingar frá 1920. Verðlaunakokkurinn Johannes Salting stýrir eldhúsinu á Öldunni og framleiðir þar sælkeramat úr öllu því besta sem Ísland hefur að bjóða. Í hádeginu er meðal annars boðið upp á „feng dagsins“ og aðra minni rétti. Kaffihúsið er opið til klukkan 17 með kökum og góðu ítölsku kaffi en eftir það þarf að dekka upp salinn með hvítu damaski og kristal fyrir kvöldið.

# Jöklasýning með umhverfishljóðum

***Þessi sýning reynir að miðla jöklafræði þannig að hún verði sem áhugaverðust fyrir gesti með mismunandi undirbúningsþekkingu og áhugamál.***

„Við höfum starfrækt Jöklasýningu hér á Höfn í Hornafirði síðastliðin fimm ár og sýningin er sífellt í uppbyggingu. Á síðasta ári ákváðum við að stokka hana töluvert upp og gera hana eftirminnilegri,“ segir Inga Jónsdóttir, menningarfulltrúi á Höfn. Sýningin er miðsvæðis í húsi við miðbæinn á Höfn.

„Húsnæði Jöklasýningarinnar er með mjög fallegt útsýni til jökla og ein af nýjungunum er sú að hægt er að fara upp á þakið á sérstakan útsýnispall. Við höfum verið með eina stóra kvikmynd til sýnis og einnig þrjá 42ja tommu skjái sem sýna lifandi myndir. Við höfum bætt við fræðslu vegna stækkunar þjóðgarðsins. Á sýningunni í ár nýtum við meira ýmis umhverfishljóð, efni í tölvum og beinan aflestur af tækjum sem notuð eru í rannsóknarskyni, svo sem rennsli í ám og skjálftavirkni í jökli.

Einnig erum við með nokkur líkön og setjum mikið púður í upplifunarherbergi þar sem gengið verður inn í eftirlíkingu jökulsprungu og íshellis. Jökulsprungan og íshellirinn eru dýrasti þátturinn í sýningunni fyrir okkur og mikið ævintýri að upplifa það fyrirbæri.

Ný og endurbætt sýning hefur fengið nýtt nafn og heitir nú „Ís-land, jöklasýning á Höfn“. Við þjóðveg eitt í sveitarfélaginu er merki Jöklasýningarinnar á nokkrum stöðum þar sem áhugaverð ummerki jökulsins er að sjá. „Á sýningunni er notaður texti Helga Björnssynar jöklafræðings, en í honum má finna kjarngóðar upplýsingar um tilurð og mótunaráhrif jökla,“ segir Inga.



Ný og endurbætt sýning hefur fengið nýtt nafn og heitir nú „Ís-land, jöklasýning á Höfn“.







Sæferðir

Vertu til...... Vorferðir Sæferða









**Sæferðir** í Stykkishólmi bjóða nú sem fyrr, **frá 20. apríl til 20. júni**, sín sívinsælu vortilboð þar sem lónað er um eyjasundin á Breiðafirði, vorkomu, fuglalífs og náttúru notið, veiddur skelfiskur og boðið upp á glæsilegt veisluhlaðborð.

**Suðureyjasigling.** Ævintýrasigling um Breiðafjörð sem tekur tæplega tvo og hálfan tíma. Brottför daglega kl. 11. Sérferðir með hópa yfir 25 manns. **Tilboðsverð** kr. 3.450,- á mannin.

**Veisluferðir.** Rúmlega þriggja og hálfs tíma ævintýrasigling um Breiðafjörð með glæsilegu veisluhlaðborði frá **aðeins 4.950 kr.** á mannin. Einnig er hægt að fá aðra matseðla og sérferðir fyrir hópa yfir 20 manns. Þá er siglingin og matseðillinn útfærður í samræmi við óskir viðskiptavinarins.

**Börn**, í fylgd með fjölskyldu sinni, til og með 11 ára fá frítt,12 ára til og með 15 ára greiða hálft gjald.

Ferð með Sæferðum er **kjörið tækifæri** til að njóta náttúrunnar og borða góðan mat í óvenjulegu og heillandi umhverfi. **Fyrirtækið** á tvö afar vel útbúin skip, sérhönnuð sem skemmtiferðaskip. Skipin eru tveggja skrokka, sem gerir þau sérlega stöðug og örugg. Hægt er að taka samtímis allt að **200 manna hóp í vortilboðsferðir.** Ferðir okkar eru upplagðar fyrir ýmisskonar hópa sem hafa hug á einstakri upplifun. Við getum einnig útvegað gistingu og rútur til og frá brottfararstað.

**Nánari upplýsingar** um ferðir okkar og fyrirtækið eru á heimasíðu Sæferða **www.seatours.is** Einnig getið þið sent tölvupóst ef þið viljið afla ykkur frekari upplýsinga á **seatours@seatours.is**

Með bestu kveðju og von um að sjá þig í vor og sumar.

Starfsfólk Sæferða

Sæferðir - Smiðjustíg 3 (við höfnina) - 340 Stykkishólmur - Snæfellsnesi
Sími 438-1450 - saeferdir@saeferdir.is - www.seatours.is

Ferðamálaráð Íslands

www.infotec.is



HAFSÚLAN

**Hvalaskoðun frá Reykjavík**

**með viðkomu í Lundey**
**og heimsókn í fræðslusetrið við Ægisgarð**

Brottför frá Ægisgarði alla daga í sumar
**kl. 09:00, 13:00 & 17:00**



Bjóðum einnig upp á sjóstangveiði með mb Gesti eftir pöntun.

WHALE WATCHING CENTRE REYKJAVÍK

Uppl. í síma 533 2660
**www.hafsulan.is**



Það er ævintýri að sigla kringum drangann og fuglalífið er tilkomumikið, þarna er hægt að sjá nánast allar tegundir sjófugla á Íslandi.

# Sigling á hjólabáti er óvenjuleg upplifun

***Við Dyrhólaey er hægt að sjá nánast allar tegundir sjófugla á Íslandi. Aldrei er þó siglt þangað nema þegar gott er í sjóinn.***

„Helstu íslensku hóparnir sem panta hjá okkur eru fyrirtækja- og ráðstefnuhópar en einnig koma til okkar hópar í skólaferðalögum. Margir hafa sömuleiðis haldið upp á afmælið sitt eða komið til okkar í óvissuferð,“ segir Margrét Guðmundsdóttir, einn eigenda Dyrhólaeyjaferða. Margrét og fjölskylda hennar stunda búskap að Vatnsgarðshólum og hafa frá árinu 2002 boðið upp á Dyrhólaeyjaferðir, sem njóta vaxandi vinsælda. „Til að komast til okkar er beygt af þjóðvegi eitt og ekið inn á veg 218. Frá þjóðvegi eitt eru aðeins um tveir km til okkar. Við förum aðallega með hópa, bæði Íslendinga og útlendinga sem skiptast til helminga að jafnaði, að lágmarki tíu í hverja ferð. Hver ferð tekur um einn og hálfan tíma og alltaf er leiðsögumaður með í för. Við erum með tvo hjólabáta, 35 og 50 manna. Sá minni er yfirbyggður og er notaður meira þegar veður eru válynd eða fyrir minni hópa. Við förum aldrei út nema þegar gott er í sjóinn enda reynum við að fara eftir ströngustu öryggiskröfum.“

Það þykir skemmtileg upplifun að sigla í gegnum gatið á Dyrhólaey. „Það er ævintýri að sigla kringum drangann og fuglalífið er tilkomumikið, þarna er hægt að sjá nánast allar tegundir sjófugla á Íslandi. Landferðirnar eru mjög skemmtilegar, en þá er farið frá Dyrhólum með ströndinni. Þær verða oft fyrir valinu þegar ekki er hægt að sigla vegna öldu. Þá er ekið eftir flæðarmálinu austur brimströndina að Dyrhólaey þar sem gatið og drangarnir blasa við, stoppað um stund og gestir njóta frábærs útsýnis. Mýrdals- og Eyjafjallajökull blasa við og eru mikilfenglegir í góðu veðri. Það tekur tæpar tvær klukkustundir að keyra til okkar frá höfuðborgarsvæðinu og því upplagt að skreppa til okkar ef fólk vill upplifa eitthvað nýtt,“ segir Margrét.




**Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni í Grafningi býður upp á bæði. Þar er frábær aðstaða fyrir alla fjölskylduna í helgarferð eða lengri ferðum. Innan við klukkustundar akstur frá Reykjavík.**

- Góðar og margar tjaldflatir með salernis- og hreinlætisaðstöðu auk grillstæða.
- Úlfljótsvatn við túngarðinn með bátaleigu og silungsveiði.
- Stór tjörn fyrir vatnaleiki með leiktækjum.
- Þrautabrautir af ýmsum gerðum.
- Stærsti klifurturn landsins.
- Íþrótta- og leikjasvæði.
- Gönguleiðir fyrir unga sem aldna.






**Tjald- og útivistarsvæði fyrir fjölskylduferðina, ættarmótið eða starfsmannaferðina.**

Skátar leggja áherslu á að veita almenningi greiðan aðgang að þessari náttúruperlu með það að markmiði að gefa sem flestum tækifæri til að njóta staðarins og upplifa „undraland við Úlfljótsvatnið blátt" í Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni. Þú mætir bara með tjaldið.

Staðsetning Útilífsmiðstöðvarinnar að Úlfljótsvatni er einstök. Stuttur ferðatími frá höfuðborgarsvæðinu og nálægð við margar af mestu náttúruperlum landsins gerir svæðið að góðum valkosti til útivistar. Nesjavellir, Þingvellir, Laugavatn, Gullfoss og Geysir eru innan seilingar svo ekki sé minnst á Ljósafosslaug og athyglisverðar gönguleiðir sem umlykja svæðið.

ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA
ÚLFLJÓTSVATNI

ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA ÚLFLJÓTSVATNI - UPPLÝSINGAR Í SKÁTAMIÐSTÖÐINNI HRAUNBÆ 123, 110 REYKJAVÍK - SÍMI 550 9800 - www.skatar.is/ulfljotsvatn

# Í þjóðbraut inn á hálendið

*Rjúpnavellir hafa boðið upp á ferðaþjónustu í þrjú ár að Rjúpnavöllum í Landsveit, fyrst í einu gistihúsi en nú eru þau orðin tvö með gistirými fyrir 44 manns.*

„Ég keypti 40 hektara lands fyrir nokkrum árum að Rjúpnavöllum í Landsveit og fyrir þremur árum síðan var gistiskáli tekinn í notkun á svæðinu með gistirými fyrir 24 í svefnpokaplássi," segir Björn Halldórsson, eigandi ferðaþjónustunnar að Rjúpnavöllum. „Síðan erum við búnir að bæta við tveimur skálum, annar þeirra er með gistirými fyrir 20 manns en þann þriðja er ég með fyrir mig eða þann aðila sem annast eftirlitið. Skálar þessir eru í þjóðbraut inn á hálendið, en Rjúpnavellir standa við Eystri-Rangá við rætur Heklu.
Skálarnir eru hitaðir upp með arinofni og í þeim er rafmagn og kalt vatn og sturta er á svæðinu. Vertíðin hjá okkur hefst ekki fyrr en í lok júní, vegna þess hve seint hálendið er opnað fyrir umferð, en stendur frameftir septembermánuði. Flestir gesta okkar hafa verið útlendingar í gegnum ferðaskrifstofur og Íslendingar eru kannski færri en ég bjóst við í upphafi. Mér fannst líklegt að hestamenn yrðu stór hluti gesta, en þeir hafa verið færri en ég bjóst við," segir Björn.
Rjúpnavellir eru einnig góður kostur fyrir ýmsar uppákomur og tækifæri svo sem vinnufundi, stórafmæli, ættarmót, dagsferðir, kajakferðir og fl.



Skálar þessir eru í þjóðbraut inn á hálendið.

## menningin blómstrar }

Listahátíð í Reykjavík
**14. maí – 5. júní**

Isnord-tónlistarhátíðin í Borgarnesi
**13. – 15. maí**

Á seyði, Listahátíð á Seyðisfirði
**15. maí – 17. ágúst**

Vor í Árborg
**20. – 22. maí**

Sumartónleikar í Stykkishólmskirkju
**28. maí – 1. september**

Tónleikaröð Stykkishólmskirkju
**1. júní – 31. ágúst**

Við Djúpið á Ísafirði
**4. – 8. júní**

Listasumar á Akureyri
**22. – 26. júní**

Sumartónleikar í Skálholti
**25. júní – 30. júlí**



Sumartónleikar í Akureyrarkirkju
**4. júlí – 1. ágúst**

LungA á Seyðisfirði
**11. – 16. júlí**

Reykholtshátíð með sígildri tónlist.
**22. – 25. júlí**

Handverkshátíð á Hrafnagili
**5. – 8. ágúst**

Listasumar í Súðavík
**12. – 15. ágúst**

Menningarnótt í Reykjavík
**20. ágúst**










Það er fallegt um að litast á Snæfellsnesi og gaman að ríða út.

# Hestum sleppt í góðum félagsskap

***Íshestar ehf. hafa boðið upp á lengri hestaferðir á sumrin út um allt land í 23 ár en í sumar setur fyrirtækið nýjung á markaðinn, svokallaðar sleppiferðir – hestaferðir sem hannaðar eru fyrir Íslendinga.***

„Síðustu þrjú til fjögur árin hefur verið aukinn áhugi á hestaferðum meðal Íslendinga. Þeir eru komnir langleiðina með að vera næststærsti hópurinn okkar á eftir Þjóðverjum. Áður fyrr voru aðeins um tíu til fimmtán Íslendingar sem fóru með okkur í hestaferðir yfir sumarið en síðan við byrjuðum að auglýsa þessar sleppiferðir á heimasíðunni okkar hefur síminn ekki stoppað,“ segir Einar G. Bollason, framkvæmdastjóri Íshesta.

Farnar verða tvær sleppiferðir í sumar, annars vegar þriggja daga ferð á svæðinu milli Ytri-Rangár og Þjórsár 10. júní og hins vegar fjögurra daga ferð í nágrenni Snæfellsjökuls og Eldborgarhrauns 15. júní. Ferðirnar eru kallaðar sleppiferðir, því þær eru farnar á þeim tíma sem fólk er að sleppa hestum sínum út og því tilvalið fyrir hestafólk að sleppa hestunum og fá góðan félagsskap í leiðinni.

„Þessar ferðir eru sérstaklega sniðnar að þörfum hestamanna sem eiga hesta þó að allir séu auðvitað velkomnir. Sumir eru ef til vill að byrja í hestamennsku, eiga bara tvo til þrjá hesta og geta ekki farið í ferðir en sumir eiga nóg af hestum en kunna ekki að fara í ferðir. Við viljum því bjóða þessu fólki í sleppiferðir með okkur,“ segir Einar sem hefur nokkrar skýringar á



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Einari ásamt dóttur sinni Bryndísi, framkvæmdastjóra hestamiðstöðvar Íshesta.

auknum áhuga Íslendinga á hestaferðum. „Það er margt sem spilar inn í en í fyrsta lagi er mikil aukning í hestamennsku og mikið af fólki sem vill láta halda í höndina á sér til að byrja með. Í öðru lagi er mikið af fólki sem á ekki hest en átti einhvern tímann hest eða hefur alltaf langað í hest sem langar að láta drauminn rætast. Í þriðja lagi eru þaulreyndir hestamenn sem hafa gefist upp á að sjá um ferðir og skipuleggja allt í kringum þær og vill hafa meiri huggulegheit og einhvern til að sjá um allt fyrir þá. Svo í fjórða lagi hefur fólk það mun betra nú en áður. Fólki fannst hestaferðir mjög dýrar en gleymdi að taka með inn í reikninginn að það eyðir ekki krónu í ferðunum sjálfum.“

Í fjögurra daga ferðinni um Snæfellsnes er gist í uppábúnum rúmu á huggulegum sveitabæ og er verðið 58.000 krónur á mann. Í þriggja daga ferðinni er verðið 39.000 krónur en gist er í svefnpokaplássi. Nánari upplýsingar er að finna hjá Íshestum á Sörlaskeið 26 í Hafnarfirði og á heimasíðu þeirra, ishestar.is.

# Þar sem víðsýnið blasir við af palli

***Með stærsta hraun í heimi undir fótum, lengstu á á landinu við hlið sér og vatnsmesta fossinn við bæjardyrnar.***

Austur-Flói er hið láglenda svæði milli Ölfusár-Hvítár og Þjórsár, neðan Merkurhrauns. Valdimar Össurarson er ferðamálafulltrúi þar. Hann býr nærri félagsheimilinu Þjórsárveri og er stoltur af sínum flatlenda Flóa. „Við eigum okkar hundaþúfur og Himmelbjerg hér en engin há fjöll sem skyggja á útsýnið, þessvegna getum við líka státað af mesta víðsýni á landinu. Við Þjórsárver hefur verið settur upp útsýnispallur og fræðsluskilti og þar geta menn sannreynt þetta.“

Valdimar nefnir söguslóðir austan til í Flóanum sem örnefnin Orustudalur og Skotmannshóll eru til vitnis um. Þar hefur verið merkt gönguleið um og í sumar á að merkja mjög fallega leið meðfram Hvítá, upplýsir hann. Flóaáveitan er eitt af trompunum, sem hann nefnir en hún var stærsta mannvirki í Evrópu á sinni tíð. „Auk þess erum við með hrekkjóttasta mórann, hann Kampholtsmóra sem er enn í miklu fjöri,“ segir hann grallaralegur.

Valdimar vill endilega koma á framfæri hátíð sem nefnist Fjör í Flóanum og verður haldin í lok maí. Reyndar verður hún boðuð með axarboði sem hann segir hafa verið einu löglegu leiðina til að boða mannfundi fyrr á öldum. „Menn hafa sameinast um að gleyma siðnum og týna öxunum en við ætlum að rifja þetta upp og listakonan Sigga á Grund er að skera út axir fyrir okkur. Svo er verið að þjálfa fornmenn í stórum stíl,“ segir Valdimar kampakátur.



Valdimar er vestfirskur galdramaður sem kemur ýmsum hlutum í verk í Flóanum.

Nýtt símanúmer

hjá dreifingu:




550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT








160
66 NORTH
Tilvalið fyrir Smuguna, Jan Mayen
og allar styttri ferðir niður Laugaveg.
www.66north.is
Kringlan Reykjavík, Lækjargata 4 Reykjavík, Faxafen 12 Reykjavík
Miðhraun 11 Garðabæ, Glerárgata 32 Akureyri og söluaðilar um land allt.
Klæddu þig vel
66°
NORÐUR
JONSSON & LE'MACKS

# GARÐBLÓMABÓKIN

## er komin í verslanir

**Í bókinni er m.a.**

fjallað um 63 ættir burkna, tvíkímblöðunga og einkímblöðunga

fjallað um yfir 400 ættkvíslir og einkennum þeirra lýst

fjallað um nokkuð á annað þúsund tegundir garðblóma og auk þess fjölmörg afbrigði þeirra, tilbrigði og sortir

eru um 800 litmyndir af garðblómum í íslenskum görðum

er umfjöllun um langflestar tegundir, afbrigði og sortir garðblóma sem reynd hafa verið í íslenskum görðum og gefið hafa góða raun.

**Bókin er 480 bls. í stóru broti og öll litprentuð.**




## Sannkölluð blómaveisla!

**Grundvallarrit fyrir alla garðeigendur og áhugafólk um ræktun.**

Kynningarverð aðeins
kr. 3.990







**SKRUDDA**

Eyjarslóð 9 • 101 Reykjavík
s. 552 8866 • www.skrudda.is

# Glys og glæsileiki

ÍTALSKI FOLINN ROBERTO CAVALLI ER ÞEKKTUR FYRIR DJARFA LITI OG DÝRASKINN.




Nýjasta auglýsingaherferð Roberto Cavalli sem skartar hvorki meira né minna en ofurskvísunni Kate Moss í aðalhlutverki hefur hlotið einróma lof aðdáenda ítalska folans um allan heim enda með eindæmum vel heppnuð herferð sem segir allt sem segja þarf um mannin og fötin hans. Rómantískt barrokk með glamúr og glæsileika.
Cavalli er fæddur í Flórens árið 1940 og hóf framleiðslu á stuttermabolum áður en hann sýndi sína fyrstu tískulínu árið 1972. Hann er upphafsmaður tækninnar að prenta munstur á leður og hefur verið þekktur síðan fyrir óhefðbundnar leiðir við hönnun á leðri og skinni. Hann varð fljótt vinsæll á meðal ungra uppa í glamúrlífinu en vinsældirnar dvínuðu á tíunda áratugnum þegar barrokk og glamúr voru ekki efst á vinsældalista tískuspekúlantanna. Síðan þá hefur heilmikið breyst í tískuheiminum, einfaldleikinn hefur vikið fyrir djörfung og fjölbreytni og í kjölfarið hefur stjarna Cavalli risið hratt og örugglega að nýju. Stórstjörnur kvikmynda og tónlistarheimsins keppast nú um að vera fyrstar og fremstar í feldunum hans Cavalli enda einkennast flíkur hans af glysi og glæsileika.

## Öflugri lyftandi eiginleiki

Lancóme hefur endurbætt eina af formúlum sínum.

Rénergie Intense Lift línan frá Lancóme hefur breyst í Rénergie Morpholift. Formúlan er breytt en hún hefur nú mun öflugri lyftandi eiginleika.
Rénergie Morpholift hefur hnitmiðað áhrif á húðina og er fyrir þá sem hafa áhyggjur af hrukkum, skorti á þéttleika og teygjanleika.



Rénergie Morpholift örvar orku frumnanna svo öll starfsemi húðarinnar eykst til muna og endurheimtir fjaðurmagn húðarinnar ásamt því að endurbyggja stuðningsþræði.


BON ´A PARTE SUMAR 2005



Jakkapeysa: 5.020,- Toppur: 2.320,-
Buxur: 5.380,- Skór: 5.980,-
Taska 1.780,-

**Nýja sumarlínan er komin. Glæsilegt úrval.**

Nánar á netsíðu:
www.svanni.is

Sendum lista út á land

PÓSTVERSLUNIN SVANNI
Stangarhyl 5 • 110 Reykjavík
Sími: 567 3718 Fax: 567 3732
svanni@svanni.is
www.svanni.is


## Við elskum Brasilíu

NAOMI CAMPELL SETUR BOLI Á MARKAÐINN TIL AÐ SAFNA PENING FYRIR FÁTÆK BÖRN.


Naomi Campell er ein vinsælasta fyrirsæta heims fyrr og síðar.

Ofurfyrirsætan Naomi Campbell gekk til liðs við brasilíska forsetann Luiz Inacio Lula da Silva í síðustu viku til að berjast gegn fátækt í Brasilíu.
Naomi setti stuttermabol á markaðinn um allan heim með áletruninni „Við elskum Brasilíu" til að vekja athygli á málstaðnum. Allur hagnaður af sölu bolanna fer í góðgerðarsamtök barna í Suður-Ameríku. Naomi verður líka sendiherra fyrir ferðamannaiðnaðinn í Brasilíu og segir að stjörnur eins og Bono í U2 eigi eftir að leggja málefninu lið.





birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »







# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAMIÐSTÖÐIN
HYRJARHÖFÐA 2 - SÍMI 5405800



VW Golf Comfortline, 9/2000, ekinn 73 þ. km, sjálfsskiptur, álfelgur, geislaspilari, Ný tímareim, verð 1.090.000. áhvílandi 400.000.



Toyota Corolla 1600 Liftback 1600, 1/2000, ekinn 75þkm, 5 gíra, sumar/vetrardekk, auka felgur, geislaspilari, verð 850.000.-



Toyota Carina E 2.0 GLi, árgerð 1994, ekinn 186þkm, álfelgur, geislaspilari, sumar/vetrardekk, þjónustubók, verð 480.000.-



Nissan Micra 5/1998, 1300, ekinn 114þkm, sjálfskiptur, verð 450.000 góður bíll á góðu verði.



VW Passat Comfortline, 9/2000, ekinn 55þkm, 5 gíra, álfelgur, Geislaspilari, verð 1.150.000.-

**Bílamiðstöðin**
**Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 540 5800**
**www.bilasala.net**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



HYUNDAI SANTAFE V-6. Árg '03. Ek 32 þ.km. Ssk, leðuráklæði, Filmur, álfelgur. Umboðsbíll. Engin skipti. Verð kr. 2530.000

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

LITLA bílasalan www.litla.is S. 587 7777



Bmw X-5 3.0 2002, ssk, grár, ek 47 þ. km, 18" álf. Verð 4290 þús. Flott eintak.



Isuzu Trooper 3.0 Tdi 2000, ssk, 33"dekk, lán 1500þús, verð 2290 þus.1.eigandi.

**Litla bílasalan**
**Funahöfða 1, 112 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

SPA bíll



Ný 2005 Suzuki XL7 Limited. Leður, lúga, sjálfskipting, loftkæling, Álfelgur ofl. Okkar verð: 3.348 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

VÍKUR V·E·R·K



Hjólhýsi. Buerstner hjólhýsin eru komin og til sýnis hjá Víkurverk Tangarhöfða 1. Sérstakt kynningarverð. Upplýsingar í síma 557 7720. www.vikurverk.is

**Víkurverk**
**Tangarhöfði 1, 110 Reykjavik**
**Sími: 567 2357**
**www.vikurverk.is**

12 volt



Land Cruiser LX árg '02. Ekinn 54þ. Litað gler, krókur, beinsk, þjófavörn. Einn eigandi. Verð 2.990.000-. Uppl í s 896-9616

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

HEIMSBÍLAR www.heimsbilar.is



Nissan Almera Slx 1.6 At., nýskr 03/99., ek 86 þ.km., hvítur., dráttarkrókur., álfelgur., heilsársdekk o.fl. Verð 690.000. Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.

**Heimsbílar**
**Klettháls 11a, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

## Bílar til sölu



Hyundai Coupe 97 svartur ekinn125þkm til sölu. 2,0L mótor ek. c.a. 40 þ.km, gírkassi úr 1,6L, Nology kertaþræðir, Kaftkubbur, flækjur, ITG sía, vængjahurðir, sportafturljós, shortshifter, álfelgur. Bíll í TOPP standi. Ásett verð 690.000kr, tilboð óskast. Uppl. í síma 895 6611 eða johajako@simnet.is



Lexus IS 200 Limited Árg '04 ekinn 11.00þ. Nýjar auka felgur og nagladekk fylgja.Áhvílandi lán 2,7 milljónir. Verð 2.850.000. Sími 864-1963 Stefán



Golf St. 4x4 '03, 2,0l, e. 43 þ., álf., toppl., rafm í r., dr. kúla. Áhv. 1770 þ. V. 1890. S. 856 6769.

Suzuki Sidekick árg. '91, ekinn 155 þús. míl. CD og 2 dekkjagangar. Verð 190 þús. stgr. Uppl. í s. 896 3130.

## 0-250 þús.



Til sölu Toyota Corolla '94, sjálfsk., ekinn um 130 þús. km. Þarfnast einhverrar aðhlynningar. Vetrar og sumardekk. Verð 130.000 kr. Uppl. í síma 894 2330.



Til sölu VW Passat árg. '92. Rúmgóður fjölskyldubíll. Verð 220 þús. Uppl. í s. 696 3889.



Honda Civic '92. 1,5 álfelg, ek. 127 á vél, vel með farinn, verð 390 þús. Stgr. 250 þús. S. 862 2552.



Toyota Hilux árg. '84. Ný heddpakkning. Sk. '06. Verð 130 þús. Sími 848 3478.

Óska eftir gömlu Willys eða Land Rover. Helst á númerum. S:699-7375

Til sölu MMC L300 '91, 4x4, nýskoðaður '06. Í ágætustandi. Á 250 þús. Ath. skipti og tilboð. Uppl. í s. 892 8387 eftir kl. 18.

Saab 9000 '88 til sölu á mjög sanngjarnu verði. Í ágætu lagi. S. 892 9191.

KIA Pride árg. '00, ek. 149 þús., sk. '06 fæst á 245 þús stgr. Uppl. í s. 896 6744.

VW Vento árg. '93, 1,8 vél. Verð 150 þús. Uppl. í s. 692 4310.

Citroen B16, árg. '91, svartur, ek. 164 þús. Uppl. í s. 869 7104.

Til sölu Hyundai Pony árg. '94, ek. 92 þ. km. Ný tímareim. Þarfnast smáv. legra lagfæringa á bodyi. Verð kr. 100 þús. S. 699 0610.

Daihatsu Charade '93, 5 dyra sjálfsk. Ek. 82 þ. Þarf viðgerð. 50 þús. kr. S. 864 1630.

BMW 318 '88 í góðu standi og lítur vel út. Verð aðeins 149 þ. S. 699 6232, Stefán.

Honda Civic '91, í góðu standi. selst á 200 þús. S. 869 4126.

**Nissan Sunny SR1,6**
árg. '94 ek. 170 þ. V. 120 þ. Rauður, álfelgur, litað gler. Uppl. í s. 698 7317.

## 250-499 þús.



Toyota Corolla '96. Ek. 102.000, ssk. Gott eintak. Verð 395.000. S 862 1116.



Auðveld kaup! Daihatsu '99. Ásett 580.000 stgr., 430.000 áhv. ca 400.00, 12.000 á mán. S. 862 1116.



Volkswagen Golf '96, ek. 130 þús. Verð 300 þús. Nýskoðaður, sumar-og vetrardekk. Uppl. í síma 892 8456.



Toyota 4Runner Excecutive 6/1992. vínrauður og grár, rafm. í öllu, leður, ssk., br.f. 33" er á 31". Fallegur bíll í góðu standi. Sk. ýmis skipti. S. 856 2794 & 696 9089.



Toyota Corolla árg. '95, 3ja dyra, ek. 192 þús. Vetrardekk fylgja með, sk. '06. Verð 300 þús. Uppl. í s. 660 4474 eða 868 5405.

Hyundai Accent GLS, dökkblár, árg 98, ekinn 102.000km, nýskoðaður. Verð 360 þús.Uppl. í síma 863 5478

Daihatshu Terios árg. '98. ek. 122 þús. Verð 370 þús. Uppl. í s. 897 0692.

Til sölu! Opel Astra II sedan 1,6 gl 1999, ek. 129 þús. Sk. '06. Góður bíll. Verð 360 þús. Selfoss, s. 846 5312.

Honda Civic 1,4 SI, árg. 08/'97, sk. '06, topplúga, 15" álfelgur, ný dekk, CD. Uppl. í s. 862 2505.

## 500-999 þús.



**MMC Mirage Coupe**
Fallegur bíll. 2ja dyra, árg. '02. Ek. 35 þ. km. Nýsk. á nýjum dekkjum, allur ný yfirfarinn, ssk. V. 980 þ. Áhvílandi lán 650.000. Uppl. í síma 895 8873.



Mitsubishi Pajero '93 ek. 203 þ. V. 700 þ., áhv. lán ca. 350 þ., afb. 17 þ. á mán. Ath. skipti. Uppl. í s. 824 0539.



Nissan Almera '98, ek. 85 þ. 1.4l. V. 540 þús. S. 896 5007.



Útsala! Toyota Corolla Terra '02 5 g., 4ra d., smurbók, reyklaus. Ásett 790 þ. Tilboð 630 þ. S. 691 3589.



Lancer '99 ek. 79 þ. Sjálfsk., geislasp., þjófav. Nýsk. '06. Selst á uppítökuverði umboðs 570 þ. S. 892 5257 & 588 0115.

Til sölu Toyota Corolla L/B 1600 vvti. Árg. 10/'00, ek. 65 þ. Mjög fallegur og vel með farinn bíll. Gott verð. S. 899 5555.

## 1-2 milljónir



Toyota Rav4 VVT-I, 2000 árg. Ek. 115 þ., sjsk. Verð 1590 þ. Áhv. 600 þ. Mjög góður bíll sem gott er að keyra. S. 822 1824.



Toyota Avensis 2,0 árg. 2001. Sjálfsk. Ekinn 7500 km. Engin skipti. Verð 1.350.000. Uppl. í síma 557 2565 & 698 6936.



Opel Zafira árg. 2000, ek. 71 þús., ssk., einn eigandi frá upphafi, vel með farinn bíll, 6 diska dvd spilari og skjár fylgja með. Tilboð 1290 þús. stgr. Uppl. í síma 660 2625.



Fallegur Suzuki Grand Vitara XL7 (7 manna) á góðu verði kr.1.690 þús. B.skipt. 93.000 km. Victor s. 892 9555.



MMC Galant ES "03. Ek. 21.000 km. Ssk. 2,4L., skoð 06. Góður bíll. Verð 1.850. þús. Skipti á ódýrari koma til greina. Uppl. í síma 865 1166.



Dodge Caravan árg. '01, 7 manna. Mjög sanngjarnt verð 1.590 þús. Áhv. 850 þús. Uppl. í síma 861 1020 & 861 9190.

## 2 milljónir +



**2005 nýr Ford**
F250 XLT, 6,0l diesel 4x4,tow, pakki ofl. silfur grár forskráður og tollafgreiddur. Verð 4,4 milljónir. Upplýsingar í s. 893 6001. Allt í einu ehf.



Forf F 250 Laret, árg. 2005. ek. 7400 mílur. Er með Raino liner, kafteinsstólum, húsið fylgir. Vel með farinn. Einn eigandi. Verð 4,6 milj. með vsk. S. 899 3004.

## Hjólbarðar

**NÝDEKK**
Skeifan 5 • 108 Reykjavík
**Ódýrustu dekkin í bænum?**
Opið virka daga 08-18 og um helgar 12-16
Símar 553 5777, 663 5776



Til sölu álfelgur 14" á dekkjum 195x60sm fyrir Toyota. S. 861 2255.

4 sumardekk, 185/65/15 á álfelgum til sölu. Verð 35.000. Uppl. í s. 822 8009.

Óska eftir ál eða krómfelgum undir Subaru (5 gata). Uppl. í s. 895 7496.

Til sölu Ronal 18" álfelgur undir Passat. Verð 70 þús. Einnig óskast sumardekk á Toyota Previu. Uppl. í síma 698 2086.

## Varahlutir

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Alternatorar-startarar**
Viðgerðir-sala. Tökum þann gamla uppí. Vm/Rótor ehf. Helluhr. 4, s. 555 4900.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Body hlutir. Eigum á lager boddy hluti í Grand Cherokee, Stratus, Caravan. Ingóbílar sími 897 0163.

**Hedd 557 7551**
Golf, Polo, Skoda Fabia, Feilicia, Neon, MMC, Nissan, Subaru, Toyota 4 runner, Applos ofl. Hedd, Skemmuvegi 16.

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Nissan, VW, Subaru, Skoda og fl. Opið mán-föst 9-18.

Óska eftir VW vél 1400 eða knastás. Uppl. í s. 897 1401.

## Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Leigjum og seljum hljóðkerfi stór og smá. JBL, Crown, AKG HljóðX. Grensásvegi 12 sími 553 3050.

Bílskúrshurðaþjónustan. Bílskúrshurðir og mótorar, varahlutir - viðgerðir. Halldór S. 892 7285.

Ný sending af flottum flísum, gólfflísar 33x33 1900 ke og fl. tilboð. Baðkar sýningareintak með 50% afslætti. Gott verð á sturtuklefum. Húsheimar Lækjargötu 34, Hafnarfirði. S. 553 4488 www.husheimar.is

Til sölu Strata 321. Vel með farið. Selst á góðu verði. Upplýsingar í síma 862 8766.

Til sölu eitt fullkomnasta hljómborð frá Yamaha PSR 2100, þriggja mánaða gamalt. Kostar nýtt 160 þús. Fæst á 110 þús. S. 869 6847.

**Hillur. Síður kvenmanns leðurjakki, Bókin SOS Hjálp fyrir foreldra, ný ónotuð brauðgerðavél. 33" dekk og álfelgur Toyota Hi-Lux fylgir. Pajero Ssk., og vél, tilboð. Uppl. í s. 567 8999 & 864 0963 Sjá www.folk.is/55555**

Til sölu tveir notaðir heitir pottar, annar á 35 þús., og hinn á 18 þús. Uppl. í s. 661 2935.

35 ferm. af notuðum gangstéttahellum, 20x40 til sölu. Uppl. í síma 663 2300.

Fallegt marmarastofuborð í roccó stíl og 3ja sæta sófi í stíl. Fæst á góðu verði. Símar 557 3308 & 699 7842.

**Þvottavélar**
Til sölu nokkrar notaðar þvottavélar. Tökum bilaðar uppí. Sími 847 5545.

**Prenthylki**
Áfyllingarþjónusta fyrir alla prentara. Við fyllum á blek og tóner hylki. Tilboðsverð : Blekhylki á 1790 kr og Tónerhylki á 3990 kr. Móttaka hjá Boða Stimplagerð Bolholti 6. www.prenta.is



Léttir og þægilegir sumarskór úr leðri í stærðum 36-42 kr. 3.200, Misty Skór Laugavegi 178 S. 551 2070.



Til sölu sófasett pluss, 3+2+1, einnig sófab. Venjul og í horn, Á sama stað Lazyboy stóll sem nýr. Uppl. í síma 664 8005.

## Gefins

2 yndislegir, góðir og fallegir 8 vikna kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 896 2410.

## Óskast keypt

Óska eftir notuðum álfelgum, 5 gata, 15" undir VW Passat. Uppl. í s. 693 0832.

## Heimilistæki

Notaður ísskápur óskast. Vinsamlega hafið samband í 661 5621 eða dui@islandia.is

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 690 2020. www.harmonikan.is

**TÞM**
Æfingahúsnæði á heimsmælikvarða, laus rými til leigu, stakar æfingar. tonaslod.is & contact@tonaslod.is. Sími 824 3001 & 824 3002.

Til sölu eitt fullkomnasta hljómborð frá Yamaha PSR 2100, þriggja mánaða gamalt. Kostar nýtt 160 þús. Fæst á 110 þús. S. 869 6847.

**Gamalt píanó**
Selst ódýrt. Upplýsingar í s. 557 8673 & 695 9059.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Vélar og verkfæri



Til sölu Paslode gasnaglabyssur og pinnabyssur. Bónuspakki fylgir fyrstu byssunum. Einnig Diwalt 18W sett með borvél, sög, sverðsög og ljósi. Frábært verð. Upplýsingar í síma 862 8638.

## Til bygginga




**Steinull**
Til sölu úrvals steinull, margar gerðir. Gott verð. Uppl. S. 898 5500.

Útsala. Gæðavara á útsölu. UNIFIX plötustólar frá SEIFERT á 40% afslætti. Mót ehf. S. 544 4490.

## Verslun



**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.




**Kr. 5.990**
Opið 10.00-18.00 þriðjud.- föstud. Praxis S 568 2878 - 691 0808 Síðumúla 13, 108 R. www.praxis.is praxis@praxis.is




Konur athugið Vibrafem fullnægingarkremið er komið til okkar, 30 ml túpa sem dugar í yfir 50 skipti á aðeins 2990 kr. Pantanir í síma 552-2525 eða á www.venus6.is umboðsaðili Venus Erotic store Freyjugötu 1, 101 Reykjavík. Sendum í póstkröfu um land allt.



Vorútsalan er hafin. 40-70% afsláttur. Opið frá 10-18 virka daga og 11-14 laugardaga. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Nostra - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý s. 898 9930, einnig er hægt að senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

## Ræstingar

**Gistiheimili - miðborg**
Vantar manneskju vana ræstingum í fullt eða hlutastarf. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Uppl. í s. 562 1618 og 897 8455.

## Garðyrkja




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist 554-1989 www.gardlist.is .




Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@simnet.is

**Túnþökusala**
Túnþökur til sölu. Gerum tilboð í minni og stærri verk. Steini.s. 663 6666/663 7666

Snyrtum og klippum tré og runna. Berum á húsdýraáburð og fellum tré. S. 616 1569.

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

**Túnþökur**
Túnþökur og túnþökurúllur til sölu. Tökum einnig að okkur þökulaganir. Túnþökuvinnslan. Guðmundur s. 894 3000 & Sævar s. 894 3005.

Tek að mér að teikna upp og hanna garða. Menntun, reynsla og fagmennska. Lóðalist ehf. Uppl. í s. 699 2464.

Trjáklippingar. Klippi og grisja garða, tugára reynsla. Sanngjörn þjónusta. Uppl. í s. 698 7991. Gunnar, garðyrkjumaður.

Tveir vanir lóðarsláttturmenn geta bætt við sig verkefnum. Gerum föst verðtilboð. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 892 4922, Hrannar.

## Bókhald

**FAGBÓK ehf.
Bókhaldsstofa.**
- Bókhald/Ársreikningar - Skattframtöl fyrir lögaðila/einstaklinga - Stofnun félaga - Vsk.uppgjör - Launaútreikning ofl.
**Persónuleg þjónusta á góðu verði. Þverholti 3, 270 Mosfellsbæ, sími 566 5050. GSM 894 5050, 894 5055.**

Bókhald-skattframtöl-stofnun hlutafélaga KJARNI ehf sími 561 1212 GSM 891 7349.

## Ráðgjöf

**KAFLASKIPTI**

**Alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf- Skattskil og bókhaldsþjónusta. Sími 517 1030 OG 822 9670.**
Endurskipulagning fjármála, fjármálaráðgjöf, samningar við lögmenn, banka og aðra kröfuhafa. Stofnun einkahlutafélaga, bókhaldsþjónusta og skattskil. Geymið auglýsinguna.
**Kaflaskipti ehf. - Skipholti 5 - Sími 517 1030 og 822 9670 kaflaskipti@rsg.is**

## Málarar

ÍSLANDSMÁLUN

Getum bætt við okkur verkefnum í sumar. Íslandsmálun ehf, alhliða málningarþjónusta.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 869 3934.

Málari getur bætt við sig viðhaldsverkefnum í sumar úti sem inni. Uppl. í s. 892-9496

## Meindýraeyðing

**Meindýraeyðing Heimilanna.**
-Sérfræðiráðgjöf
-Skordýragreining
Öll meindýr - Eitt númer
Sími 822-3710

Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.

**MeinVarnir ehf.**
Sími: 898-2801
Reynsla, öryggi og fagleg þjónusta
Með starfsleyfi og í Félagi meindýraeyða

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar

**Flutningaþjónusta Brynjars. S. 898 6565.**

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

**STEINSTEYPUSÖGUN KJARNABORUN**
• MÚRBROT
• MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI ehf
Bæjarflöt 8 112 RVK
www.sagtaekni.is
S: 567 4262 & 893 3236

**Húsaviðgerðir**
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

**Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

Ert þú að fara að flísaleggja? Get bætt við mig verkefnum. Upplýsingar í síma 843 0117.

## Stífluþjónusta

**FJARLÆGJUM STÍFLUR**
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum
RÖRAMYNDAVÉL
DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
S. 892 7260 & 567 0530.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir - Vírushreinsanir - Uppfærslur**
Start tölvuverslun, Bæjarlind 1, Kópavogi.
**Sími 544-2350, www.start.is**

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Er vírus í tölvunni eða er hún biluð? Mæti á staðinn. Þekking og reynsla í 20 ár. S. 696 3436. www.togg.biz

Tölvuvandamál? Kem á staðinn. Viðurk. af Microsoft. Mikil reynsla. Ríkharður s. 898 0690, til kl. 23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

## Snyrting

**Flottar neglur.**
Gott verð. Opið 10-18. Tímapantanir í S. 869-8964.

## Spádómar

**SPÁMIÐILL**
LÆKNAMIÐILL-HEILUN
TEK FÓLK Í EINKATÍMA
905-7010 697-8602

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

**Alspá 908-6440**
Draumar, skyggni. Fyrirb. Fyrri líf. Finn týnda muni. 10-22. Y.Carlsson.

Spásíminn s. 908 5666. Árspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spásíminn 908-2008. Er opið mánudaga og þriðjudaga frá kl 18-23. Draumar, tarrot.

Spásíminn 902-5052. Spái í spil og Tarot spil. Opið frá kl. 20 - 23 Björk.

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
Sigtryggur Jónsson, löggiltur fasteignasali

## HRINGBRAUT 119

Mjög falleg 81,6fm 4 herb.íbúð á 2 hæðum ásamt 2 stæðum í bílageymslu. ***Neðri hæð:*** Rúmgóð forstofa, herbergi, og baðherbergi. ***Efri hæð:*** Stofa, eldhús, herbergi. Frá stigapalli er stigi upp í ca:12 fm óskráð herbergi. Mjög fallegt útsýni. Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verið er að setja lyftu í húsið.
*Einar og Nicole taka vel á móti þér í dag milli kl. 15-16.*
*Bjalla merkt 402*



OPIÐ HÚS

## Engjateigur



**Til leigu** skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, mest opið rými, 2 herbergi og góð kaffistofa, dúkur á gólfum. Húsnæðið er alls 200 fm þ.m.t. hlutdeild í sameign. Húsnæðið er laust til afhendingar strax.

ÁRSALIR FASTEIGNAMIÐLUN 533 4200 FAX 533 4206 arsalir@arsalir.is

Engjateigur 5 · 103 Reykjavík.
Björgvin Björgvinsson · Lögg. fasteignasali.

## OPIÐ HÚS Í DAG KL. 14:00–16:00 AÐ SKELJATANGA 8 MOSFELLSBÆ



**Bergþór og Stefanía taka á móti ykkur. Sími: 566-6648.**

ÁS FASTEIGNASALA
Hafnarfirði Fjarðargata 17
Sími 520 2600 Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9–18

ATVINNA

ÍÞRÓTTA-FRÉTTAMAÐUR

Hefur þú brennandi áhuga á íþróttum? Enn meiri áhuga á fjölmiðlum? Getur þú unnið sjálfstætt? Ef svo er þá erum við með rétta starfið handa þér. 365 auglýsir eftir starfskrafti í stöðu íþróttafréttamanns sem getur unnið í ólíkum fjölmiðlum fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar veitir Hilmar Björnsson yfirmaður Sýnar í gegnum tölvupóst. Umsóknir með ferilskrá sendast á hilmar.bjornsson@syn .is

Veistu allt um íþróttir?

365 — 365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

## Sumarbústaðir



**Nú er rétti tíminn !**
Vönduð bjalkahus 23 fm og 37 fm ásamt 10-15 fm lofti til sölu. Altækni s/f 461 1111 og 869 9007 Nánari uppl. www.bjalkahus.com

**Sumarhúsalóð/Eignarland**
Til sölu 0.51 hektara eignarlóð á skipulögðu sumahúsasvæði í nágrenni Reykholts í Bláskógabyggð. Heitt og kalt vatn á lóðamörkum. Uppl. í s. 896 3470 & 552 3822.

Sumarhús til leigu í Borgarfirði. Eigum enn lausa daga og vikur í sumarhúsunum okkar í sumar. Sumarhúsin Signýjarstöðum Sími 435 1218 og 893 0218.

Til sölu 40 fm sumarbústaður í Lækjarbotnalandi. Bústaðurinn er í stórskemmtilegu umhverfi. (Rafmagn). Þarfnast smá lagfæringar. Verðhugmynd 2.300 þús. Uppl. í síma 663 8266.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is s:568-6600

Til leigu gott 137 fm full innréttað skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi við Skipholt. Móttaka, 5-6 herbergi, lítil kaffistofa, næg bílastæði. Guðlaugur s. 896 0747.

## Bílskúr

40 fm bílskúr með raf. og hita til leigu. Góð staðsetning, aðkeyrsla og fallegt umhverfi. S. 863 6669 og 564 6663.

## Gisting

Stódíóíbúð til leigu í eina nótt eða fl. Sími 822 1941.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

AMG AUKARAF
Leitum að samviskusömum starfsmanni á verkstæði. Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.aukaraf.is

**Ruby Tuesday**
óskar eftir hressu og duglegu fólki fæddu 1987 eða fyrr í vinnu á veitingastað okkar á Höfðabakka og í Skipholti. Um er að ræða fulla vinnu og hlutastörf í sal og eldhúsi. **Allar nánari uppl. gefur Ási í 660 1143 í Skipholti, og Gunnar 660 1144.**

**Sumarafleysing mötuneyti**
Aðföng óska eftir að ráða starfsmann í sumarafleysingar í mötuneyti frá 11. júlí til 12. ágúst. **Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á adfong.is. Upplýsingar gefur Aðalheiður í síma 530-5600**

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Smur & Dekk.**
Óskum eftir starfsfólki á smur- og dekkjaverkstæði. Framtíðarstörf eru í boði. Frekari upplýsingar um stöðunar gefur Guðni í s. 660 0560.

Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

Verkamenn óskast í trésmíðavinnu og jarðvinnu. Uppl. í s. 822 2661.

Vantar starfsfólk til afgreiðslustarfa. Bæjarvideó, Hafnarfirði. Upplýsingar hjá Ólafi í síma 555 7030 eða 898 5799.

**Vaktavinna-Subway**
Óskum eftir fólki í vaktavinnu, breytilegar vaktir. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða eyglo@subway.is. Nánari upplýsingar í síma 530-7004.

Kjötskurður. Káess Kópavogi óskar eftir starfsmanni í kjötskurð. Uppl. í síma 587 0522.

Starfsfólk óskast 22 ára og eldra í afgreiðslu. Á nætuvaktir aðra hverja helgi og einnig á kvöldvaktir. Uppl. í s. 699 3328.

**Bón og þvottur**
Óskum eftir vönum starfsmönnum á bónstöð hjá Bílkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

Starfsfólk óskast á Stjörnutorg, Kringlunni. Starfshlutfall samkomulag. Umsóknir, ásamt mynd, berist til Stjörnutorgs, Kringlunni 4-12, 103 Rvk, eða á stjornutorg@simnet.is.

Góð sölulaun. Óskum eftir fólki í sölu og kynningu á vinsælli öryggisvöru. Viðkomandi þurfa að vera gæddir söluhæfni, vera handlagnir og hafa bifreið til umráða. Áhugasamir hafi samband í síma 517 2121 v.d. kl. 10-16.

**Hársnyrtir**
Hársnyrtar óskast í fullt starf og hlutastarf. Uppl. í s. 552 1144 & 690 9680.

NanaThai Skeifunni 4 vantar strax fólk í afgreiðslustörf um kvöld og helgar. Óskum einnig eftir vönu fólki í málningarvinnu. S. 896 3536.

Okkur vantar vandvirkt fólk í ræstingar hjá góðu fyrirtæki. Uppl. í síma 866 8154.

ASÍ óskar eftir fólki til starfa við verðkannanir. Að jafnaði eru framkvæmdar 1-2 kannanir í mánuði sem taka um 3 klst. í hvert skipti. Æskilegt er að viðkomandi búi yfir góðri þekkingu á algengum vörum til heimilisnota og sé tilbúinn að koma til starfa með tiltölulega skömmum fyrirvara. Nánari uppl. veitir Henný Hinz í s. 53 55 616 / 663 9026, henny@asi.is

Pizzubakari sem kann á eldofn óskast á Mango pizza. Góð laun í boði. Uppl. í s. 577 1800.

Hellusteypa JVJ óskar eftir bílstjóra á vörubíl með krana og trailer. Uppl. í s. 692 2697.

Tilkynning frá Pizzunni í Garðabæ! Hjá okkur er laus staða aðstoðarmanns Hérastubbs bakara! Fjölbreytt verkefni og ALLT að gerast. Þeir hæfustu komast að. 660-3810

## Atvinna óskast

24ra ára rafvirkjanemi sem er kominn langt á leið óskar eftir sumarvinnu/starfsþjálfun. Upplýsingar í síma 821 4748.

Smiður í eldri kantinum óskar eftir innivinnu eða verkefnum. Uppl. í s. 847 9874. Geymið auglýsinguna.

# TILKYNNINGAR

## Fundir




**Aðalfundur Heyrnarhjálpar**
verður haldinn miðvikudaginn 18. maí næstkomandi kl. 20 á Fosshóteli Lind við rauðarárstíg. Venjuleg aðalfundarstörf, önnur mál. Sýning á heyrnar-og hjálpartækjum. Stjórnin.

## Einkamál




Erotik.is 20% afsl. af öllum vörum. Erotica Shop Hverfisgötu 82 S. 511 6966.

Góður og hress 50 maður, langar að kynnast konu 40-60 ára með vinskap, félagsskap o.fl. í huga. Svör sendist Fréttablaðinu merkt "skemmtilegt '05"

VEIDIMÁLASTOFNUN
Veiðiráðgjöf * Lífríki í ám og vötnum * Rannsóknir * Ráðgjöf

## Ársfundur Veiðimálastofnunar
## Haldinn föstudaginn 6. maí 2005
## kl. 13.00 - 16.00

Fyrirlestrasal í húsi Orkuveitu Reykjavíkur Bæjarhálsi 1.

**Fundarstjóri: Vífill Oddsson**

**Starfsemi Veiðimálastofnunar**
Sigurður Guðjónsson
**Veiðin 2004, veiðihorfur í sumar**
Guðni Guðbergsson
**Mý- Menn- Matur**
Jón S. Ólafsson
**Veiða og sleppa, niðurstöður rannsókna**
Sigurður Már Einarsson

Kaffihlé

**The system of compensating damages done to fish stocks by hydropower stations in Norway**
Stig Johansson. Náttúruverndarstofnun Noregs, Þrándheimi.

# Tilkynning

Vörður Vátryggingafélag hf. og Íslandstrygging hf. vilja vekja athygli á auglýsingu Fjármálaeftirlitsins sem birt var þann 15.04.2005 í Lögbirtingarblaðinu, tölublaði nr. 37/2005, um fyrirhugaða yfirfærslu á vátryggingastofni Varðar Vátryggingafélagsins hf. til Íslandstryggingar hf. og fyrirhugaðan samruna félaganna.

**Vörður Vátryggingafélag hf.**
Íslandstrygging hf.

# Hátíðardagur í Háteigskirkju
## 7. maí kl. 14 – 18

Háteigs kirkja

**Frábær skemmtum**
**Ókeypis aðgangur – kaffisala**
Stórsveit, einsöngur, klassiskur gítarleikur barnakór, ballett, strengjaleikur, orgelleikur o.fl.

# UPPBOÐ

Reiðhjól og aðrir óskilamunir í vörslum lögreglunnar verða boðnir upp að Dalvegi 18, Kópavogi, laugardaginn 7. maí n.k. kl. 11:00. Munirnir verða til sýnis föstudaginn 6. maí frá kl. 10:00 – 16:00 og gefst eigendum tækifæri til að endurheimta eigur sínar gegn sönnun á eignarétti.

Greiðsla við hamarshögg. Ávísanir aðeins teknar gildar sem greiðsla með samþykki uppboðshaldara.

Sýslumaðurinn í Kópavogi
4. maí 2005
Þuríður B. Sigurjónsdóttir, ftr.



## Ert þú með fótaóeirð?
# Klínísk lyfjarannsókn

Óskað er eftir sjálfboðaliðum á aldrinum 18-64 ára til þátttöku í klínískri rannsókn á rannsóknarlyfi sem verður prófað í fyrsta sinn við fótaóeirð. Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar, Persónuverndar og Lyfjastofnunar. Aðalrannsakandi er Þórður Sigmundsson læknir og meðrannsakendur hans eru læknarnir Albert Páll Sigurðsson og Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir.

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna öryggi og verkun rannsóknarlyfsins, SEP-226330, við fótaóeirð. Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins, bæði þekktum og ófyrirséðum. Ekki er gert ráð fyrir að þátttakendur fái langvarandi bata af meðferð með rannsóknarlyfinu en niðurstöður rannsóknarinnar geta leitt til framfara í læknisfræðilegum rannsóknum og meðferð fótaóeirðar.

Um 120 einstaklingar með fótaóeirð munu taka þátt í rannsókninni sem verður framkvæmd á rannsóknarsetri Íslenskra lyfjarannsókna ehf. – Encode, Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík. Rannsóknin tekur yfir 6 vikna tímabil og gert er ráð fyrir 6 heimsóknum á rannsóknarsetur.

Þeir sem kynnu að hafa áhuga eru beðnir um að leita frekari upplýsinga um rannsóknina hjá Ragnheiði H. Friðriksdóttur hjúkrunarfræðingi rannsóknarinnar í síma 664 9930 og 664 9904 eða hjá rannsakendum í síma 510 9900.

**Tekið skal fram að þeir sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Taki þeir þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.**

# HB FASTEIGNIR

**Hús Verslunarinnar · Kringlunni 7 · 103 Reykjavík**
**Sími 534 4400 · Fax 534 4410 · www.hbfasteignir.is**



Valdimar Óli Þorsteinsson
Sölufulltrúi
822 6439



Kristinn R. Kjartanssson
Sölufulltrúi
897 2338



Hrafnhildur Bridde
Lögg. fasteignasali
821 4400



Teitur Lárusson
Sölufulltrúi
894 8090



Kári Kort
Sölufulltrúi
892 2506



Kristján Axelsson
Sölufulltrúi
821 4404



Pétur Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur verðbréfamiðlari
893 9048



Sigríður Hvönn Karlsdóttir
Sölufulltrúi
692 1010

OKKAR METNAÐUR
ÞINN HAGUR





**FOSSVEGUR 8 SELFOSSI** - NÝTT LYFTUHÚS • 2ja.3ja og 4ra herb.íbúð
• Afhending í júní- júlí 2005
• Fullbúnar án gólfefna, nema baðh.
• Skilalýsing á skrifstofu
• Stutt í skóla og alla þjónustu
**Kári Kort s:892-2506**



**HULDUBORGIR , 112 RVK**
VERÐ 22,9 MILLJ. FALLEG ÍBÚÐ MEÐ MIKLU ÚTSÝNI
Heildarstærð 104,4 fm
Parket á gólfum, 3.svefnhergi, Fallegar innréttingar, Stutt í alla þjónustu
Suður svalir
**Sigríður Hvönn S. 692-1010**



**KRÍUÁS, HFJ.** VERÐ 23,9 MILLJ.
GLÆSILEG ÚTSÝNISÍBÚÐ
Heildarstærð 103,8 fm
Rúmgóð stofa, Fallegt útsýni
Fallegar innréttingar
Sér inng.af svölum
**Kristján Axelsson s: 821 4404**



**ASPARHOLT, BESSAST.HR** -
VERÐ 33.3 MILLJ.
**GLÆSILEGT RAÐHÚS Í BYGGINGU**
• Heildastærð 180 fm
• Afhending júlí 2005
• Fullbúið án gólfefna
• Flott staðsetning
**Kristján Axelsson 821-4404**



**SMÁRATÚN, SELFOSS** - 2JA HERB. M/SÉRINNGANGI - VERÐ 9,8 MILLJ. Tvíbýlishús
• Kjallari
• 68fm
• Nýl.eldhús
• Rúmgóð stofa
• Gróið hverfi
**Hrafnhildur Bridde s: 821-4400**



**BÚJÖRÐ / VEIÐIJÖRÐ/ HESTABÚGARÐUR / FRÍSTUNDAPARADÍS**
VERÐ 27,8 MILLJ.
143,9fm íbúðarhús.24,1ha ræktað land, 2 og 1/2 tíma akstur frá Rvk.
Húsakostur,fjárhús,hesthús,vélageymsla Bakká rennur um landið þar er silungsveiði Miklir úthagar og veiði á Tröllatunguheiði-Gæsir // Rjúpa // Silungur// Gott berjaland • **Kári Kort S. 892-2506**



**VÍFILSGATA-2JA HERB.** ÍBÚÐ Á 1.HÆÐ, AUK 2JA HERB. STUDÍÓ ÍBÚÐ Í KJALLARA VERÐ KR. 21,5 MILLJ.
Gott leigudæmi: t.d. láta aðra íbúðina borga lánin!
• Stærð íbúða 85,1 fm (49,1 FM + 36 FM)
• Sameiginl inng.og garður
• Sér inng.í studíó íbúð
• Gott skipulag í báðum íbúðunum
• Sér geymslur og saml. þvottshús
• Stutt í alla þjónustu og skóla **Teitur Lárusson s: 894-8090**



**HRINGBRAUT - LAUS !!** RISÍBÚÐ + 2 HERBERGI Í LEIGU.
VERÐ 18.MILLJ. * 75fm + bílskýli
• Tvö herb. í útleigu
• Risíbúð m/svölum
• Verið er að setja lyftu í húsið
• Stutt í alla þjónustu
• Laust
**Hrafnhildur Bridde S: 821-4400**



**FLÉTTURIMI GRAFARVOGI** - 3.HÆÐ-
VERÐ 17,9 MILLJ. • 98,4 fm
• 3.svefnherbergi
• Eldhús m/fallegum innrétt
• Stofa björt m/vestur svalir.
• Stutt í skóla
• Þvottahús í íbúð
**Kári Kort 892- 2506**



**LAUFENGI, GRAFARVOGUR** - 4RA HERB. - VERÐ 20,2 MILLJ. * 106,4 fm
• 2.hæð
• 3.svefnherb. m/skápum
• Sér inngangur af svölum
• Barnvænt hverfi
• Baðherb.nýl. endurnýjað
**Kári Kort s:892-2506**



**INGÓLFSSTRÆTI , 101 RVK** - SJARMERANDI ÍBÚÐ Í GRÓNU HVERFI
• Heildarstærð 143,2 fm.
• Parket á gólfum
• 5 herb.
• 2 baðherbergi
• Stutt í alla þjónustu.
• Á besta stað
**Sigríður Hvönn S. 692-1010**



**STEKKJARSEL - 109 BREIÐHOLT**
VERÐ 18,7 MILLJ. GLÆSILEG ÍBÚÐ Á GÓÐUM STAÐ.
• Vel staðsett hús.
• 97 fm * 18 fm sólskáli
• Stór stofa
• Glæsilegt eldhús
• Allt sér * sólpallur
**Kristján Axelsson S.821 4404**

## SJÓNARHORN



Nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík taka sér frí frá náminu og njóta lífsins í boltaleik. Stelpur á móti strákum? /Ljósmynd: Hari

## HVUNNDAGURINN



Bjarni Torfi Álfþórsson, ráðgjafi hjá Skýrr og bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi.

# Ber út blöðin með börnunum á morgnana

**Í hverju felst starfið þitt?**
Að innleiða Oracle Applications hjá framsæknum viðskiptavinum og sem bæjarfulltrúi að vinna að því að gera gott Seltjarnarnes enn betra fyrir íbúa þess og gesti.

**Hvenær vaknar þú á morgnana og hvenær ertu mættur í vinnuna?**
Vakna klukkan sex og ber út blöðin með börnunum og er svo mættur í vinnu hjá Skýrr rétt um klukkan átta.

**Hversu lengi vinnur þú?**
Vinnudegi mínum hjá Skýrr lýkur yfirleitt um klukkan fimm.

**Hvað er skemmtilegast við starfið?**
Góðir vinnufélagar og gott vinnuumhverfi.

**En erfiðast?**
Það er varla hægt að taka neitt eitt út og segja það erfitt, við vinnum mikið saman sem hópur og því finnur maður síður fyrir erfiðu málunum þar sem allir leggja sitt af mörkum.

**Af hverju þetta starf?**
Ég kann vel við mig þegar ég þarf að vera í miklu samstarfi við fólk eins og starf mitt í dag krefst.

**Hvað gerir þú eftir vinnu?**
Eftir vinnudag hjá Skýrr tekur við vinna við bæjarmálin og ýmis félagsstörf.

**Hvaða verkefni þykir þér vænst um eða ert stoltastur af?**
Öll mín verkefni eru mér kær, einmitt núna er það þó ef til vill viðurkenning ÍSÍ til Íþróttafélagsins Gróttu sem ég er stoltastur af.

**Gætir þú hugsað þér eitthvert annað starf?**
Já, allt eins. Jafnvel þó ég sé mjög ánægður með stöðu mína í dag þá gæti ég vel hugsað mér að starfa aftur inn veggja grunnskólans, en ég er menntaður grunnskólakennari og kenndi í nokkur ár við Grunnskóla Seltjarnarness.




## ÓMISSANDI

**MARGRÉT HALLGRÍMSDÓTTIR**
**ÓLAFUR ÁSGEIRSSON**

# *Dagbók og eldur*

***Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður á Þjóðminjasafni Íslands, og Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands, völdu þrjá ómissandi hluti.***



**Margrét Hallgrímsdóttir**, þjóðminjavörður á Þjóðminjasafni Íslands, er þessa dagana á fullu að undirbúa sumardagskrá safnsins. Einnig er hún að undirbúa nýjar sýningar sem á að opna á Listahátíð. „Auk þessa erum við að bíða komu matsnefndar vegna tilnefningar safnsins til erlendra safnaverðlauna,“ segir Margrét en mitt í önnum sínum valdi hún sér þrjá ómissandi hluti.

**Dagbókin mín.** Ég nota hana mikið á hverjum degi og hún er algjörlega nauðsynleg til þess að hafa yfirsýn yfir verkefnin sem ég tek að mér. Þau eru nú ansi mörg og því gott að eiga góða dagbók, annars verður erfitt að standa sig í vinnunni. Það er ekki að ástæðulausu sem dagbókin er oft kölluð glóran.

**Tölvan mín.** Hana nota ég mikið sem verkfæri í sambandi við vinnuna. Bæði er það til þess að vista ýmis gögn en einnig fer mikið af samskiptum mínum við fólk fram í gegnum tölvuna.

**Bíllinn** er nauðsynlegur til þess að komast á milli staða. Ég er svo mikið á þeytingi í tengslum við starfið og vinnustaðurinn er í rauninni á mörgum stöðum því skrifstofa Þjóðminjasafnsins er á þremur mismunandi stöðum. Ég er í tengslum við öll söfn á landinu, í því felst starfið að miklu leyti, og því er mikið um ferðir.



**Ólafur Ásgeirsson** er þjóðskjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands. Hann er þessa dagana að hefja undirbúning á því að taka til framtíðarvarðveislu rafræn skjöl hins opinbera. „Já, það er svona nokkurn veginn aðalverkefnið,“ segir Ólafur, sem valdi sér einnig þrjá ómissandi hluti.



**Loft.** Maðurinn nærist náttúrlega á lofti og þarfnast þess til þess að lifa. Við drögum andann og fáum súrefni úr loftinu. Án loftsins væri ekki mikið líf á jörðinni. Þetta er eitt af grunnefnunum og til forna voru grunnefnin talin þrjú af fjórum frumefnunum.



**Eldur.** Hann er skilyrði þess að menn geti hafst við hér á auðninni í norðri. Eldurinn er augljósasta leiðin til þess að greina okkur mennina frá öðrum dýrum því við kunnum nú að halda honum við. Menningin er oft talin sprottin af því að halda eldinum lifandi. Einnig notum við hann til þess að halda á okkur hita sem og til þess að búa til betri mat.



**Vatn.** Mikill meirihluti líkamans er vatn og það er okkur líka lífsnauðsynlegt. Við komum náttúrlega úr vatni, fæðumst í vatni og svo notum við það til þess að viðhalda lífi og heilsu, hvort sem við notum það útvortis eða innvortis.

# Söngleikur um þrjá homma

Æskuvinirnir frá Akranesi, Gautur Gunnlaugsson og Gunnar Kristmannsson, eru að leggja lokahönd á klassískan söngleik sem stendur til að frumsýna í haust.

„Við byrjuðum á þessu fyrir tíu árum upp úr einhverju hangsi,“ segir Gunnar, sem er skólastjóri Tónlistarskóla Grindavíkur. „Við sömdum eitt óperulag og miðuðum við að geta flutt það í afmæli eða einhverju slíku.“ Gautur, sem er menntaður tónmenntakennari en vinnur í Tónastöðinni, bætir því við að þeir hafi strax lagt upp með að lagið yrði samið í ákveðnum stíl, þ.e. barrokk-stíl. „Okkur fannst þetta vera eitthvað nýtt. Við notum gamla tónlist en með nýjum söguþræði. Fólk hefur talað um þetta sem skemmtilega tónlist með efni sem maður skilur,“ segir hann.

Söngleikurinn, sem er saminn fyrir þrjár barítónsraddir, fjallar um tvo homma sem eru kvæntir. Annar þeirra er heimavinnandi og ekkert sérlega sáttur við það en hinn er bankastarfsmaður. Þriðji aðilinn kemur í heimsókn til þeirra og fer að daðra við bankastarfsmanninn. Eiginmaðurinn sér til þeirra án þeirrar vitundar og ákveður að eitra fyrir þeim.

Söngleikurinn gerist í einni stofu og er því nokkurs konar stofuópera, eins og þeir félagar hafa stundum kallað verkið. „Þetta er kómedía í bíómyndalengd. Það er svolítið langt síðan menn voru að gera svona til að láta fólk hlæja. Í dag er verið að semja gamanleikrit og fyndna söngleiki en ekki óperur sem eru bæði fyndnar og í klassískum stíl,“ segja þeir. „Okkur fannst þetta alveg frábært fyrir tíu árum þegar við vorum að byrja á þessu. Síðan drógum við þetta upp aftur og fannst þetta ennþá ferskt. Þetta lítur ekki út fyrir að vera eitthvað sem fólk virðist fá leið á.“ ■



**GAUTUR OG GUNNAR** Gautur Gunnlaugsson, til vinstri, og Gunnar Kristmannsson eru að leggja lokahönd á klassískan söngleik um þrjá homma og ævintýri þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**DONNA MESS** Þær hafa verið vinkonur frá ellefu ára aldri og stofnuðu hljómsveit seint á síðasta ári. Þær spila hráa og harða tölvutónlist. Þetta eru þær Iðunn Andersen, Björg Sveinbjörnsdóttir og Sara Gunnarsdóttir.



Þau eru heldur fá stelpuböndin á landinu en í hvert skipti sem nýtt kvennaband vaknar vekur það athygli. Stelpurnar geta þetta þó greinilega alveg og þær eru ekkert minni töffarar en strákarnir, ef ekki bara meiri. *Borghildur Gunnarsdóttir* spjallaði við nokkrar klárar konur.

# Sætar stelpur kunna líka að rokka

Stúlkurnar í Brúðarbandinu íslenska hafa slegið í gegn hjá landanum síðan þær stofnuðu bandið árið 2003 og hljóta þær að vekja forvitni og tilraunastarfsemi hjá fleiri stúlkum. Svo virðist vera því nokkrar stelpusveitir hafa skotið upp kollinum nýlega hvort sem þær eru hreinræktaðar eða einn og einn strákur þvælist með. Nýlega voru haldnir stelputónleikar í Klink og Bank þar sem komu fram Brúðarbandið, Mammút, Brite Light, Lazy Housewifes og Begga Pönk. Einnig komu hljómsveitirnar Viðurstyggð og Donna Mess fram en báðar sveitirnar eru skipaðar þremur stelpum sem eru ófeimnar við að rokka.

**Viðurstyggð**

Þrjár stúlkur skipa hljómsveitina Viðurstyggð sem hefur verið starfandi síðan í júlí í fyrra. Guðrún Heiður Ísaksdóttir leikur á bassa, Katla Ísaksdóttir spilar á gítar og syngur og Helga Katrín Tryggvadóttir ber húðir. Guðrún er sextán ára en hinar tvær tvítugar og stunda nám í mannfræði. Hljómsveitin er ein nokkurra stúlknasveita sem komu fram á nýlegum stelputónleikum í Klink og Bank sem settir voru fram undir yfirskriftinni Tryllingur og spilling.

„Þetta voru rosalega skemmtilegir tónleikar og hrikalega gaman að skreyta og stilla upp með öllum stelpunum. Það myndaðist skemmtileg stemmning. Við höfum spilað á þónokkrum tónleikum bæði í Klink og Bank og á Grandrokki,“ segir Guðrún bassaleikari sem einnig spilar með hljómsveitinni Mammút sem vann Músíktilraunir árið 2004. Að hennar sögn er ekkert öðruvísi að vera í stelpuhljómsveit en blandaðri. „Það skiptir voðalega litlu máli. Við í Mammút erum til dæmis öll svo góðir vinir að það breytir engu.

**TÓNLISTIN** „Við spilum hratt pönk, þjóðlagaskotið nýbylgjupönk. Svo blöndum við blús og kántrí við og eigum líka eitt hiphop-lag með pönkívafi. Sennilega er frekar erfitt að skilgreina tónlistina.“

Aðspurð hvernig tónlist þær stöllur hlusti sjálfar á segir hún: „Helga hlustar mikið á Smashing Pumpkins, Katla er mikið í The Smiths og ég hlusta mikið á Appollo 440 núna en annars fíla ég mjög fjölbreytta tónlist.“

**Donna Mess**

Stelpurnar í Donna Mess hafa verið vinkonur frá því að þær voru ellefu ára en stofnuðu þó ekki hljómsveit fyrr en í nóvember síðastliðnum. Þetta eru þær Björg Sveinbjörnsdóttir, Sara Gunnarsdóttir og Iðunn Andersen. Stúlkurnar eru allar á tuttugasta og þriðja aldursári og stunda tvær nám í Listaháskóla Íslands og ein í Háskóla Íslands.



**VIÐURSTYGGÐ** Stúlkurnar hafa spilað saman í tæpt ár og spila að eigin sögn hratt þjóðlagaskotið nýbylgjupönk í bland við annað. Þetta eru þær Guðrún Heiður Ísaksdóttir, Katla Ísaksdóttir og Helga Tryggvadóttir.

Það virðist ekki hafa tekið þær langan tíma að vekja athygli á sér því nú þegar hafa þær hitað upp fyrir hljómsveitina Trabant á útgáfutónleikum þeirra. „Það var rosalega gaman og pínu skrítið að spila fyrir svona marga. Við vorum bara búnar að spila á þremur tónleikum þegar við hituðum upp fyrir þá,“ segir Björg.

Það besta við að vera í stelpuhljómsveit „er að við erum góðar vinkonur og getum í rauninni byrjað á núllpunkti. Strákar eru svo oft búnir að vera að koma fram síðan þeir voru ungir“.

**TÓNLISTIN** „Við spilum frekar fágaða tölvutónlist sem erfitt er að flokka. Þetta er bara svona frekar hrátt og hart allt saman. Við spilum alls konar effekta og syngjum yfir þá,“ segir Björg og aðspurð hvað þær stöllur hlusti aðallega á segir hún: „Við erum undir miklum áhrifum frá dúettnum Scarlet Fantastic sem var uppi á níunda áratugnum. Einnig hlustum við mikið á sænsku systkinin í The Knife. Upphaflega voru þetta lög sem ég var búin að gera og Sara bjó til myndbönd við þau. Svo hittum við Brúðarbandið í nóvember og þær voru að fara að halda stelputónleika svo við ákváðum að skella lögunum upp í performans og þannig byrjaði þetta allt saman.“ Stúlkunum hefur meðal annars verið líkt við töffaragelluna sem kennir sig við ferskjur. „Okkur finnst við nú ekki það líkar Peaches nema að því leyti að hún er líka með fyndna dónatexta í lögunum sínum en annars er okkar efni mun hrárra.“

**Grýlurnar áhrifamestar**

„Á Íslandi eru það pottþétt Grýlurnar sem eru áhrifamestar. Þær voru þó ekki alveg fyrsta kvennabandið á Íslandi því á Ísafirði var til stelpuhljómsveit sem hét Sokkabandið. Grýlurnar voru þó fyrstar í að ná miklum vinsældum og voru að sjálfsögðu frábærar. Dúkkulísurnar eru líka enn að og eru hið fínasta band. Svo var Kolrassa krókríðandi líka góð hljómsveit,“ segir Andrea Jónsdóttir tónlistarsérfræðingur.

Erlendis er það hún Janis Joplin sem er langáhrifamesta tónlistarkonan. Hljómsveitin Hole er líka mjög fín og ég er mikill aðdáandi Courtney Love.

Brúðarbandið er mjög sérstakt fyrirbæri og þykir mér þær standa sig vel. Ég sá þær núna síðast á Airwaves á Nasa þar sem hinar skemmtilegu sænsku stúlkur í Sahara Hotnights spiluðu einnig sama kvöld. Brúðarbandið var kannski ekki besta hljómsveitin og kannski ekki versta sem kom fram það kvöld en eitt er víst og það er að þær voru langskemmtilegasta bandið.

Íslenskt kvenfólk er hins vegar alls ekki nógu duglegt við að stofna kvennabönd. Ég veit ekki hver ástæðan er en líklegast er það þannig að þetta er rosalega erfið vinna og erfitt að halda þetta út. Svo eldist fólk og fer að stofna heimili og konurnar eignast börn. Þannig er það auðvitað ekki í öllum tilvikum en það virðist vera að stelpurnar haldi harkið aðeins verr út en strákar. Kannski eru þær ekki tilbúnar að leggja eins mikið á sig því til þess að verða góður þarf þrotlausar æfingar til. Það þarf í rauninni svolítinn nördaskap til að sitja og leggja sig virkilega í þetta. Sennilega eiga stelpurnar erfiðara með að loka sig af frá skyldum og námi en strákarnir.“



**GRÝLURNAR** Þær voru ekki fyrsta kvennabandið en þær voru að mati margra og meðal annars Andreu Jónsdóttur langáhrifamesta kvennabandið.












EIN AÐSÓKNAMESTA ÓHÁÐA MYNDIN Í USA.
Hefur unnið til fjölda verðlauna og var ein vinsælasta myndin á Sundance kvikmyndahátíðinni.

# AUKASÝNINGAR!

## Á VINSÆLUSTU HÁTÍÐARMYNDUNUM Í HÁSKÓLABÍÓI VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA













Háskólabíó græna ljósið SAMBÍÓIN iiff





# Endalausar krossferðir

Stórmynd **Ridley Scott**, Kingdom of Heaven, var frumsýnd í gær. *Birgir Örn Steinarsson* hitti leikstjórann í London og spjallaði við hann um kjarna myndarinnar.

Leikstjórinn Ridley Scott virkar á mig sem yfirvegaður, sjálfsöruggur og gáfaður eldri maður. Hann er augljóslega vel lesinn og er passasamur á að þau orð sem hann velur séu ekki mistúlkuð. Hann er greinilega vanur fjölmiðlafólki og eftir áralanga reynslu sem leikstjóri, og með myndir á borð við Blade Runner, Alien og Gladiator að baki kann hann að koma því til skila sem hann vill segja. Hann hefur einstaklega þægilega nærveru og nær ómögulegt að hlusta ekki vandlega þegar maðurinn talar.

Ég hitti Ridley á hóteli í London, nokkrum klukkustundum áður en hann þrammaði á rauða teppinu á Leicester Square, þar sem nýjasta stórmynd hans Kingdom of Heaven var frumsýnd á mánudag. Hann var að vonum stoltur af nýju myndinni. „Ójá, ég er svo sannarlega stoltur af henni," svarar Ridley laus við alla tilgerð, um leið og hann kemur sér fyrir í sæti sínu.

### Farið í saumana á þúsund ára deilu

Myndin segir frá Balian, ungum manni á miðöldum sem leggur af stað í krossferð til Jerúsalem í von um að bjarga sálu sinni og eiginkonu er framdi sjálfsmorð eftir dauða barns þeirra. Þegar þangað er komið lendir Balian í miðri deilu milli múslima og kristinna manna, en báðir trúarhópar telja borgina heilaga og vilja því ná yfirráðum yfir henni. Þegar Balian kemur til Jerúsalem er borgin undir yfirráðum konungs sem er kristinn, en ber mikla virðingu fyrir múslimum. Hann hefur tryggt íbúum borgarinnar lengsta frið sem þeir hafa kynnst. Auðvitað fer svo allt úr skorðum.

Scott segist hafa lagst í gerð myndarinnar vegna deilna kristinna manna og múslima en ekki vegna hryðjuverkaárásanna 11. september.

„Ég gerði Black Hawk Down ári fyrir hryðjuverkaárásirnar. Það var við tökur á þeirri mynd sem hugmyndin að því að fara í grunninn á þessari endalausu deilu á milli kristinna manna og múslima kom til sögunnar. Ekki vegna 11. september. Mig hafði líka langað til þess að gera kvikmynd um riddara í langan tíma. Fyrir rúmum tíu árum síðan var ég beðinn um að gera riddaramynd með Arnold Schwarzenegger. Það var ágætt handrit en hentaði mér ekki alveg. Sú mynd var nær Conan en einhverju öðru. Ég sleppti því vegna þess að ég vildi halda minni eigin ímynd á því hvað krossferðirnar voru. Í mínum augum verður mynd sem fjallar um krossferðirnar bæði að taka á trúarbrögðum og pólitík, það er ekki hægt að sleppa því í þessu viðfangsefni."

Trúarhópar eru afar sterkir í Bandaríkjunum og frá þeim fær Scott fé til að fjármagna. Hann segir það ekki hafa haft mikil áhrif á útkomu myndarinnar. „Maður verður að halda sig við sína eigin reglubók og hugmyndir. Við ákváðum þess vegna að láta myndina byrja á 11. öldinni, á tíma þegar lengsta vopnahlé á milli kristinna manna og múslima í Jerúsalem varaði. Í okkar sögu er aðalhetjan ekki viss um tilvist Guðs, og nær engri tengingu við hann," segir Scott, sem vonast til að svona myndir nái að skapa meira umburðarlyndi í heiminum. „Mér finnst að myndir ættu að geta gert það. Kvikmyndir búa yfir gífurlegum krafti. Sá kraftur er ekki notaður nægilega mikið í kvikmyndagerðarlist í dag."

Scott hefur þegar fengið viðbrögð frá múslimum og býst við að þeim muni líka myndin. „Í þessari viku voru mjög jákvæð blaðaskrif um hana frá íslömskum blaðamönnum. Þegar ég var að gera myndina réð ég íslamskan söguprófessor til þess að fylgjast með því sem við vorum að gera. Hann fór yfir allt saman, frá handriti til lokaklippingar myndarinnar, til þess að passa upp á að við værum ekki með einhverja vitleysu. Hann var mjög hrifinn af myndinni," segir Scott, sem er trúlaus en telur þó ekki að trúarbrögð séu til trafala. „Nei, ég myndi nú aldrei halda því fram. En ég held samt að misnotkun á þeim og misskilningur á þeim hafi hrint af stað mörgu illu í heiminum."

Spurður hvernig boðskapur myndarinnar muni fara í fjöldann í Bandaríkjunum segir Scott: „Ég held að það sé mikið um fóbíu í garð annarra menningarsamfélaga þar, aðallega vegna þess hversu óupplýst fólk er og vegna áróðurs. Ég held að 11. september hafi fengið Bandaríkjamenn til þess að átta sig á því að það þýðir ekkert að vera í einangrun í órafjarlægð frá vandanum. Hann skilar sér á endanum inn á stofugólf til þín. Menn verða því að kljást við þá hugmynd."

### Kveikti í 56 mönnum í einu

Ridley talar um hversu heillandi Jerúsalem hafi verið á þeim tíma sem myndin gerist. Þá hafi verið, ótrúlegt en satt, um milljón íbúar í borginni sem komu alls staðar að úr heiminum. Þarna hafi því ef til vill fyrsta alþjóðlega samfélagið orðið til. Hann er þekktur fyrir hæfni sína að skapa ævintýralega heima. Mikið hefur borið á stórmyndum frá Hollywood sem fjalla um hetjudáðir á fornum tímum, svo sem stórmyndirnar Troy og Alexander. Ridley vill alls ekki setja mynd sína í sama flokk.

„Ég sá hvoruga myndina. Mér finnst óþægilegt að skoða hvað keppinautarnir eru að gera. Þó svo að ég dái Oliver Stone vil ég ekki að neitt utanaðkomandi hafi áhrif á það sem ég er að gera," útskýrir Ridley.

Myndin er glæsilegt sjónarspil. Mikið er lagt upp úr því að gefa áhorfandanum tilfinningu fyrir því hvernig heimurinn hafi verið fyrir tæpum þúsund árum. Að ekki sé minnst á bardagaatriðin, sem eru mörg og vel útfærð enda notaðist Ridley við fjöldann allan af áhættuleikurum í myndinni.

„Já, alveg heilan helling. Ég kveikti í 56 þeirra á sama tíma," segir hann og hlær. „Mér var sagt þann dag að við hefðum sett met. Mér finnst alveg ótrúlegt að þessir menn skuli vera reiðubúnir að gera þetta. Þeir maka á sig glæru þykku geli og svo geta þeir ekki beðið eftir því að kveikt sé í þeim. Svo þurftu þeir að hoppa ofan af turni, í brennandi logum. Það hættulegasta við þetta var ekki eldurinn, heldur að þeir gætu lent á hver öðrum. Það hefði drepið þá. Það urðu engin slys við gerð myndarinnar, fyrir utan að einn hestur sparkaði í mann."



**RIDLEY SCOTT** „Ég held að það sé mikið um fóbíu í garð annarra menningarsamfélaga þar, aðallega vegna þess hversu óupplýst fólk er og vegna áróðurs. Ég held að 11. september hafi fengið Bandaríkjamenn til þess að átta sig á því að það þýðir ekkert að vera í einangrun í órafjarlægð frá vandanum. Hann skilar sér á endanum inn á stofugólf til þín. Menn verða því að kljást við þá hugmynd," segir Scott.



**JERÚSALEM** Scott heillaðist af Jerúsalem á þeim tíma sem myndin gerist. Þá voru, ótrúlegt en satt, um milljón íbúa í borginni sem komu alls staðar að úr heiminum.

# Langar til að verða að manni

*Orlando Bloom* leikur í myndinni Kingdom of Heaven járnsmið á 11. öld, sem leggur af stað til Jerúsalem í krossferð. *Birgir Örn Steinarsson* hitti leikarann í London.

Þegar ég geng inn í hótelherbergið til að hitta Orlando Bloom tek ég ekki strax eftir honum vegna mannfjöldans í herberginu. Þegar ég svo sé hann velti ég því fyrir mér hversu fíngerður maðurinn er. Og hversu ótrúlega mikið hann minnir mig á leikarann Errol Flynn, með síðu lokkana og sjóræningjaskeggið. Síðar útskýrir hann að þessa dagana sé hann að leika í tveimur framhaldsmyndum Pirates of the Caribbean.

Orlando kemur fyrir sem frekar alvarlegur piltur. Hann virðist vera örlítið taugastrekktur og leiklistin hefur kennt honum að fela það ágætlega.

Það verður að segjast eins og er að hann er ekki fyrsti maðurinn sem kemur upp í hugann þegar maður hugsar um riddara, sem heggur mann og annan í von um að bjarga sál sinni.

„Mig langaði mikið til þess að stíga skrefið frá því að vera strákur í það að verða maður með þessari mynd,“ segir Orlando Bloom með kvenlegri röddu sinni. „Hluti af því var að þyngja mig með vöðvamassa. Það var líka mikilvægt fyrir persónuna. Ég bætti á mig um tólf kílóum áður en tökur hófust, en mest er núna farið af vegna þess að ég hef ekki verið að lyfta jafn mikið eða borða eins.“

*Þú ert eiginlega bara búinn að leika í svona hetjumyndum frá því að þú braust upp á yfirborðið með Lord of the Rings. Er á planinu að taka að sér annars konar hlutverk bráðlega?*

„Já, ég var reyndar að klára mynd með Cameron Crowe sem heitir Elizabethtown og er rómantísk gamanmynd. Ég fór beint í að gera hana eftir að ég kláraði að skjóta Kingdom of Heaven. Það var alveg gjörólíkt þessari reynslu.“

*Ok, svona ein mynd fyrir stelpurnar?*

„Já, kannski bara,“ segir Orlando, lítur undan, brosir lítillega og roðnar.

*Hvernig tilfinning er það eiginlega að enda stöðugt á listum yfir kynþokkafyllstu menn veraldar?*

„Æi, einn af mínum betri vinum benti mér á að það verða alltaf til nýjar strákasveitir og alltaf nýr kynþokkafullur ungur leikari. Það verður alltaf til ungt fólk í heiminum fyrir fjölmiðla að hífa upp í hæstu hæðir. Á þessu augnabliki virðist það vera ég en vinir mínir hafa stutt mig í þessu, hjálpað mér að hafa báða fætur á jörðinni. Og í raun og veru gefið mér tækifæri til þess að gera það sem ég er að gera.“

*Er það satt að þú sért lesblindur?*

„Já, og það var mjög erfitt fyrir mig þegar ég var að alast upp sem krakki.“

*Er þá ekkert erfitt fyrir þig að læra textann að handritunum sem þú færð?*

„Já og nei. Ég þarf bara að leggja mig meira fram en aðrir, þetta hefur ekki verið mikið vandamál síðustu árin.“

*Þetta er fyrsta stóra aðalhlutverkið þitt, fannstu fyrir pressu vegna þessa?*

„Ég fór vel undirbúinn í áheyrnarprófið til Ridley Scott. Og vegna þess að hann valdi mig og vegna þess að ég hafði lagt mikla vinnu í þetta leið mér eins og ég ætti þetta skilið. Ridley leggur mikið á sig til þess að kreista það besta úr þeim sem hann vinnur með. Hann var mjög skilningsríkur og studdi mig mikið.



ORLANDO BLOOM „Mig langaði mikið til þess að stíga skrefið frá því að vera strákur í það að verða maður með þessari mynd,“ segir Orlando Bloom.

Vegna þess fann ég ekki fyrir jafn mikilli pressu og ég hefði getað gert.“

*Breytti þessi mynd afstöðu þinni til trúarbragða, eða stríðs?*

„Já, við vissum að þetta viðfangsefni yrði viðkvæmt. Það má rekja margar af deilum nútímans til þess skaða sem varð á tímum krossferðanna. Mér finnst fallegur boðskapur í myndinni og gott jafnvægi í þessari sögu. Umburðarlyndið er mikið. Þeir sýna báðar hliðar deilunnar mjög vel. Ég held á endanum að himnaríki sé í huganum og hjartanu. Þangað kemst maður ef maður tekur ábyrgð á sjálfum sér á hverjum degi. Maður verður líka að vera vakandi fyrir þeim sem eru í kringum sig. Þetta er mjög svipað heiðri riddaranna í myndinni.“

*Heldurðu að svona kvikmyndir geti breytt hugarfari almennings í garð trúarbragða?*

„Já, ég held að ef myndir á borð við þessa hrinda af stað umræðu, þá geti þær það. Til dæmis ef fólk áttar sig á því að það sem er á seyði í þessari mynd hefur í raun og veru verið í gangi í rúm þúsund ár. Kristnir fóru til landsins helga til þess að drepa þá sem þeir kölluðu „trúvillinga“. Þetta er búið að vera eins og keppni í trúarbrögðum. Fyrir mér eru trúarbrögð bara aðferð til þess að skilgreina trú margra manna. Þetta snýst bara um hvernig maður kýs að lifa lífi sínu,“ segir Orlando rétt áður en aðstoðarfólk hans leiðir hann út, í næsta viðtal. ■





Rúbín kaffi
fyrir sælkera



Rúbín Sælkerakaffileikurinn:

Taktu þátt

Alvöru kaffihúsastemmning heima hjá þér...

Kauptu Rúbín Sælkerakaffi og þú getur eignast ekta espresso kaffivél

Vegleg verðlaun:

1. vinningur: Jura espresso kaffivél ásamt 20 kg. af Rúbín Sælkerakaffi

2.-4. vinningur: Gjafabréf frá Heimilistækjum að verðmæti 15.000 kr.

Aukavinningar: 10 gjafakörfur með Rúbín Sælkerakaffi og konfekti

Það eina sem þú þarft að gera er ...

... að kaupa Rúbín Sælkerakaffi, klippa toppinn af pakkanum og senda, ásamt þátttökuseðli, til Ó. Johnson & Kaaber fyrir 17. maí. Dregið í beinni á Rás 2 þriðjudaginn 17. maí.

Því oftar sem þú sendir Rúbíntopp - því meiri líkur á að vinna!

HÉR & NÚ / SÍA



**Heyrst hefur...**

... að áhrifamenn innan handknattleikshreyfingarinnar séu að skoða þann möguleika hvort hægt sé að bjarga stórskyttunni Tite Kalandadze um íslenskan ríkisborgararétt enda vantar íslenska landsliðið tilfinnanlega mann eins og Tite í liðið. Ekki er þó vitað hvort Tite hafi yfir höfuð áhuga á að gerast íslenskur ríkisborgari.

**sport**

sport@frettabladid.is

SKAGAMENN STYRKJA SIG FYRIR SUMARIÐ: MEÐ TVO STERKA MENN TIL REYNSLU

# Cissé kominn til Skagamanna

Tveir leikmenn eru til skoðunar hjá Landsbankadeildarliði ÍA en þeir hyggjast styrkja lið sitt fyrir komandi átök í Landsbankadeildinni. Annar leikmannanna er Scott Cassie sem boðaði komu sína til Akranes í lok janúar en hefur nú loks skilað sér enn hinn er huldumaður með frægt ættarnafn.

Cassie getur bæði leikið sem miðjumaður og sóknarmaður og ætti það að gefa Skagamönnum nýja vídd enda hafa þeir verið að leita að sóknarmanni. Að sögn Eiríks Guðmundssonar, formanns meistaraflokksráðs ÍA, vita menn minna um hinn leikmaninn sem ættaður er frá Senegal. „Sá er víst sóknarmaður og hefur spilað í Frakklandi en er Senegali og heitir Cissé, meira veit ég ekki,“ sagði Eiríkur en Cissé kemur fyrir milligöngu Mihajlo Bibercic sem lék með ÍA á árum áður. Ekki er vitað hvort hann sé tengdur hinum fræga framherja Liverpool, Djibril Cissé.

Aðspurður sagði Eiríkur að óvíst væri með komu leikmanna frá enska 1.deildarliðinu Reading. „Þau mál eru enn óljós þar sem Reading vill ekki gefa okkur svar fyrr en ljóst er hvort þeir fari í umspil eða ekki, það gæti jafnvel verið of seint fyrir okkur,“ bætti Eiríkur við.



Bæði Cassie og Cisse munu leika æfingaleik með ÍA á morgun gegn Víkingi upp á Skipaskaga. Eiríkur sagði jafnframt að allar líkur væru á því að félagið semdi við Igor Pesic sem hefur verið til reynslu hjá félaginu. „Ég á von því að við semjum við Pesic, hann spilar einnig með okkur á morgun og það eru allar líkur á því að honum verði boðinn samningur“. Það verður forvitnilegt að sjá hvort þessir leikmenn koma til með að styrkja lið Skagamanna sem hafa verið einkar óheppnir með útlendinga undanfarin ár.

## > Við hvetjum ...



... Hafnfirðinga og aðra íþróttaáhugamenn að fjölmenna á Ásvelli í kvöld og fylgjast með þriðja leik Hauka og ÍBV í úrslitum DHL-deildar karla í handbolta. Haukar geta innbyrt Íslandsmeistaratitilinn með sigri í kvöld.

## > Við hrósum ...



... íslensku unglingalandsliðunum í körfubolta sem hófu leik á Norðurlandamótinu í Svíþjóð í gær. Sér í lagi liði drengja fæddum 1987 og síðar sem unnu frækinn sigur á Svíum 79–77. Brynjar Þór Björnsson átti stórleik og var með þrefalda tvennu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

2 3 4 **5** 6 7 8

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- ☐ 17.00 **KR** og **Þróttur** mætast í úrslitum deildabikars karla í knattspyrnu en leikið er í Egilshöll.
- ☐ 19.40 **Haukar** og **ÍBV** mætast á Ásvöllum í úrslitum DHL-deildarinnar í handknattleik.

### SJÓNVARP

- ☐ 13.25 **Formúlukvöld** á Rúv.
- ☐ 13.50 **HM í íshokkíi** á Rúv.
- ☐ 17.50 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 19.05 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- ☐ 19.35 **Íslandsmótið í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá þriðja leik **Hauka** og **ÍBV** um Íslandsmeistaratitilinn.
- ☐ 20.00 **Inside the US PGA Tour 2005** á Sýn.
- ☐ 20.30 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- ☐ 22.00 **Bikarmótið í fitness 2005** á Sýn.
- ☐ 23.15 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- ☐ 00.10 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn.

Enska úrvalsdeildin:

## Newcastle sigraði

**FÓTBOLTI** Einn leikur var á dagskrá ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu í gærkvöld. Fulham tók á móti Newcastle á heimavelli sínum Craven Cottage og þurftu að sætta sig við 3-1 tap. Sigurinn var Newcastle nokkuð auðveldur og eftir að Darren Ambrose hafði komið gestunum yfir í fyrri hálfleik, gerðu þeir Patrick Kluivert og Shola Ameobi út um leikinn í síðari hálfleiknum með hvor sitt markið. Tomasz Radzinski minnkaði muninn fyrir Fulham fjórum mínútum fyrir leikslok, en það var liðinu lítil sárabót.

Newcastle er í tólfta sæti deildarinnar með 43 stig, en þetta var fyrsti sigur þeirra í síðustu sjö leikjum og fyrsti útisigur þeirra síðan í nóvember. ■




JANSPORT

Hliðartöskur - Tölvutöskur - Bakpokar

Frábært úrval - Frábær gæði - Frábært verð

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Opið kl. 10-18 - Laugardaga 11-15


# Ambrosini tryggði sigurinn

**Eftir að liðsmönnum PSV Eindhoven hafði tekist hið ómögulega og náð að vinna upp forskot AC Milan eftir fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildarinnar kom mark Massimo Ambrosini á lokamínútum leiksins eins og blaut tuska í andlit Hollendinganna.**



**GLEÐI OG VONBRIGÐI** Leikmenn AC Milan fagna eftir að í ljós kom að síðbúið mark Massimo Ambrosini hefði tryggt farseðilinn í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu þar sem Ítalirnir mæta Liverpool. Vonbrigði leikmanna PSV Eindhoven leyndu sér ekki eftir leikinn. AP

**FÓTBOLTI** Síðari leik PSV Eindhoven og AC Milan í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu lauk með 3–1 sigri fyrrnefnda liðsins. Það dugði þó ekki til því AC Milan, sem vann fyrri leikinn á heimavelli 2–0, komst áfram á marki skoruðu á útivelli. Það var Massimo Ambrosini sem skoraði mark AC Milan í gær í lok venjulegs leiktíma.

Kóreumaðurinn Ju-Sing Park kom sínum mönnum yfir á 9. mínútu leiksins með frábæru marki og skoraði Philip Cocu annað mark PSV eftir sendingu frá öðrum Kóreumanni, Young-Pyo Lee. Allt útlit var fyrir að leikurinn yrði framlengdur en mark Ambrosini gerði út um vonir heimamanna. Jafnvel þótt Philip Cocu bætti við þriðja marki PSV í uppbótartíma lá ljóst fyrir að það myndi ekki duga til.

### Einbeittur sigurvilji PSV

Carlo Ancelotti, þjálfari AC Milan, reyndi fyrir leikinn að byggja á því forskoti sem liðið hafði eftir fyrri leikinn og pakkaði þétt á miðjuna og var með Andriy Shevchenko einan í framlínunni. Vörn AC Milan hefur staðið sig afbragðs vel í vetur og var það ekki óvarlega áætlað fyrirfram. En leikmenn PSV mættu gífurlega einbeittir til leiks og lögðu allt í sölurnar. Það borgaði sig strax á 9. mínútu leiksins og skömmu áður hafði Jan Vennegor Hesselink átti hættulega bakfallsspyrnu.

Eftir markið átti Hasselink annað hættulegt skot að marki eftir aukaspyrnu Mark van Bommel en skotið hafnaði í slánni.

AC Milan átti einnig sín færi en sigurmarkið kom ekki fyrr en rétt undir lok leiksins.

Ancelotti hafði þá bætt við sóknarkraft AC Milan og sett inn á Jon Dahl Tomasson sem skoraði í uppbótartíma í fyrri leik liðanna. Guus Hiddink, þjálfari PSV, hafði einnig sett inn sóknarmann, hinn brasilíska Robert, en allt kom fyrir ekki. Ambrosini stóð óvaldaður í teignum þegar hann skallaði fram hjá Gomes í marki heimamanna.

Mark van Bommel var vitanlega allt annað en kátur í leikslok. „Við áttum skilið að vinna því við vorum betra liðið. Við getum sjálfum okkur um kennt því við leyfðum þeim að skora mörkin sín þrjú í lok þriggja af þeim fjórum hálfleikjum sem í rimmunni voru.“

### Vorum heppnir

Þjálfari AC Milan viðurkenndi að heilladísirnar hefðu verið á bandi sinna manna. Varnarjaxlinn Jaap Stam samsinnti því og bætti við að „PSV lék mjög vel í leiknum og áttum við bara eitt tækifæri í honum – en það dugði til.“

Úrslitaleikur AC Milan og Liverpool fer fram í Istanbúl í Tyrklandi 25. maí næstkomandi. Milan vann þennan titil fyrir tveimur árum þegar liðið vann Juventus í vítaspyrnukeppni á Old Trafford í Manchester. Var það í sjötta sinn sem Milan lyfti Evrópumeistaratitlinum en úrslitaleikurinn gegn Liverpool verður sá tíundi sem liðið leikur.

eirikurst@frettabladid.is



**HVAÐ GERIR TITE?** Tite Kalandadze hefur farið á kostum með ÍBV í úrslitakeppninni þótt oft hafi hann verið tekinn mjög hörðum tökum. Hann þarf að ná toppleik ásamt félögum sínum í kvöld ef ÍBV vill halda lífi í einvíginu við Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Verða Haukar Íslandsmeistarar í kvöld?

## ÍBV er komið upp að vegg

**HANDBOLTI** Haukar taka á móti ÍBV í þriðja leik úrslitanna um Íslandsmeistaratitilinn í handknattleik. Með sigri í leiknum geta Haukar tryggt sér titilinn en staðan er 2-0 liðinu í vil.

Fyrstu tveir leikir rimmunnar voru hnífjafnir og þurfti til að mynda að grípa til framlengingar til að ná fram úrslitum í þeim síðasta. Geir Sveinsson, fyrrum landsliðsmaður í handknattleik, sagði að merkilegt hefði verið að sjá Eyjamenn springa á lokamínútunum í síðasta leik eftir að hafa haft leikinn í hendi sér. „Það kom mér mjög á óvart því ég hélt að þeir yrðu sterkari á sínum heimavelli en þarna spilaði inn í reynsla Haukanna því þeir hafa jú verið í þessari stöðu áður,“ sagði Geir.

„ÍBV er núna komið upp að vegg en ég neita að trúa því að Eyjamenn séu búnir að gefast upp. ÍBV hefur unnið Hauka á Ásvöllum í deildinni í vetur þannig að ég hef alveg trú á því að liðið geti klórað aðeins í bakkann og unnið útileikinn. Ég spái því og þá aðallega handboltans vegna til að halda lífinu í þessu.“

Fari Haukar með sigur af hólmi í kvöld verður það í fyrsta sinn sem karla- og kvennalið fer taplaust í gegnum úrslitarimmu gegn sama félagi. Geir taldi ÍBV hafa alla burði til að vinna og halda keppninni gangandi. „Svo verður það að koma í ljós hvort Eyjamenn standast þrýstinginn þegar á hólminn er komið,“ sagði Geir Sveinsson. - sj

## ÚR SPORTINU

Lokahóf handknattleiksdeildar Þórs fór fram á Akureyri um helgina. **Árni Þór Sigtryggsson** var valinn besti leikmaður vetrarins og **Markes Skabeikis** var valinn besti nýliðinn. **Arnór Þór Gunnarsson** hlaut viðurnefningu sem efnilegasti leikmaður meistaraflokks og **Atli Þór Ragnarsson** og **Ari Jón Jónsson** fengu sérstaka viðurkenningu varðandi móralskan styrk og hugarfar en á þeim sviðum þóttu þeir félagar skara fram úr.



Stjórn knattspyrnudeildar KR hefur fengið þrjá leikmenn úr bandaríska háskólaboltanum til að styrkja meistaraflokk kvenna. Þær heita **Sara Halpenny** frá Notre Dame, **Katherine Winstead**, sem kemur úr Wake Forest í Norður Karólínu og **Carmen Watley** úr North Carolina háskólanum.



Tveir ungir knattspyrnumenn úr Breiðabliki munu halda til Feyenoord til æfinga í vikutíma. Það eru þeir **Viktor Unnar Illugason** og **Kristinn Jónsson** en með í för verður þjálfarinn **Bryngeir Torfason**. Formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, **Steini Þorvaldsson**, mun síðan heimsækja hópinn síðar í vikunni.

Detroit Pistons og Seattle Supersonics tryggðu sér sæti í annarri umferð úrslitakeppni NBA-körfuboltans í fyrrinótt. Pistons lagði Philadelphia 76ers, 88-78, og vann þar með einvígið 4-1. Sonics lagði Sacramento Kings að velli í fjórða sinn en Kings náði, rétt eins og Sixers, aðeins einum sigurleik í einvíginu. Seattle mætir San Antonio Spurs eða Denver Nuggets en meistarar Detroit etja kappi við sigurvegarann úr einvígi Boston Celtics og Indiana Pacers.



Sögusagnir eru á kreiki um að enska úrvalsdeildarliðið Manchester United sé á höttunum eftir miðvallarleikmanninum **Nigel de Jong** sem leikur með Ajax í Hollandi. Hinn tvítugi **de Jong** er samningsbundinn Ajax til sumarsins 2006 og er ekki falur að sögn **Arie van Eijden**, framkvæmdastjóra íþróttasviðs hjá Ajax. „Við munum ekki setja verðmiða á **Jong** einfaldlega út af því að við verðum að halda honum,“ sagði **van Eijden**. **de Jong** segist sjálfur mjög óánægður hjá félaginu og því eru taldar miklar líkur á að United muni ná að landa kappanum í sínar raðir.



Þýska stórliðið Bayern Munchen mun gera tilboð í **Bob Balde** sem leikur með Celtic í Skotlandi. Þetta fullyrti **Uli Hoeness**, framkvæmdastjóri liðsins, á dögunum en **Felix Magath**, þjálfari Bayern, gerði sér ferð til Skotlands til að fylgjast með **Balde** fyrir skömmu. Orðrómur var um að Bæjarar renndu hýru auga til **Craig Bellamy** en samkvæmt **Houness** skiptir liðið meira máli að finna varnarmann í stað hins króatíska **Robert Kovac**.





**INGIMUNDUR INGIMUNDARSON** Er með tilboð frá Danmörku og Sviss.

Reynslutími Ingimundar og Ólafs í Sviss liðinn:

# Fóru báðir heim með samning í töskunni

**HANDBOLTI** ÍR-ingarnir Ingimundur Ingimundarson og Ólafur Haukur Gíslason koma heim frá Sviss í dag en þeir hafa verið við æfingar hjá Pfadi Winterthur síðan í upphafi vikunnar. Þangað fóru þeir fyrir tilstilli Júlíusar Jónassonar, fyrrum þjálfara ÍR og leikmanns Wintherthur. Báðum gekk þeim vel á æfingum með félaginu og voru þeir leystir út með samningstilboði í gær.

„Þetta er bara ágætis félag og aðstæður mjög góðar. Þeir ætla að bjóða okkur báðum samning en við svörum þeim ekkert strax heldur tökum við tilboðin með heim og skoðum þau í rólegheitum,“ sagði Ingimundur við Fréttablaðið í gær en hann er einnig með samning á borðinu frá danska félaginu Ajax.

Fari svo að þeir félagar taki tilboðunum verður fátt um fína drætti hjá ÍR á næstu leiktíð enda er Bjarni Fritzson farinn til Frakklands, Hannes Jón Jónsson til Danmerkur og Fannar Þorbjörnsson er hugsanlega einnig á förum til Danmerkur. Svo er Hreiðar Guðmundsson að íhuga tilboð frá KA. **- hbg**



**ÓLAFUR GÍSLASON** Átti gott ár með ÍR, komst í landsliðið og er hugsanlega á leið í atvinnumennsku.


*Í tilefni af fyrirtækjakeppninni Hjólað í vinnuna 2.-13. maí*

# Hjólalestin

## Heilsusamleg og umhverfisvæn



## Leggur af stað í dag, fimmtudag 5. maí

### Nauthólsvík – Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn

**Hjólað til Nauthólsvíkur frá eftirtöldum stöðum.**
**Lagt af stað kl. 12.00.**

**Frá Spönginni** - viðkoma á Gullnesti/Olís kl. 12:30, umsjón ÍFHK
**Frá Smáratorg** - viðkoma við Sundlaug Kópavogs kl. 12:30, umsjón HFR
**Frá Mjódd** til Nauthólsvíkur, umsjón LHM

***Klukkan 13.00 leggur hjólalestin af stað í fylgd vetnisstrætó úr Nauthólsvík***

**Lestarstjórar:** Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra, Sigríður Jónsdóttir varaforseti ÍSÍ, Kolbrún Halldórsdóttir alþingiskona og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi.

**Leiðin Nauthólsvík - Húsdýragarður**
**Nauthólsvík – Suðurgata – Aðalstræti – Grófin – Geirsgata – Kalkofnsvegur – Sæbraut – Kringlumýrarbraut – Sundlaugavegur – Reykjavegur – Húsdýragarður.**
**ATH. Kl. 13:30 kemur Hjólalestin við hjá Eimreiðinni við Reykjavíkurhöfn.**

**Dagskrá í Fjölskyldu- og húsdýragarði kl. 14**

Stutt og hressileg ávörp lestarstjóra

**Lína langsokkur** kíkir við og sprellar og dregur í happdrætti um glæsileg hjólreiðaverðlaun frá Húsasmiðjunni.

Landsbjörg verður með ráðleggingar varðandi öryggisatriði í umferðinni og hjólreiðasamtök stýra hjólaþrautum.

*Ókeypis ferðir með vetnisstrætó úr Húsdýragarðinum kl. 15:30 Nauthólsvík, Spöngina, Mjódd og á Smáratorg.*

***Allir þeir sem mæta hjólandi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, – með hjálm á höfðinu, fá ókeypis aðgang og happdrættismiða.***



***Allir velkomnir!***



Strætó
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn
Húsasmiðjan
Ólympíufjölskyldan
Íslandsbanki
Sjóvá
Icelandair
VISA
LHM
Lýðheilsustöð
Ísland á iði Hreyfa sig!
FABRIKAN


GERRARD Ánægður með lífið á Anfield þessa dagana.

Steven Gerrard:
## Erum á réttri leið

FÓTBOLTI Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, játaði í breskum fjölmiðlum í gær að það að hafa komist í úrslit Meistaradeildarinnar með Liverpool gæti hafa gert það að verkum að hann yrði áfram hjá félaginu. Gerrard hefur verið sterklega orðaður við Chelsea og Real Madrid og voru margir stuðningsmenn Liverpool orðnir hræddir um að hann færi.

„Eftir úrslitaleikinn í Istanbúl mun ég setjast niður með stjórninni og ræða framtíðina. Það segir sig sjálft að þessi árangur hefur jákvæð áhrif á okkar viðræður. Ég hef sagt allan tímann að það eina sem ég vildi væri að liðið færi í rétta átt og þessi úrslit sýna svo sannarlega að við erum á réttri leið,“ sagði Gerrard og bætti við að stuðningsmenn félagsins ættu mikið í sigrinum gegn Chelsea. - hbg

# Er með Chelsea-hjarta

**Stuðningsmenn Chelsea tóku gleði sína á ný eftir tapið gegn Liverpool þegar Jose Mourinho skrifaði undir nýjan samning við félagið.**

FÓTBOLTI Það er ljóst að verki Portúgalans Jose Mourinho hjá Chelsea er ekki lokið því hann skrifaði í gær undir nýjan fimm ára samning við félagið sem tekur gildi í byrjun næstu leiktíðar. Þessi 42 ára gamli knattspyrnustjóri, sem hefur verið mikið í sviðsljósinu í vetur, segist vera hæstánægður hjá Chelsea og hafi alls ekki íhugað að yfirgefa herbúðir félagsins.

„Ég er virkilega sáttur með að hafa gert nýjan samning við Chelsea, hjarta mitt tilheyrir Chelsea og ég er með frábæran hóp leikmanna,“ sagði Mourinho í viðtali við heimasíðu Chelsea.

**Framlengdi um tvö ár**

Með þessum nýja samningi bætti Mourinho tveimur árum við núverandi samning, sem var gerður til þriggja ára síðasta sumar þegar hann var ráðinn knattspyrnustjóri Chelsea.

Hann bætti því einnig við að ástæða þess að hann skrifaði undir nýjan fimm ára samning væri framtíðarsýn eiganda félagsins og stjórnarinnar.

„Framtíðarsýn þessara manna og Chelsea er nokkuð sem ég vill vera hluti af. Ég held að ég gæti ekki verið ánægðari en ég er í dag og ég hef fullan stuðning frá félaginu,“ bætti Mourinho við.

Hann hefur þegar náð frábærum árangri með Chelsea og tveir titlar á fyrsta tímabili hans hjá Chelsea er eflaust bara byrjunin hjá þessum snjalla knattspyrnustjóra.

Peter Kenyon, yfirmaður knattspyrnumála hjá Chelsea, var hæstánægður með að hafa landað nýjum samningi við Mourinho.

„Þetta eru frábærar fréttir fyrir félagið. Við höfum sömu framtíðarsýn og Jose og erum að vinna eftir 10 ára áætlun. - gjj


ÉG KEM AFTUR! Jose Mourinho þakkar hér leikmönnum Liverpool fyrir leikinn á þriðjudag. Hann ætlar að reyna við Meistaradeildina á ný með Chelsea næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


GRÉTAR HJARTARSON Verður í framlínu KR gegn Þrótti í kvöld.

Úrslit deildabikarsins:
## Tekst Þrótti að leggja KR?

FÓTBOLTI Úrslitin í deildabikarkeppni KSÍ ráðast í dag en klukkan 17 hefst úrslitaleikur mótsins þegar KR og Þróttur mætast. Bæði þessi lið léku í 2. riðli A-deildar og höfnuðu þau í tveimur efstu sætum riðilsins.

Lið Þróttar hefur leikið mjög vel í keppninni. Liðið mætti Val og lagði þá nokkuð sannfærandi, 2-1, í átta liða úrslitum. Í undanúrslitum lögðu Þróttarar svo Skagamenn með sömu markatölu, 2-1, í framlengdum leik.

KR unnu 2. riðil A-deildar á mjög sannfærandi hátt og töpuðu ekki leik, unnu fimm og gerðu tvö jafntefli. Í átta liða úrslitum lagði liðið svo ÍBV, 2-0. Í undanúrslitum lögðu KR-ingar svo 1. deildarlið Blika næsta örugglega, 3-0.

KR og Þróttur voru þau lið sem skoruðu flest mörk í sínum riðli og því má búast við fjörugum og skemmtilegum leik í Egilshöllinni í dag. - gjj





HVENÆR KOMA ARGENTÍNUMENNIRNIR? Sævar Þór Gíslason þarf að bíða eitthvað eftir Argentínumönnunum tveimur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Argentínumennirnir ekki lentir í Árbænum:
## Vesen með vegabréf

FÓTBOLTI Einhver bið verður á því að Fylkismenn fái til reynslu tvo Argentínumenn frá Indipendiente en von var á þeim í síðustu viku. Leikmennirnir sem um ræðir eru Hernan Gabriel Perez og Carlos Raúl Sciucatti. Báðir eru þeir ungir að árum en Perez er 20 ára og Sciucatti 19 ára. Ásgeir Ásgeirsson, formaður meistaraflokksráðs Fylkis, sagði ástæðu fyrir seinkun leikmannanna.

„Þeir áttu að koma í síðustu viku en sökum þess að annar þeirra fékk ekki vegabréf þá hefur komu þeirra seinkað,“ sagði Ásgeir. Hann vonast til að málin skýrist fyrir helgi en sagði jafnframt að þeir hefðu gefið Indipendiente lokafrest.

„Við höfum sagt þeim að við munum ekki bíða mikið lengur, það styttist í tímabilið hér heima og við viljum klára þessi mál sem fyrst. Kerfið þarna úti er seinvirkara en hérna heima og því hefur þetta tafist.“

Aðspurður sagðist Ásgeir gera sér vonir um að þarna væru á ferðinni sterkir leikmenn. „Þetta eiga að vera hörkuleikmenn og miðjumaðurinn á að vera svakalega öflugur leikmaður,“ sagði Ásgeir. Hann sagði að liðið væri einnig að skima eftir leikmönnum í Englandi.

„Við höfum verið að skoða markaðinn í Englandi en samt ekki af neinni alvöru þar sem við vildum ekki vera með of mikið á okkar könnu og höfum því einbeitt okkur að Argentínumönnunum,“ sagði Ásgeir sem útilokaði ekki komu leikmanns frá Englandi ef mál Argentínumannanna myndu ekki skýrast.

Mál framherjans Björns Viðars Ásbjörnssonar eru einnig að skýrast og sagði Ásgeir að það væru miklar líkur á því að Björn myndi leika með Fylki í sumar.

„Það var búið að ákveða að það yrði sest niður með Birni þegar hann kæmi heim frá útlöndum og það gerðum við og ég tel miklar líkur á því að hann leiki með okkur í sumar,“ sagði Ásgeir. - gjj



**Á LEIÐ TIL FÆREYJA** Kári Kristjánsson og félagar í íslenska U-21 árs landsliðinu fá tækifæri gegn Færeyingum síðar í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nóg af verkefnum hjá handboltalandsliðinu:

# Æfingaleikir við Færeyjar

**HANDBOLTI** Undirbúningur handboltalandsliðsins fyrir umspilsleikina gegn Hvít-Rússum um sæti á EM í Sviss á næsta ári fer að hefjast enda verður leikið við Rússana í næsta mánuði. Fyrsti liður í undirbúningnum eru tveir landsleikir við Færeyinga ytra 21. og 22. maí.

„Ég mun eingöngu velja þá leikmenn sem spila hér heima og uppistaðan í liðinu verða leikmenn í U-21 árs liðinu,“ sagði Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið í gær en ívið stærra verkefni tekur við í kjölfar Færeyjaferðarinnar.

„Svíarnir koma í byrjun júní en ég fæ liðið saman í lok maí en þá er keppnistímabilunum í Evrópu lokið, þannig að okkar sterkustu menn munu leika gegn Svíum. Hvít-Rússaleikirnir koma svo í kjölfarið þannig að undirbúningurinn sem við fáum er mjög góður,“ sagði Viggó Sigurðsson. - hbg

Grindavík ætlar ekki að falla í sumar:

# Von á fleiri leikmönnum

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar hafa ekki útilokað að fá fleiri leikmenn áður en Landsbankadeildin hefst 16. maí. Þetta staðfesti Ingvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Grindavíkur.

„Við höfum þegar fengið einn Þjóðverja og svo eru allar líkur á að við klárum málin með Frakkann fljótlega en auk þeirra erum við að leita að sterkum miðjumanni áður en tímabilið hefst,“ sagði Ingvar.

Leikmennirnir sem Ingvar er að tala um eru þeir Robert Niestroj og Mounir Ahandour. Niestroj er 30 ára miðjumaður sem hefur undanfarin ár leikið með liðum á borð við Wolves, Iraklis og Nürnberg.

Ahandour er 22 ára gamall franskur sóknarmaður en Grindvíkingar hafa verið að leita að framherja til að leysa Grétar Hjartarson, sem gekk í raðir KR, af hólmi.

Ahandour skoraði eina mark Grindavíkur í 3-1 tapi gegn Fylki í æfingaleik fyrir skömmu. - gjj

Fjöldaflótti frá bikarmeisturum ÍR í handbolta:

# Hreiðar íhugar tilboð frá KA-mönnum

**HANDBOLTI** Svo getur farið að landsliðsmarkvörðurinn Hreiðar Levy Guðmundsson gangi í raðir KA-manna en Akureyrarliðið hefur sett sig í samband við hann. Reynir Stefánsson, nýráðinn þjálfari KA, staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær.

„Við höfum rætt við Hreiðar en málið er ekkert komið lengra en það. Þetta ætti að skýrast á næstu dögum,“ sagði Reynir. Hreiða sagði í samtali við Fréttablaðið að hann lægi undir feldi þessa dagana.

„Ég er með tilboð frá KA og ÍR, en þetta ætti að skýrast á næstu dögum,“ sagði Hreiðar. Hann sagði enn fremur að ákvörðun sín myndi ekki byggjast á því hvort Ólafur Gíslason yfirgæfi ÍR.

„Ákvörðun mín mun ekki ráðast af því, ég ætla að íhuga þetta vandlega áður en ég tek ákvörðun. Ég er að meta bæði kosti og galla þess að fara norður, þetta verður bara að koma í ljós,“ sagði landsliðsmarkvörðurinn Hreiðar Levy Guðmundsson. - gjj



**Á LEIÐ TIL KA?** Landsliðsmarkvörðurinn Hreiðar Guðmundsson er með tilboð frá KA og ÍR. Fari hann norður standa bikarmeistarar ÍR væntanlega eftir markmannslausir fyrir næsta tímabil þar sem hinn markvörður liðsins, Ólafur Gíslason, er væntanlega á leið til Sviss.


SÍÐUSTU DAGAR

VORTILBOÐUM VEIÐIHORNSINS LÝKUR Á SUNNUDAG
ÓTRÚLEGT ÚRVAL – FRÁBÆRT VERÐ
OPIÐ Í DAG 12 TIL 16

VEIDIHORNID.IS
VEIÐIHORNIÐ HAFNARSTRÆTI 5
VEIÐIHORNIÐ SÍÐUMÚLA 8

VEIÐIHORNIÐ

# Síðustu sætin
## í maí frá kr. 36.990

**Króatía**
19. maí - örfá sæti
26. maí - örfá sæti
2. júní - uppselt
Frá kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2, 3 eða 4 í stúdíó/íbúð.
Stökktu tilboð í viku, 19. maí.

**Benidorm**
18. maí - 15 sæti
25. maí - laus sæti
1. júní - 9 sæti
Frá kr. 38.695
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 18. maí, Vina del Mar.

**Rimini**
26. maí - nokkur sæti
2. júní - laus sæti
9. júní - laus sæti
Frá kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2, 3 eða 4 í stúdíó/íbúð - ath. enginn barnaafsláttur. Stökktu tilboð í viku, 26. maí.

**Costa del Sol**
18. maí - 19 sæti
25. maí - örfá sæti
1. júní - 17 sæti
Frá kr. 36.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð í viku, 18. maí.

**Mallorca**
25. maí - Örfá sæti
1. júní - 12 sæti
Frá kr. 38.895
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí, Brasilia.

**Algarve**
25. maí - örfá sæti
8. júní - 7 sæti
Frá kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð í viku, 8. júní, 22. júní eða 6. júlí.

MasterCard Munið Mastercard ferðaávísunina

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

AMERICAN IDOL
Í kvöld kl. 19:25



GOTT FÓLK MCCANN




## STUÐ MILLI STRÍÐA : Svona eiga góðar laugar að vera

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** SKRAPP Í SUND.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Í tilefni af því að það var sæmilega gott veður í gær og af því það var verið að opna nýja sundlaug skelltum við mæðgurnar okkur í sund í Versölum í Kópavogi. Svona á að byggja sundlaugar. Það fyrsta sem sagt var þegar gengið var í klefann var; Vá hvað þetta er flott!

Reyndar er ég ein af þeim sem skella sér í sund til að gera ýmislegt annað en að synda. En þarna var hægt að ganga á milli misheitra potta, eða liggja bara í letilauginni. Jafnvel að fá pínu nudd úr bunandi vatnsstútunum. Ég hef því ekki hugmynd um hvernig sundlaugin sjálf er, eða hvernig er að synda í þessari fínu nýju laug. Helsti gallinn var kannski að sólin var ekki nógu hátt á lofti og stór hluti af letilauginni var því í skugga, þó ekki værum við seint á ferð. Vonandi er þetta ekki galli í hönnun og verður miklu betra í sumar þegar sólin er hærra á lofti.

Á meðan ég lá í bleyti og gerði ekki neitt, nema fylgjast með mannlífinu þar sem slatti af fólki var í lauginni, voru svo dóttir mín og vinkona hennar einhvers staðar. Aðallega í rennibrautinni held ég, sem mér skilst að sé ljómandi skemmtileg.

Við höfum farið í nokkrar sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu. Rúntum aðeins á milli því ekki hafa hverfissundlaugarnar þótt of skemmtilegar, annars vegar Breiðholtslaugin og svo Vesturbæjarlaugin. Ég held að það sé ekki bara nýjungagirnin sem gerir það að verkum að Árbæjarlaugin, til dæmis, þykir miklu skemmtilegri. Það er ekki nóg að skella bara upp einni rennibraut eða svo, þó þær séu skemmtilegar líka. Auk sundlauga og heitra potta þurfa að vera einhvers konar sveppir eða gosbrunnar sem hægt er að hlaupa í gegnum. Ekki er verra að hafa innilaug. Svo má gjarnan vera alls konar dót, uppblásnir kútar, froskalappir og ég veit ekki hvað. Þegar þetta er allt komið er svo hægt að vera í lauginni klukkutímum saman, án þess að synda. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





SHARON OSBOURNE Áttaði sig of seint á því að hún var að klæmast við vitlausan mann.

# Klæmdist við vitlausan mann

Rokkafkvæmið Kelly Osbourne, dóttir Ozzy Osbourne, lýsti því yfir fyrir skömmu að móðir hennar Sharon hefði tekið þátt í símasexi með breska söngvaranum Robbie Williams. Osbourne-fjölskyldan dvaldist á hóteli í Los Angeles þegar Sharon ætlaði að hringja í Ozzy. Það fór þó ekki betur en svo að hún hringdi í skakkt númer þar sem breski söngvarinn svaraði. Sharon áttaði sig ekki á því við hvern hún var að tala fyrr en hún hafði gefið upp allt of miklar upplýsingar, en henni til happs leit Robbie svo á að um grín væri að ræða og fíflaðist með. Ekki leið þó á löngu þar til Sharon áttaði sig á því að hún var að tala við vitlausan mann.

„Mamma ætlaði að hringja í pabba en lenti á herberginu hans Robbie. Hún spurði hann hvort hann væri nakinn og hann tók þátt í gríninu," sagði Kelly í samtali við tímaritið Hit. ■

# Timberlake undir hnífinn

Bandaríski söngvarinn Justin Timberlake þarf að taka sér smá frí frá söngnum því hann er með hnúða í hálsinum. Söngvarinn knái þarf að gangast undir aðgerð til að bjarga poppferlinum og mun fara undir hnífinn á einkasjúkrahúsi í Los Angeles í næstu viku. ■



JUSTIN OG CAMERON Cameron Diaz mun væntanlega hjúkra unnusta sínum þegar hann verður skorinn upp vegna hnúða í hálsi.

# Gamnar sér í sundbolnum

Pamela Anderson hefur viðurkennt að klæða sig upp í rauða sundbolinn, sem hún skartaði þegar hún lék í þáttunum um Strandverði, fyrir elskhuga sína. Frægðarsól Pamelu reis hvað hæst í þáttunum þar sem hún lék hina kynþokkafullu C.J. Parker árið 1992. Hún segir að blóðflæði elskhuga sinna fari svo sannarlega af stað þegar hún bregði sér í hlutverk strandvarðarins.

„Ég á það til að klæða mig upp fyrir kærastana mína og það síðasta sem ég klæddi mig í, sem var í raun fyrir fáum mánuðum, var rauði sundbolurinn," sagði Pamela, sem á sem stendur í ástarsambandi við Stephen Dorff. „Einn elskhuga minna vildi láta bjarga sér svo ég stökk inn í sturtuklefann, bleytti mig og hljóp síðan hægt í átt að rúminu. Ég held að hann hafi verið nokkuð sáttur við frammistöðu mína." ■



PAMELA ANDERSON Hún á það til að klæða sig upp í gervi fyrir elskhuga sína, þar á meðal rauða sundbolinn.


Ófeigshátíð

í Ölfushöll, 7. maí - Kl. 20

30 ára afmælishátíð

HESTAR & MENN

Forsala aðgöngumiða

Myndskeið
Ljósmyndir
Afkomendasýning






ELLE MACPHERSON Súpermódelið hló að nýlegum sögusögnum um að hún væri að slá sér upp með leikaranum Colin Farrell.

# Of gömul fyrir Colin

Nýlega spruttu upp sögusagnir um að Colin Farrell hefði gert hosur sínar grænar fyrir súpermódelinu Elle Macpherson. Fyrsætan fór þó bara að hlæja þegar hún heyrði sögurnar um að parið hefði fengið sér vínglas saman á Bahama-eyjum. Macpherson, sem er orðin 42 ára, brá heldur í brún þegar hún heyrði slúðrið: „Hvað þá?! Hann er 28 ára gamall og ég á tvö börn. Ég hef ekki heyrt þessa sögu – hún er áhugaverð." Samkvæmt heimasíðunni ITV.com sagðist Macpherson hafa hitt „hinn fallega unga Íra" þegar hún dvaldi á Bahama-eyjum. „Núna er greyið strákurinn yfir sig hneykslaður á að vera orðaður við þessa gömlu kellingu," sagði fyrirsætan. ■


I ♥ CLEAN PLUS

Clean Plus® blautklútar eru nýjung sem auðvelda þrifin á bílnum!

C ean P us® vörur eru fyrsta f okks gæðavörur á samkeppnishæfu verði.
C ean P us® vörur gera þrifin á bí num auðve dari.
C ean P us® er fyrir nútíma bí aeigendur!







Fæst í he stu stórmörkuðum byggingavöruvers unum og víðar.

Dreifing K. Richter hf.
www.krichter.is

www.cleanplusautocare.com

CLEAN PLUS® AUTO CARE

**! Kl. 16.00**
*Kvennakórinn **Léttsveit Reykjavíkur** heldur tónleika í Íslensku óperunni undir stjórn **Jóhönnu V. Þórhallsdóttur**. Einsöng syngur **Signý Sæmundsdóttir**, en **Aðalheiður Þorsteinsdóttir** leikur á píanó, **Eggert Pálsson** á slagverk, **Ásgeir Steingrímsson** á trompet og **Stína bongó** á trommur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Enginn með Steindóri*

Í kvöld frumsýnir áhugaleikfélagið Hugleikur nýtt leikrit eftir Nínu Björk Jónsdóttur. Leikritið heitir Enginn með Steindóri og er fyrsta verk hennar í fullri lengd. Enginn með Steindóri er kolsvartur gamanleikur úr íslenskum samtíma og segir frá fjölskyldu bankastjóra nokkurs sem býður tilvonandi tengdafjölskyldu í matarboð. Gestirnir reynast hinsvegar ekki vera af alveg nógu fínu sauðahúsi fyrir fjölskylduna, sérstaklega ekki þegar kemur í ljós að bróðir kærasta dótturinnar er illræmdur og illvígur glæpamaður sem er einmitt að ljúka afplánun á Hrauninu fyrir mikla afbrotaöldu. Reyndar hefur bankastjórafjölskyldan ýmislegt að fela líka. Allt er þetta framreitt undir merkjum gamanleiksins og persónurnar dregnar kómískum dráttum þótt bæði þær og atburðirnir eigi sér hliðstæður og speglanir í samtíma okkar. Leikstjóri verksins er Þorgeir Tryggvason. Enginn með Steindóri er sýnt í Möguleikhúsinu við Hlemm, en þar hefur Hugleikur áður sýnt verk sín með góðum árangri.



## EKKI MISSA AF…

… tónleikum kanadísku prímadonnunnar **Mary Lou Fallis** í Salnum í Kópavogi annað kvöld, þar sem hún fer á kostum í einstæðri blöndu af húmor og hágæðatónlistarflutningi.

… Masterclass-námskeiði píanóleikarans **Ann Schein** í Salnum í dag kl. 9.30 til 16, og sambærilegu námskeiði sellóleikarans **Earl Carlyss** á sama stað á morgun. Áheyrn að námskeiðunum er ókeypis og allir velkomnir í Salinn.

… útskriftartónleikum söngkonunnar **Ragnheiðar Gröndal** frá tónlistarskóla FÍH annað kvöld.


**Apótekarinn eftir Haydn**
**Óperustúdíó Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands**

8. maí kl. 20 - 4. sýn
10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
**Ath. Aðgangur ókeypis**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
**GRJÓTHARÐIR**
**SÍÐASTA SÝNING Í KVÖLD!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**
**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
4. sýn. í kvöld fim. 5/5 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 6/5 **örfá sæti laus**, 6. sýn. mið. 11/5 **örfá sæti laus**, 7. sýn. lau. 21/5 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 26/5 **nokkur sæti laus**.
**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 7/5 **uppselt**, fim. 12/5 **uppselt**, fös. 13/5 **uppselt**, fös. 20/5 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 **nokkur sæti laus**. **Sýningum fer fækkandi í vor.**
**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Sun. 8/5 **uppselt**. **Síðasta sýning. Aukasýning fim. 19/5!**
**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 28/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.
■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**
**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Í kvöld fim. 5/5 **örfá sæti laus**. **Allra síðasta sýning á Smíðaverkstæðinu.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
■ **Litla sviðið kl. 20.00**
**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Í kvöld fim. 5/5 **uppselt**, fös. 6/5 **uppselt**, mið. 11/5 **nokkur sæti laus**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.
■ **Samkomuhúsið á Akureyri kl. 20.00 - Leikför**
**GRÆNA LANDIÐ** - *Ólafur Haukur Símonarson*
Fös. 13/5, lau. 14/5. Miðasala hjá Leikfélagi Akureyrar - www.leikfelag.is - sími: 4600200.
Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Þriðjudaginn **3. maí** og miðvikudaginn **4. maí** verður miðasalan opin **frá kl. 16-18.**
Hægt er að senda miðapantanir á netfangið **midasala@leikhusid.is**
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Fö 6/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20
***Síðustu sýningar***
**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***
**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 7/5 kl 20, Lau 28/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***
**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
í dag kl 14 - **UPPSELT,** Lau 7/5 kl 14 - **UPPS.**
Su 8/5 kl 14 - **UPPS.** Lau 14/5 kl 14 - **UPPS.**
Su 22/5 kl 14 - **UPPSELT,** Lau 4/6 kl 14
Su 5/6 kl 14, Su 12/6 kl 14, Su 12/6 kl 17
Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14, Su 26/6 kl 14
**PURPURI - TÓNLEIKAR FABULU**
*Margrét Kristín Sigurðardóttir*
Fi 12/5 kl. 21:00

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Í kvöld, Fi 12/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20
**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20 - **UPPS.,** Fö 6/5 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 7/6 kl 20 - **UPPS.,** Su 8/5 kl 20 - **UPPS.**
Fi 12/5 kl 20 - **UPPS.**, Fö 13/5 kl 20 - **UPPS.**,
Lau 14/5 kl 20, Fi 19/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20
**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Fi 12/5 kl 20 - ***Aukasýning***
**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Lau 7/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20, Lau 14/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudaga**


# Beethoven væri í rokkinu

„Ég held að Beethoven væri ekki nútímatónskáld eins og Stockhausen eða Ligeti ef hann væri uppi á okkar tímum,“ segir hljómsveitarstjórinn Friedemann Riehle, „heldur væri hann rokktónlistarmaður eða kannski eitthvað þar á milli. Tónlistin hans er svo tjáningarrík. Hann hafði ekki trommur og hann hafði ekki rafmagnið, en hann gerði það sem hann gat með þau hljóðfæri sem í boði voru.“

Riehle hefur undanfarin ár fengist við að stjórna sinfóníuhljómsveitum á rokktónleikum, þar sem flutt hafa verið brot úr tónverkum eftir nokkur klassísk tónskáld í bland við klassísk rokklög á borð við Woman from Tokyo og Smoke on the water með Deep Purple, Echoes með Pink Floyd og Kashmir með Led Zeppelin.

Riehle segir víða mega finna mikinn skyldleika með þessum tveimur heimum tónlistarinnar, og hann hefur sérstaklega gaman af því að láta sinfóníuhljómsveit flytja klassískt rokklag í beinu framhaldi af verki eftir klassískt tónskáld, þannig að skyldleikinn verði augljós hverjum áheyranda í salnum.

„Einfaldasta tengingin er kannski Myndir á sýningu eftir Mussorgskí sem Maurice Ravel útsetti fyrir hljómsveit. og síðan tóku Emerson, Lake og Palmer þetta verk í útsetningu fyrir litla rokkhljómsveit með hljóðgervlum. Allir rokkunnendur þekkja þetta verk, og það heyrist greinilega á Baba Yaga að Mússorgskí var rokktónlistarmaður. Um það þarf ekki að ræða frekar.“

Á tónleikunum verður meðal annars flutt frægt verk eftir Pink Floyd, Echoes, sem kom út á hljómplötunni Meddle árið 1971. Til samanburðar verður flutt brot úr verki eftir Mahler, þar sem andrúmsloftið allt er mjög svipað.

„Ég fann verk eftir Mahler sem er mjög svipað því sem Pink Floyd var að gera, mjög falleg og róleg tónlist. Mahler er ekki oft svona rólegur. Hann var þunglyndur má segja og tónlistin er það líka. En stundum slakar hann á og þá hljómar það eins og Pink Floyd.“

Sjálfur hefur Friedemann Riehle þó aldrei spilað í rokkhljómsveit, þótt hann hafi lært á klassískan gítar í æsku.

„Það var kunningi minn sem sagði mér að ég yrði að flytja rokktónlist, það hefði engan tilgang að flytja sífellt á ný sömu klassísku verkin sem búið er að taka upp hundrað sinnum.“

Riehle frumflutti efnisskrá tónleikanna fyrst árið 2001 í Prag með Janácek-fílharmóníunni og hefur síðan flutt hana víða um lönd við góðan orðstír. Nú er hann kominn hingað til Íslands og stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Háskólabíói annað kvöld og laugardagskvöld.

„Hljómsveitin ykkar er vön þessu. Hún er með rokktónleika á hverju ári, hef ég heyrt, en víða lendi ég á hljómsveitum sem vilja alls ekkert spila rokk.

Það eru þá aðallega smærri hljómsveitirnar, sem vilja vera stórar. Hinar stóru taka miklu frekar vel í það.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FRIEDEMANN RIEHLE** Stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á rokktónleikum í Háskólabíói annað kvöld og laugardagskvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ
5 3 4 **5** 6 7 8
**Fimmtudagur**

### ■ TÓNLEIKAR

☐ **16.00** Kvennakórinn **Léttsveit Reykjavíkur** heldur tónleika í Íslensku óperunni í tilefni af tíu ára afmæli kórsins. Stjórnandi er **Jóhanna V. Þórhallsdóttir**, einsöng syngur **Signý Sæmundsdóttir**, en með kórnum leikur **Aðalheiður Þorsteinsdóttir** á píanó og ásamt **Eggerti Pálssyni** á slagverk, **Ásgeir Steingrímssyni** á trompet og **Stínu bongó** á congatrommur og bongótrommur.

☐ **17.00** Kvennakórinn **Kyrjurnar** heldur árlega vortónleika sína í Seltjarnarneskirkju og syngur lög eftir Atla Heimi og Burt Bacharach. Kórstjóri er **Sigurbjörg Hvanndal Magnúsdóttir** og píanóleikari **Halldóra Aradóttir**.

☐ **18.00 Karlakór Keflavíkur** heldur sína árlegu vortónleika í Hríseyjarkirkju. Einsöngvarar eru **Steinn Erlingsson** bariton og **Davíð Ólafsson** bassi. Undirleik annast **Sigurður Marteinsson** á píanó, en stjórnandi er **Guðlaugur Viktorsson**.

☐ **20.00** Útskriftartónleikar tónlistardeildar Listaháskóla Íslands **Ólafía Línberg Jensdóttir** sópran syngur í Íslensku óperunni á útskriftartónleikum sínum frá tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Með henni leikur **Antonia Hevesi** á píanó.

☐ Kvartett **Maríu Magnúsdóttur** spilar djass og gospel á Café Rosenberg. Bandið skipa **María Magnúsdóttir** sem syngur, **Jóhann Ásmundsson** á bassa, **Ragnar Emilsson** á gítar og **Erik Quick** á trommur.

### ■ LEIKLIST

☐ **20.00** Áhugaleikfélagið **Hugleikur** frumsýnir **Enginn með Steindóri**, nýtt leikrit eftir **Nínu Björk Jónsdóttur**, í húsnæði Möguleikhússins við Hlemm.

### ■ SKEMMTANIR

☐ **21.00** Snúðarnir **Kalli, Lelli** og **Ewok** ráða ríkjum á Breakbeat.is kvöldi á Pravda.

# Stefnir á óperuna

Þessa dagana eru tónlistarnemendur við Listaháskóla Íslands að halda útskriftartónleika sína hver á fætur öðrum. Í kvöld er röðin komin að Ólafíu Línberg Jónsdóttur sópransöngkonu, sem ætlar að bjóða upp á fjölbreytta söngdagskrá í Íslensku óperunni.

Hún ætlar að syngja aríur eftir Mozart, Puccini, Dvorak og Donizetti ásamt ljóðasöngvum eftir Schubert, Liszt og Haydn, svo nokkuð sé nefnt.

„Eftir Liszt ætla ég að syngja ljóð sem hafa ekki heyrst mikið hérna, en eru mjög falleg. Síðan eftir hlé verð ég með nútímalegri tónlist, bæði lög eftir Richard Hundley, sem er bandarískt tónskáld, og einnig eftir þýskt tónskáld sem heitir Wolfgang Rihm.“

Ólafía byrjaði í söngnámi sextán ára hjá Elísabetu Erlingsdóttur, sem hefur verið aðalkennari hennar allar götur síðan.

„Ég tók mér reyndar hlé í eitt ár og fór til Bandaríkjanna þar sem ég var í einkatímum. Ég var líka hálft ár skiptinemi í Þýskalandi.“

Hún stefnir á framhaldsnám í Hollandi og langar til að leggja fyrir sig óperusöng.

„Það er draumurinn. Ég ætla að stefna á óperuheiminn.“



**ÓLAFÍA LÍNBERG JÓNSDÓTTIR** Syngur á útskriftartónleikum sínum í Íslensku óperunni í kvöld.

Ólafía hefur komið fram í nokkrum óperuhlutverkum. Hún söng Drusillu í óperunni Krýning Poppeu eftir Monteverdi með Sumaróperunni í Reykjavík haustið 2003 og Arsenu í uppfærslu Óperustúdíós Listaháskólans og Íslensku Óperunnar á Sígaunabaróninum eftir Johann Strauss.

Um þessar mundir syngur hún hlutverk Grillettu í uppfærslunni Óperustúdíósins á Apótekaranum eftir Joseph Haydn. ■

## MESSUR

☐ 11.00 **Dómkirkjukór Gautaborgar** syngur við hátíðarmessu í Hallgrímskirkju.

## SÝNINGAR

☐ 14.00 **Handverksýning** eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi veður haldin á degi aldraðra, uppstigningardag, í félagsmiðstöðinni að Skólabraut 3-5. Gengið er inn á jarðhæð.

**hvar@frettabladid.is**

# List án landamæra

Listahátíðin List án landamæra verður formlega sett í Iðnó klukkan 14 í dag. Þorvaldur Þorsteinsson, forseti Bandalags íslenskra listamanna, setur hátíðina.

Dagskrá hátíðarinnar er fjölbreytt að vanda og er sérstök áhersla lögð á samvinnu fatlaðra og ófatlaðra listamanna.

Hún stendur til 13. maí og verður eitthvað nýtt og spennandi að gerast á hverjum degi. Meðal viðburða má nefna Listdans á skautum, tónleika í Salnum, stuttmyndasýningu í Háskólabíói, leiksýningu í Iðnó og myndlistarsýningu í Hinu húsinu.





GERÐUBERG
OPIÐ Í DAG!
**Stefnumót við safnara II**
Markaðstorg safnarans
laugardaginn 7. maí kl.14 -17
Ath! skráning: bh44@isl.is
**Listakonan Lóa Guðjónsdóttir**
sýnir vatnslita- og olíuverk í Boganum
**Ókeypis aðgangur!**
**Opið í dag frá kl. 13-17!**
www.gerduberg.is

TÓNLISTARHÁTÍÐ Í TÍBRÁ DAGANA 5. - 14. MAÍ 2005

KABARETT MASTERKLASS TÓNLEIKAR FRÁBÆRIR LISTAMENN
50 KÓPAVOGUR 50 ÁRA
Salurinn
Miðasala hafin • Sími 5 700 400 • Netsala www.salurinn.is

Tenórinn
ALLRA SÍÐASTA SÝNING
Laugardaginn 7. maí kl. 20.00
IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

Tjarnarbakkinn restaurant

KRINGLUKRÁIN

- Sérréttamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópamatseðill
Borðapantanir í síma 568 0878
Mannakorn um helgina
www.kringlukrain.is

Ávaxtakarfan
Í AUSTURBÆ

Birgitta
Goddý Gulrót
...Ef horft er á í réttu ljósi
hve lífið er stutt og lukkan
svo hverful og smá.
Ef horft er á í réttu ljósi.
Hver dagur er gjöf,
svo margt sem að
hægt er að sjá...
SPARISJÓÐURINN
ÍsMedia
Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is
Sunnudagur 8. Maí kl: 13:30
Sunnudagur 29. Maí kl: 13:30
www.midi.is

CONCERT
CONCERT KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ ET CONCERT PROMOTIONS
RÁS VÍKING

Í KVÖLD!
THE SHADOWS
HANK MARVIN BRUCE WELCH BRIAN BENNETT
THE FINAL TOUR
MIÐASALA Í ANDYRI KAPLAKRIKA FRÁ KLUKKAN 12:00 !
ALLRA SÍÐUSTA TÆKIFÆRI AÐ SJÁ MEISTARNNA!
ÖRFÁIR MIÐAR LAUSIR
Together again for one last time...




## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Fischerspooner:** Odyssey
**Garbage:** Bleed Like Me
**Hot Hot Heat:** Elevator, Pan: Virgins
**Coldplay:** A Rush of Blood to the Head
**Mariza:** Transparente

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Sverrir undirbýr sólóplötu



Hljómsveitin Daysleeper er hætt eftir um það bil fimm ára samstarf. Að sögn Sverris Bergmann, fyrrverandi söngvara sveitarinnar, ákváðu menn að fara hver sína leið og voru engin leiðindi þar á bak við.
Sverrir, sem sló í gegn árið 2000 með laginu „Án þín," hefur þó síður en svo lagt tónlistina á hilluna. „Ég er að leika mér að semja eitthvað og ætla að gera plötu þegar að því kemur," segir Sverrir, sem er annar af umsjónarmönnum þáttarins Fríða og dýrið á Popptíví. Aðspurður segist hann ekki vera kominn með plötusamning í útlöndum en það sé þó að sjálfsögðu draumurinn eins og hjá flestum öðrum tónlistarmönnum.
Dayslepper gaf út tvær plötur á ferli sínum; fyrst EveAlice sem seldist í 3.000 eintökum fyrir jólin 2002, og síðan Daysleeper sem kom út fyrir ári. Þess má geta að Sverrir var í miklð í sviðsljósinu síðasta sumar fyrir hlutverk sitt í söngleiknum Hárinu, sem hann skilaði með miklum sóma.

### > Plata vikunnar ...



**SAGE FRANCIS: A Healty Distrust**

*„Rapparinn, þjóðfélagsgagnrýnandinn, tónlistarspekingurinn og ljóðskáldið Sage Francis snýr aftur með aðra stórkostlega plötu. Þið megið ekki missa af þessari."* **BÖS**

### > Popptextinn ...

*„I hear you all ask 'bout the meaning of scat. Well I'm the professor and all I can tell you is while you're still sleepin' the saints are still weepin' 'cause things you call dead haven't yet had the chance to be born. I'm the Scatman."*

- Scatman John, sem tryllti heimsbyggðina með sérstökum teknódjasssöng sínum á tíunda áratugnum, er horfinn á vit feðra sinna en arfleifð hans og boðskapur lifir.

## [ TOPP 10 ]

*X-DOMINOSLISTINN - 4. MAÍ*

| | |
|---|---|
| 1 | **FOO FIGHTERS** Best Of You |
| 2 | **WHITE STRIPES** Blue Orchid |
| 3 | **SYSTEM OF A DOWN** B.Y.O.B |
| 4 | **WEEZER** Beverly Hills |
| 5 | **INTERPOL** C'mere |
| 6 | **OASIS** Lyla |
| 7 | **KASABIAN** L.S.F |
| 8 | **GORILLAZ** Feel Good Inc. |
| 9 | **COLDPLAY** Speed Of Sound |
| 10 | **MY CHEMICAL ROMANCE** Helena |



**DAVE GROHL** Forsprakki Foo Fighters er kominn í efsta sæti X-listans með lagið Best Of You.

# Weezer-aðdáendur gleðjast á ný

**Bandaríska hljómsveitin Weezer gefur út sína fimmtu plötu á mánudag. Freyr Bjarnason kíkti á feril sveitarinnar.**



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Liðsmenn Weezer í góðurm félagsskap Larry Flynt og vinkvenna hans á Playboy-setrinu. Myndbandið við smáskífulagið Beverly Hills var tekið upp á setrinu.

Fimmta plata bandarísku hljómsveitarinnar Weezer, Make Believe, kemur út á mánudaginn. Brúnin lyftist jafnan á tónlistaráhugamönnum er þeir heyra að ný Weezer-plata sé á leiðinni enda sveitin þekkt fyrir að semja létt og grípandi popplög með pönkrokkuðu ívafi.

Weezer var stofnuð árið 1992. Eftir að hafa vakið litla athygli til að byrja með sló sveitin umsvifalaust í gegn þegar fyrsta plata hennar kom út 1994. Platan var samnefnd sveitinni en hefur jafnan verið nefnd Bláa albúmið. Á henni er að finna hörkuslagara á borð við Buddy Holly, Undone-The Sweater Song og Say It Ain't So sem allir nutu mikilla vinsælda.

Eftir umfangsmikla tónleikaferð um heiminn tóku meðlimir Weezer, með söngvarann og lagahöfundinn sérvitra Rivers Cuomo í farabroddi, sér pásu. Cuomo hélt áfram námi sínu við Harvard-háskóla, trommarinn Pat Wilson og bassaleikarinn Scott Shriner stofnuðu hljómsveitina The Rentals og gítarleikarinn Brian Bell sneri sér aftur að gömlu hljómsveitinni sinni, The Space Twins.

Eftir að hafa hlaðið batteríin gaf Weezer tveimur árum síðar út plötuna Pinkerton og voru eftirvæntingarnar að vonum miklar. Platan var nokkuð hrárri og rokkaðari en frumburðurinn og seldist ekki næstum því eins vel, þó svo að hún hafi sótt í sig veðrið allar götur síðan á sölulistum.

Lítið spurðist til Weezer eftir útkomu Pinkerton. Dræmar viðtökur bæði gagnrýnenda og almennings við plötunni fóru illa í Cuomo og hann dró sig algerlega í hlé. Hann lokaði sig inni í íbúð sinni í Los Angeles, sem var staðsett undir hraðbraut, setti einangrunarefni fyrir gluggana og hengdi svört lök þar yfir. Því næst málaði hann veggina svarta, tók símann úr sambandi og eyddi tíma sínum með gæludýrinu Gecko.

Þriðja plata Weezer kom ekki út fyrr en 2001 og hafði yfir sér mun léttara yfirbragð en Pinkerton. Kallaðist hún Weezer, eins og fyrsta platan, en fékk viðurnefnið Græna albúmið. Platan fékk frábærar viðtökur og loksins gat Cuomo tekið gleði sína á ný. Weezer var snúin aftur og það með stæl. Cuomo virtist eiga fullt af lögum í pokahorninu því ári síðar kom næsta plata út, Maladroit, sem fékk einnig prýðilegar viðtökur. Báðar þessar plötur höfðu að geyma vinsæl lög á borð við Island in the Sun, Hash Pipe og Dope Nose sem endurvöktu vinsældir Weezer svo um munaði.

Nú, þremur árum síðar, er fimmta plata Weezer komin út. Fyrsta smáskífulagið, Beverly Hills, hefur þegar hljómað í útvarpi í nokkurn tíma við miklar vinsældir og svo virðist sem Weezer sé ekki að fara að missa neina aðdáendur á næstunni, heldur þvert á móti. ■




# Fyrrverandi hjólabrettasnillingur

Albert Hammond Jr., gítarleikari rokksveitarinnar The Strokes, var afar fær hjólabrettastrákur á sínum yngri árum. Þetta kemur fram í nýrri ævisögu föður hans, Albert Hammond, sem er einnig að gefa út sína fyrstu plötu í 23 ár, Revolution of the Heart.

„Það er skrítið að þessar fréttir litu ekki dagsins ljós fyrr," sagði Hammond yngri. „Það undarlega er að ég sýndi oft listir mínar fyrir framan 5.000 manns og var aldrei taugastrekktur en þegar ég steig upp á svið í fyrsta sinn voru fjórir að horfa á og ég ældi," sagði hann. ■



**ALBERT HAMMOND JR.** Gítarleikarinn snjalli sýndir listir sínar á hjólabrettum á sínum yngri árum.

# Hættir snemma

R&B söngvarinn Usher ætlar ekki að ílengjast í tónlistarbransanum vegna þess að hann segist ekki geta haldið áfram á sama hraða á fertugsaldri.

Usher, sem er þekktur fyrir vinnusemi sína, er ánægður með líf sitt eins og er en ætlar sér að slaka á þegar hann eldist. „Ég ætla ekki að vera þrítugur eða fertugur listamaður sem fer í tónleikaferðir. Ég væri til að gera það í frítíma mínum en ég vil ekki vera 38 ára gamall, kófsveittur, hlaupandi út um allt svið,“ sagði hinn 26 ára Usher. ■



**USHER** Tónlistarmaðurinn Usher virðist ekki eiga mörg ár eftir í bransanum ef eitthvað er að marka orð hans.

# Stelpur gráta yfir nýrri plötu

Alex Kapranos, söngvari skosku hljómsveitarinnar Franz Ferdinand sem spilar hér á landi 27. maí, segir að á annarri plötu sveitarinnar sé að finna tónlist sem stelpur gráta yfir.

Ferdinand hefur verið í hljóðveri í Skotlandi að undanförnu að vinna við plötuna. „Platan er farin að taka á sig mynd,“ sagði Kapranos á heimasíðu sveitarinnar. „Ég sagði vini mínum að stelpur gætu dansað við þessa plötu, en þetta er frekar plata sem stelpur gráta yfir. Að minnsta kosti geta tár runnið niður kinnarnar á meðan þær dansa.“ ■



**FRANZ FERDINAND** Skoska hljómsveitin Franz Ferdinand er á leiðinni hingað til lands í lok þessa mánaðar.



**OASIS** Nýjasta plata sveitarinnar er komin á netið. Platan verður gefin út 30. maí.

# Nýja platan á netinu

Nýjasta plata hljómsveitarinnar Oasis, Don't Believe the Truth, er komin í öllu sínu veldi á heimasíðu iTunes í Þýskalandi. Þar er hægt að hlaða inn hvert og eitt lag plötunnar á löglegan hátt.

Platan, sem er sjötta hljóðversplata Oasis, verður gefin út 30. maí og koma þessi tíðindi liðsmönnum sveitarinnar því afar illa. Ekki er vitað hvort Oasis mun flýta útgáfu plötunnar, en hennar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu.

Síðasta plata Oasis, Heathen Chemistry, kom út fyrir tæpum þremur árum. Sveitin er þekktust fyrir fyrstu tvær plötur sínar, Definitely Maybe og (What's the Story) Morning Glory?, sem höfðu að geyma slagara á borð við Live Forever og Wonderwall.

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### Athlete: Tourist

„Breska sveitin Athlete tekur við kyndlinum þar sem Snow Patrol lagði hann frá sér. Sæmilegasta hljómsveitarpopp eftir bresku hefðinni, sem virkar svo auðvitað sérstaklega leiðingjarnt við ítrekaða hlustun.“

BÖS

### Out Hud: Let Us Never Speak of it Again

„Þrír liðsmenn !!! (tjikk, tjikk, tjikk) starfa líka í þessari sveit Out Hud sem var að gefa út aðra breiðskífu. Elektrónik fyrir þenkjandi fólk sem veit ekkert betra í heiminum en að tapa sér í dansi.“

BÖS

### Michael Bublé: It's Time

„Bublé vill verða næsti Frank Sinatra. Hann er góður söngvari en of mikil eftirherma til að hægt sé að setja hann á háan stall.“

FB

### The Bravery: The Bravery

„The Bravery er líklegast hljómsveit sem þú átt annaðhvort eftir að elska eða hata. Frumraun þeirra er vandað sykurhúðað bílskúrsrokk sem ætti að koma rokkáhugamönnum í gott skap, a.m.k. að fá þá til að brosa.“

BÖS

### Eric Clapton: Sessions for Robert J.

„Erfitt er að taka út eitt lag á þessum tvöfalda grip því víðast hvar fer Clapton á kostum, hvort sem hann er einn að strjúka gítarinn eða með hljómsveit sinni.“

FB

### Trabant: Emotional

„Hirðsveit Bessastaða hefur alla tíð slegið á létta strengi og slær hvergi slöku við. Tregablandið gleðipoppið gengur fullkomlega upp enda um frábærar lagasmíðar að ræða. Emotional er mögnuð plata þar sem ástin, glimmer, gloss og gleði ráða ríkjum.“

KH

Birgir Örn Steinarsson
Freyr Bjarnason
Kristján Hjálmarsson





**BÓHÓ-GELLA** Við hnésíð hvít pils eru skyldueign í sumar ásamt breiðum beltum.



**HATTAR Í SÓKN** Strákar ættu að vera duglegri við að nota fylgihluti. Klútar, hliðartöskur og hattar hressa upp á heildarmyndina. Það kemst enginn strákur í gegnum sumarið nema eiga einn pólóbol.



**FERSKUR** Safaríbuxur eru áberandi í sumar ásamt pólóbolum. Takið eftir skótauinu, sandalar eru líka fyrir stráka.



**Á LEIÐ Í NAUTHÓLSVÍK** Stutt pils og töfflur eru mál málanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**KJÓLAR HAFA SJALDAN VERIÐ EINS ÁBERANDI** Fallegt er að nota belti við til að leggja áherslu á útlínurnar.



**BRETTIÐ UPP Á GALLABUXURNAR** Breið belti og síðir toppar passa vel saman. Ef þið eigið dansskó heima er um að gera að draga þá fram og nota við gallabuxurnar, nú eða fjárfesta í einum slíkum.

# Í sandölum og ermalausum bol...



**TÍGRISKONA** Hnébuxur eru eitt af því ferska í sumartískunni. Þessar eru með falli að framan eins og flestar buxur voru á níunda áratugnum. Tígrisdýrasokkarnir setja punktinn yfir i-ið.

Sköpunardýrðin fékk að njóta sín í versluninni Top Shop í Smáralind þegar nemar fengu að setja upp tískusýningu frá a-ö. Nemadagurinn var auglýstur í framhaldsskólum og var þátttakan vonum framar og nemar í öllum hlutverkum við að skipuleggja tískusýninguna. Nemar voru í hlutverki förðunarmeistara og fengu leiðsögn hjá starfsfólki Amerísku snyrtivörumerkisins MAC en Jómbi stílisti í versluninni Zöru leiddi hópinn. Einn hópurinn sá um stíliseringu og annar um að spila réttu tískusýningartónlistina meðan enn einn hópurinn sýndi afraksturinn. Af sýningunni að dæma eru nemarnir afar frjóir í hugsun og greinilega með á nótunum þegar tískan er annars vegar. Vor- og sumartískan í Top Shop hefur sjaldan verið meira spennandi. Tískan er undir miklum fjölþjóðlegum áhrifum með tilheyrandi víðum mynstruðum pilsum, afrískum tréskartgripum og hippalegum indverskum mussum. Við þetta er fallegt að blanda sumarlegum toppum, sandölum og hnésokkum. Er hægt að biðja um eitthvað meira? Dagurinn heppnaðist svo vel að áætlað er að halda eins dag að ári liðnu.



**HIPP OG KÚL MEÐ HATT** Blazer-jakkar og víðar buxur verða áberandi í sumartískunni í Top Shop. Hliðartöskur eru ekki bara fyrir kvenfólk.



**FJÖLÞJÓÐLEG** Við pils með skemmtilegu mynstri eru alveg að gera sig. Vertu með stór hálsmen og vertu í góðum fíling.




# Meistarastykki tvö

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN

Það eru örugglega ekki til margir rapparar sem eru beittari en Sage Francis. Hann er ljóðskáld, með heimsmálin á hreinu og skýtur fallbyssukúlum út úr trantinum á sér. Síðasta plata hans, Personal Journals, var plata ársins hér í Fréttablaðinu árið 2002. Eftir þá plötu skipti Sage um plötufyrirtæki og hvarf í allt of langan tíma. Hann snýr núna aftur með aðra skothelda plötu, A Healthy Distrust.

Þeir eru líka eflaust fáir sem eru jafn hugmyndaríkir þegar kemur að kubba saman undirspilið. Og að rappari skuli fá Will Oldham, betur þekktur sem Bonnie Prince Billie, til að syngja öngulinn í laginu Sea Lion er tær snilld.

Hér vinnur Sage með snillingum á borð við Danger Mouse, Alias og Reanimator sem aðstoða hann við bítin. Þessi plata er því ekki jafn hrá og fyrri platan, en öllu kraftmeiri.

Hér snertir Sage á helstu málum sem þykja viðkvæm í Bandaríkjunum í dag. Segir svo hlustendum sínum að Guð og djöfullinn séu ekki til. Þetta undirstrikar hann með orðunum „God's not a Woman, he's a bitch“ og „The Devil is the White Man“ sem verða enn sterkari orð þar sem Sage er jafn fölur og flest okkar frá klakanum.

Þó að þetta sé líklegast með betri hiphopplötum sem við eigum eftir að heyra á þessu ári skulið þið ekki búast við því að heyra lög af henni á Vegamótum eða í útvarpinu, þetta er of fullorðins til þess að svamla um í grunnu lauginni.

Birgir Örn Steinarsson




SAGE FRANCIS:
A HEALTHY DISTRUST

**NIÐURSTAÐA:** Rapparinn, þjóðfélagsgagnrýnandinn, tónlistarspekingurinn og ljóðskáldið Sage Francis snýr aftur með aðra stórkostlega plötu. Þið megið ekki missa af þessari.

# Ósáttur við síðustu plötu

Dave Grohl, forsprakki Foo Fighters sem gefur út tvöfalda plötu á næstunni, segist ekki vera sáttur við síðustu plötu sveitarinnar, One by One, sem kom út fyrir þremur árum. „Ég var frekar fúll út í sjálfan mig fyrir síðustu plötu,“ sagði Grohl. „Fjögur lög voru góð en hin sjö hef ég aldrei aftur spilað. Við drifum okkur í hljóðver til að gera plötuna og drifum okkur síðan aftur út.“

Grohl var staðráðinn í því að gera ekki sömu mistökin aftur á nýju plötunni. „Til að byrja með var það hálfasnaleg hugmynd að gera þessa plötu. Við ákváðum að kaupa risastóra vöruskemmu, byggja þar flottasta hljóðverið í Los Angeles og taka upp tvöfalda plötu á sex mánuðum. En okkur tókst það,“ sagði hann.



**FOO FIGHTERS** Dave Grohl, lengst til hægri, er ekki ánægður með síðustu plötu sveitarinnar.

Nafn plötunnar, In Your Honor, varð til eftir að Grohl fór í kosningaferð með forsetaframbjóðandanum John Kerry. „Við heimsóttum litla bæi og þúsundir manna mættu á svæðið til að láta þennan mann bjarga sér. Þetta er ekki pólitísk plata en það sem ég sá hafði áhrif á mig.“ ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Oprah Winfrey** hefur beðið einn virtasta hundasálfræðing Ameríku um að hjálpa svarta hundinum hennar, sem er af kyninu Cocker Spaniel, með nokkur „vandamál.“ Oprah hafði samband við Cesar Millan sem er þekktur sem „Hundahvíslarinn“ og bað hann um að hjálpa Sophie sem hún kallar dóttur sína. „Sophie á sín vandamál og ég held að þau séu mér að kenna,“ sagði Oprah áhorfendum þáttarins.



**Paris Hilton** segist aðeins eiga nokkra „ekta vini“. „Ég á ekki eins marga vini og ég átti forðum. Ég var svo mikill djammari og átti fullt af fölskum vinum sem var í raunninni alveg sama um mig. Þegar fólk eyðir mörgum árum á þann hátt þá hittir það ekki mikið af góðu fólki. Auk þess skipti ég svo oft um skóla. Einu alvöru vinirnir í lífi mínu eru fjölskyldan mín, systir mín og kærasti og nokkrir aðrir í viðbót. Það er svo erfitt að treysta fólki, sérstaklega í L.A.,“ segir Paris og bætir því við að hana langi til að stofna fjölskyldu á næstu þremur árum með kærastanum Paris Latsis en þau hittust fyrr á þessu ári.



**Tom Cruise** segist ánægður í sambandi sínu með leikkonunni **Katie Holmes**. Cruise, sem er sextán árum eldri en Holmes, hefur verið að hitta Holmes síðustu vikur. „Hún er stórkostleg kona. Þetta er allt dásamlegt. Ég er hugfanginn,“ sagði Cruise. Næsta mynd leikarans, War Of The Worlds, verður frumsýnd í Bretlandi í byrjun júní.



**Cameron Diaz** hefur neitað sögusögnum þess eðlis að þau **Justin Timberlake** muni ganga í hjónaband um næstu helgi. Slúðurblöð ytra höfðu birt sögur þess eðlis að parið væri að plana brúðkaup í Suður Frakklandi um næstu helgi. Vitnað var í heimildarmann á hóteli í Nice sem sagði: „Það er uppbókað fyrir sérstakan atburð. Þau hafa bókað allt hótelið.“ Hins vegar harðneitaði Cameron sögusögnunum og svaraði talsmaður hennar fyrir hana: „Þau eru ekki að fara að gifta sig í Suður-Frakklandi um næstu helgi og þau eru ekki heldur trúlofuð.“














# Velkomnir aftur

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Akkúrat þegar það leit út fyrir að elektróclash-sveitin Fischerspooner hefði bara verið tískubóla kemur út önnur plata þeirra, Odyssey. Ekkert hefur heyrst frá sveitinni frá því að plata þeirra #1 sló í gegn sem undirleikstónlist á tískusýningum fyrir þremur árum síðan. Dúettinn var líka vinsælt umfjöllunarefni í tískublöðum á borð við Dazed and Confused og The Face á þessum tíma, fyrir ótrúlega hugdjarfar framkomur, flott myndbönd og listrænar uppákomur hér og þar. Svo hvarf hún, eins og einhver hefði gleypt hana af yfirborði jarðar.

Fischerspooner snýr núna aftur með mun alvarlegri, melódískari og meira grípandi plötu en áður. Það er enn þó eitthvað mjög melónkólískt í kjarna þeirra, tónlistin jaðrar við að vera á bláu nótunum á köflum, jafnvel þó takturinn fái mann til að dansa.

Ég var hreinlega búinn að afskrifa þessa sveit og gerði ekki miklar væntingar til plötunnar þegar ég loksins fékk hana í hendurnar. En staðreyndin er sú að hér er varla galla að finna. Þetta er nánast hin fullkomna synth-popp plata fyrir hugsandi tónlistaráhugamenn. Texti slagarans We Need a War nær á ógnvekjandi hátt að grípa þá stereóímynd sem Evrópubúar hafa á hugsunarhætti Bandaríkjamanna hvað stríð varðar. Frábært lag, eins og þessi plata er reyndar öll.

**Birgir Örn Steinarsson**



**FISCHERSPOONER**

ODYSSEY

**NIÐURSTAÐA:** Týndu prinsarnir í bandarísku raftónlistarsenunni snúa aftur eftir þriggja ára útgáfuþögn. Biðin var þess virði, og platan það besta sem þeir hafa gert.

# Öðruvísi kántríhátíð

Heljarmikil kántríhátíð verður haldin á skemmtistaðnum Grandrokk á föstudags- og laugardagskvöld. Tólf hljómsveitir og trúbadorar koma fram, þar á meðal Tenderfoot, Indigo, 5ta Herdeildin, Pétur Ben og Helgi Valur.

Ólafur Guðsteinn Kristjánsson, hugmyndafræðingurinn á bak við hátíðina, segir að hugmyndin hafi fæðst ekki alls fyrir löngu. „Ég sendi tölvupóst á Frey Eyjólfsson og hann samþykkti að sjá um aðalskipulagninguna. Hann fór í það að smala saman þeim böndum sem spila kántrí sem er frábrugðið þessu hefðbundna,“ segir Ólafur. „Það hefur verið talsverð gróska í þessa veru undanfarið og mér þótti brögðótt að prófa eitthvað svona; að smala þessu liði saman og halda festival. Síðan vatt þetta upp á sig.“

Aðspurður segir Ólafur að ekki hafi verið haft samband við sjálfan kántríkóng Íslands, Hallbjörn Hjartarson, í þetta skiptið. „Það hefur ekkert borist í tal en það hefði verið gaman að hafa hann með. Hann verður kannski með næst ef þetta heldur áfram.“

Ólafur, sem mun sjálfur troða upp með Hanoi Jane á hátíðinni, hefur verið í tónlistinni í um það bil ellefu ár. Hann hóf feril sinn í pönksveitinni Örkuml en í kringum aldamótin 2000 ákváðu þeir félagar að venda kvæði sínu í kross og halla sér að kántríinu. Þar hafa þeir verið undir sterkum áhrifum frá hljómsveitum eins og Jayhawks og Wilco, ásamt tónlistarmanninum Will Oldham, sem einnig gengur undir nafninu Bonnie Prince Billy.

„Ég vonast til að fólk gefi þessu einhvern gaum og prófi að mæta og sjá hvort því líki þetta. Þarna eru mörg fyrirtaksbönd sem eru mjög frambærileg,“ segir Ólafur. Frítt verður inn bæði kvöldin á Grandrokk. ■



**TENDERFOOT** Hljómsveitin Tenderfoot spilar á kántríhátíðinni á Grandrokk á laugardagskvöld.














**FARSÆLIR PUTTALINGAR** Ævintýri geimferðalangana í The Hitchhiker's Guide to the Galaxy er að slá í gegn í kvikmyndahúsum enda byggir myndin á kostulegri og sívinsælli skáldsögu Douglas Adams.

# Gróðavænleg geimferð

Geimgrínmyndin The Hitchhiker´s Guide to the Galaxy var frumsýnd á Íslandi í gær en hún hefur farið feikilega vel af stað í Bandaríkjunum og Bretlandi. Myndin fór til dæmis langt fram úr hasarmyndinni XXX 2 í miðasölunni í Bandaríkjunum um síðustu helgi og tók um 22 milljónir dollara í miðasölunni.

Myndin fór af stað með álíka látum í Bretlandi en hún byggir á vinsælli skáldsögu Douglas Adams sem kom fyrst út árið 1979. Bókina byggði Adams svo aftur á útvarpsþáttum sem hann gerði fyrir BBC sem síðar gerði einnig sjónvarpsþætti eftir þannig að rætur The Hitchhiker´s Guide to the Galaxy eru sterkar í Bretlandi.

Velgengni myndarinnar hefur þegar komið af stað umræðum um gerð í það minnsta tveggja framhaldsmynda en Adams fylgdi aðalpersónu sinni, Arthur Dent, eftir á kostulegu ferðalagi hans um vetrarbrautina í bókunum The Restaurant at the End of the Universe, Life, the Universe and Everything og So Long, and Thanks for All the Fish.

Það er leikarinn Martin Freeman sem fer með hlutverk hins værukæra Dent sem neyðist til þess að leggjast í geimferðalag með nágranna sínum, sem er geimvera, eftir að jörðinni er tortímt vegna vegaframkvæmda úti í geimnum. Freeman er íslenskum sjónvarpsáhorfendum að góðu kunnur en hann lék hinn geðþekka Tim í gamanþáttunum The Office sem Sjónvarpið sýndi ekki alls fyrir löngu. ■

# Megadeth hætt við?

Svo virðist sem hætt hafi verið við tónleika þungarokkssveitarinnar Megadeth sem hún ætlaði að halda hér á landi 27. júní næstkomandi.

Búið er að taka niður tilkynningu um tónleikana á heimasíðu sveitarinnar og svo virðist sem einhver snurða hafi hlaupið á þráðinn varðandi skipulagningu atburðarins. Þungarokksaðdáendur þurfa því að öllum líkindum að bíða eitthvað lengur eftir því að sjá hina fornfrægu rokkara í Megadeth á sviði. ■



**MEGADETH** Svo virðist sem hljómsveitin Megadeth sé ekki á leiðinni hingað til lands.




# Komnar í kilju

GÓÐ BÓK – GÓÐUR FÉLAGI




**Tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2004**

„**Skáldið er í ham** ... Bítlaávarpið er **skemmtileg** saga, stráksleg og gosaleg í sprúðlandi stílnum.“
*Páll Baldvin Baldvinsson, DV*




„Bók í anda Tarantinos, hæfilega blóðug og hæfilega fyndin. **En umfram allt: töff.**“
*Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is*

**Bíómynd væntanleg.**




„**Þaulhugsað** verk ... ofið af mikilli glöggskyggni ... óvenju **skörp heildarmynd** af þjóðarsál.“
*Fríða Björk Ingvarsdóttir, Mbl.*

**Hrífandi skáldsaga og skrifuð af fágætri stígáfu**




„**Makalaus bók**, við höfum eignast **dúndurhöfund** ... Frábærlega hugsuð og yndislega stíluð.“
*Páll Baldvin Baldvinsson, Stöð 2*

**Íslensku bókmenntaverðlaunin 2004**

Mál og menning
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


# VIÐ TÆKIÐ
## Eurovision í algeymingi

**EDDA JÓHANNSDÓTTIR** MÆLIR MEÐ SÉRFRÆÐINGUNUM

Maí boðar ekki bara vor og fögnuð heldur líka Eurovision. Fyrir Eurovison-aðdáendur eru það næstum jólin. Ég er tiltölulega nýkomin í hóp svæsinna aðdáenda þótt ég hafi horft á þessa keppni í beinni frá því að ég var 12 ára í Svíþjóð. Ég einhvern veginn fattaði aldrei hvað þetta er geggjað fyrirbæri.

Þegar Ísland lagði í'ann með Gleðibankann um árið fengum við í fyrsta skipti kynningu á lögunum fyrir keppnina. Ég tók það allt upp á band og man að ég hélt með Júgóslavíu. Það lag fékk enn verri útreið en Gleðibankinn en ég sá hinsvegar seinna vitnað í virtan Eurovision-pælara að Júgóslavía hefði átt eitt besta Eurovision-lag sögunnar það árið.

Nú er ekki nema hálfur mánuður í að gleðin hefjist og í ár er hún tvöföld. Fyrst eru það löndin sem duttu út í fyrra og svo aðalkeppnin. Til að geta fylgst með af einhverju viti er nauðsynlegt að horfa á Norðurlanda-sérfræðingana bera saman bækur sínar á RÚV á laugardagskvöldum. Í síðasta þætti gáfu þeir Selmu nánast fullt hús stiga, en rifjuðu líka upp framlög landanna í keppninni gegnum árin. Ég klökknaði næstum þegar þeir renndu í gegnum feril Dana og



Eiríkur Hauks og vinir hans fara á kostum.

skemmti mér konunglega yfir gömlum norskum og sænskum lummum. Eiríkur Hauks og vinir hans eru „must see“ og ekkert minna.

Annað sem vakti lukku í vikunni var frétt um þýska ellilífeyrisþega sem leiddist tilbreytingarleysið og frömdu vopnuð rán sér til dægrastyttingar. Þeir höfðu ekki misst nokkurn mann en haft milljónir upp úr krafsinu. Nú þurfa þeir að borga fyrir syndirnar með fangavist en kannski verður tilbreytingin bara meiri innan rimla en utan.



▶ **22.00** *Drama*

**Desperate Housewives. Nokkrar konur í úthverfi reyna að komast að því af hverju vinkona þeirra framdi sjálfsmorð.**



▶ **20.25** *Framhald*

**The Stepfather. Dougie Molloy hefur ekki átt sjö dagana sæla og upplifir sína verstu martröð í kvöld.**



▶ **22:00** *Raunveruleiki*

**The Bachelor. Piparsveinninn Jesse Palmer leitar að sannri ást á Skjá einum.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Tommi togvagn (6:26) **8.07** Brummi (6:26) **8.17** Hringjarinn í Notre Dame **9.50** Andrés Önd í ógöngum **10.40** Geimstúlkan Zenon snýr aftur **12.10** Stóra stökkið **13.25** Formúlukvöld **13.50** HM í íshokkíi. Sýndur verður leikur Svia og Finna sem fram fór í Austurríki á miðvikudagskvöld. **16.00** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (2:4) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Spæjarar (10:26)** (Totally Spies I)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.35** **Íslandsmótið í handbolta** Sýndur verður þriðji leikur í úrslitum karla.
**21.15** **Sporlaust (9:24)** (Without A Trace II)
**22.00** **Aðþrengdar eiginkonur (9:23)** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð. Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaunin á dögunum sem besta sjónvarpsþáttaröðin og Teri Hatcher hlaut verðlaunin sem besta leikkonan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.45** **Soprano-fjölskyldan (4:13)** (The Sopranos V) e.

**23.40** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (2:4) **0.40** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnaefni **9.40** Tracey McBean **9.50** Animal Train **10.20** Leifur Eiríksson **11.45** Kóngulóarmaðurinn

**12.05** Oprah Winfrey **12.50** Jag (14:24) (e) **13.40** Perfect Strangers (52:150) **14.05** The Block 2 (22:26) **14.50** Punk'd 2 (e) **15.15** Whoopi (2:22) (e) **15.40** Fear Factor (3:31) **16.25** Cirque du Soleil Presents Saltimbanco **17.45** David Blaine's Vertigo (e)
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**19.00** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)(Marge in chains)
**19.25** **American Idol 4 (34:42)** (Aðeins fimm keppendur eru eftir)
**20.05** **American Idol 4 (35:42)** (Úrslitin – hver ætli detti út í kvöld?)
▶ **20.25** **Stepfather, The (1:2)** (Stjúpinn) Framhaldsmynd. Lífið hefur ekki alltaf leikið við Dougie Molloy. Dóttir hans hvarf og enginn veit hvar hún er niðurkomin. Málið tók mjög á Dougie sem reynir að hefja nýtt líf með nýrri konu, Maggie Shields. Bönnuð börnum.
**21.35** **Poirot – Five Little Pigs** (Death On the Nile – Poirot) Hér segir frá hinum Hercule Poirot rannsaka 14 ára gamalt morðmál en á bak við það liggur skelfilegur harmleikur. Dóttir og eiginkona fórnarlambsins vilja ekkert frekar en leiða sannleikann í ljós og treysta nú á að Hercule Poirot leysi gátuna miklu.

**23.10** Medium (8:16) **23.55** Phantom of the Opera (Stranglega bönnuð börnum) **1.35** Fréttir og Ísland í dag **2.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**7.00** The King of Queens **7.30** Djúpa laugin 2 **8.20** Americaís Next Top Model 3 **9.10** Þak yfir höfuðið **9.20** Óstöðvandi tónlist **17.50** Cheers – 2. þáttaröð **18.20** Fólk – með Sirrý (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30** **According to Jim (e)**
**20.00** **Malcolm In the Middle** Hal getur ekki sofið því þau hjónin eiga brátt tuttugu ára brúðkaupsafmæli. Hann biður Reese að hjálpa sér við að velja gjafir.
**20.30** **The King of Queens** Holly er á götunni og Arthur krefst þess að hún búi hjá sér i kjallaranum.
**21.00** **Boston Legal** Alan og Denny verja lyfjafyrirtæki. Þeir komast að leyndarmáli sem getur gert út um málið en verða ósammála um hvaða aðferð eigi að nota. Lori kemst að leyndarmáli Brads.
▶ **22.00** **The Bachelor** Að þessu sinni er það Jesse Palmer sem leitar að ást lífs síns og valdar hafa verið 24 stúlkur til að keppa um hylli kappans.
**22.45** **Jay Leno**

**23.30** America's Next Top Model (e) **0.15** The Mountain (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 2. þáttaröð (18/22) (e) **2.20** Óstöðvandi tónlist

## STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Grateful Dawg **10.00** Two Against Time **12.00** Muppet Treasure Island **14.00** Strike **16.00** Grateful Dawg **18.00** Two Against Time **20.00** Dog Soldiers (Stranglega bönnuð börnum) **22.00** Dagon (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Cat People (Bönnuð börnum) **2.00** The Others (Bönnuð börnum) **4.00** Dagon (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny Hinn **8.00** Miðnæturhróp **8.30** Kvöldljós **9.30** Í leit að vegi Drottins **10.00** Joyce M. **10.30** Maríusystur **11.00** Ísrael í dag **12.00** Blandað efni **14.00** Joyce M. **14.30** Freddie Filmore **15.00** Samverustund (e) **16.00** Christian Fellowship **17.00** Ron Phillips **17.30** Gunnar Þorst. (e) **18.00** Joyce M. **19.30** Í leit að vegi Drottins **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna **21.30** Joyce M. **22.00** Acts Full Gospel **22.30** Joyce M. **0.00** Nætursjónvarp

## AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**14.00** Football: UEFA European Under-17 Championship Italy **15.45** Football: Goooal ! **16.00** Football: UEFA European Under-17 Championship Italy **17.45** FIA World Touring Car Championship By Lg: FIA Wtcc Mag **18.15** Boxing **20.00** Poker: European Tour Monte Carlo Monaco **21.00** News: Eurosportnews Report **21.15** Football: UEFA Cup **22.15** Football: UEFA Champions League the Game

**BBC PRIME**
**12.00** Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Step Inside **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** Intergalactic Kitchen **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Keeping up Appearances **18.30** My Hero **19.00** The Cazalets **20.00** Liberace:too Much of a Good Thing Is Wonderful **21.00** Mastermind **21.30** Celeb **22.00** Two Thousand Acres of Sky **23.00** Great Railway Journeys of the World **0.00** Icemen **1.00** King Solomon's Tablet of Stone

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Ultimate Snake **14.00** Fear of Snakes **15.00** The Drinker's Dilemma **16.00** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** The Drinker's Dilemma **20.00** Kalahari **22.00** The Raising of U-534 **23.00** Forensic Factor **0.00** Explorations

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Killer Whales **13.00** Growing Up... **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** That's My Baby **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** Project Noah **19.00** Growing Up... **20.00** Miami Animal Police **21.00** Cousins **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Cell Dogs **1.00** Animal Precinct

**DISCOVERY CHANNEL**
**12.00** Mummy Autopsy **13.00** Flying Heavy Metal **13.30** Rivals **14.00** Junkyard Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Buena Vista Fishing Club **16.00** Salvage **17.00** Wheeler Dealers **18.00** Mythbusters **19.00** Forensic Detectives **20.00** FBI Files **22.00** The Colour of War VII **23.00** Hitler in Colour **0.00** Tanks

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Punk'd **19.00** Wonder Showzen **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Dirty Sanchez **22.00** Superock **23.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** Flab to Fab **13.00** Madonna Top 40 **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Madonna TV Moments **20.00** Fabulous Life Of **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Power Food **12.40** The Race **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** More Sex Tips for Girls **20.45** Ex-Rated **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.00** In Your Dreams **22.25** Crime Stories **23.10** Art and Soul **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital **1.25** Fashion House

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Behind the Scenes **13.00** E! Entertainment Specials **14.00** Style Star **14.30** Love is in the Heir **15.00** Dr. 90210 **16.00** 101 Reasons the '90s Ruled **17.00** Jackie Collins Presents **18.00** E! News **18.30** Extreme Close-Up **19.00** E! Entertainment Specials **20.00** Style Star **20.30** Fashion Police **21.00** Jackie Collins Presents **22.00** Dr. 90210 **23.00** E! News **23.30** Life is Great with Brooke Burke **0.00** The E! True Hollywood Story

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Looney Tunes **17.20** The Cramp Twins **17.45** Ed, Edd n Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**MGM**
**13.25** Pieces of Dreams **15.05** Satan Bug **17.00** Sweet Lies **18.35** Absolution **20.10** Posse **22.00** Invasion of the Bee Girls **23.25** Article 99 **1.05** Alienator **2.35** Nobody's Fool

**TCM**
**19.00** The Cincinnati Kid **20.45** Hit Man **22.15** The Best

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## AMERICAN IDOL 4

*Stöð 2* **kl. 19.25**

***Constantine Maroulis var rekinn heim í síðustu viku.***

### *Tvö lög á mann*

Aðeins fimm keppendur eru eftir í American Idol og fer að styttast óheyrilega mikið í úrslitin. Í kvöld syngur hver keppandi tvö lög. Vonzell tekur When You Tell Me That You Love Me og Treat Me Nice, Anthony tekur Incomplete og Poison Ivy, Rokkarinn Bo Bice syngur Heaven og Stand By Me, Carrie syngur Bless The Broken Road og Trouble og Scott Savol tekur Everytime You Go Away og On Broadway. Spennan magnast og einn af þessum fimm frábæru keppendum þarf að kveðja í kvöld – en hver verður það?



Dómararnir Randy, Simon og Paula.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„Today God has kissed our eyes."**

**Svar:** Behrani úr kvikmyndinni House of Sand and Fog frá árinu 2003.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Lolla finnur Ameríku e. **10.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **11.00** Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir e.

**12.10** Börn og lífið e. **13.00** Sögur af fólki – Umsjón: Róbert Marshall e. **15.03** Úr skríni – Umsjón: Magga Stína e. **16.00** Dýraþátturinn – Umsjón: Begga og Júlía e. **17.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason e. **18.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. Kristmundur Þorleifsson þýddi

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Bæn **8.10** Morguntónar **9.03** Sellósvítur Bachs **9.43** Úr ævintýrum H. C. Andersens **10.15** Sagnaskáldið Saul Bellow **11.00** Guðsþjónusta í Grensáskirkju

**13.00** Englaljósin á mig skína. Þumalína, Þumalína... það er ég! **14.00** Súperstar í Hagaskóla **14.30** Seiður og hélog **15.00** Fallegast á fóninn **16.10** Tileinkað snillingum

**18.00** Kvöldfréttir **18.21** Tónar til helgunar **19.00** Vitinn **19.27** Ópera mánaðarins: La Sonnambula **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Norski verðlaunaþátturinn Verk djöfulsins

**23.05** Hvísla að klettinum **23.35** Úr þögninni

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Uppstigningardagur með Magnúsi Einarssyni

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Uppstigningardagur með Hrafnhildi Halldórsdóttur **16.08** Til heiðurs Megasi

**18.00** Kvöldfréttir **18.21** Tónlist að hætti hússins **19.35** Handboltarásin **21.05** Konsert **22.10** Óskalög sjúklinga

**0.10** Glefsur **1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurflutningur frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**22.00** *Íþróttir*

**Bikarmótið í fitness. Sýnt er frá keppninni í kvennaflokki sem fór fram að Varmá í Mosfellsbæ.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**18.20** David Letterman

**19.05 Bandaríska mótaröðin í golfi** (US PGA Tour 2005 – Highlights)
**20.00 Inside the US PGA Tour 2005** Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.
**20.30 Þú ert í beinni!** Beinskeyttur umræðuþáttur um allt það sem er efst á baugi í íþróttaheiminum hverju sinni.
**21.30 Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð. Hér er fjallað jafnt um nýja sem notaða bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu. Greint er frá nýjustu tíðindum úr bílaiðnaðinum og víða leitað fanga.
**22.00 Bikarmótið í fitness 2005** (Konur) Öflugur hópur keppenda mætti nýverið til leiks á bikarmótinu sem haldið var að Varmá í Mosfellsbæ. Keppt var í upphífingum og dýfum, armbeygjum, samanburði og hinni umtöluðu hraðaþraut.
**22.30 David Letterman**

**23.15** Þú ert í beinni! **0.10** Boltinn með Guðna Bergs

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **17.45** Fríða og dýrið **18.45** Íslenski popp listinn **21.15** I Bet You Will **21.48** Jing Jang **22.25** Kenny vs. Spenny

House in London **23.50** Something of Value **1.45** Thirty Seconds over Tokyo

**HALLMARK**

**12.45** Mary, Mother Of Jesus **14.15** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **16.00** Early Edition **16.45** Straight From The Heart **18.30** Earthsea **20.00** Law & Order Vi **20.45** Don't Look Down **22.30** Earthsea **0.00** Law & Order Vi **0.45** Straight From The Heart **2.15** Don't Look Down

**BBC FOOD**

**12.00** Rick Stein's Fruits of the Sea **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Hi Lo Club **13.30** Chefs at Sea **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Street Cafe **15.00** Street Cafe **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Nigella Bites **16.30** Nigel Slater's Real Food **17.00** United States of Reza **17.30** Ever Wondered About Food **18.30** Ready Steady Cook **19.00** The Hi Lo Club **19.30** Paradise Kitchen **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Tyler's Ultimate **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.05** Muppet Show **12.30** HåndboldEkstra I: DM semifinale(m) **14.20** HåndboldEkstra II: DM semifinale(m) **16.00** Mathias skal i skole **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Med ret til at dræbe „Flammen" **17.30** DR-Derude direkte med S¢ren Ryge Petersen **18.00** Hokus Krokus **18.30** Konsum **19.00** TV Avisen **19.15** Den usynlige hær **20.40** Angelas aske

**SV1**

**12.25** Wild Kids **13.25** Peter Jöback och Göteborgs Symfoniker **14.55** Perspektiv **15.25** Karamelli **16.00** BoliBompa **16.01** Max och Ruby **16.25** Simskola **16.30** Mobilen **16.45** Kris på tjejer **17.00** Raggadish **17.30** Rapport **17.50** Osynliga mästare **18.00** Mat/Niklas **18.30** Helt historiskt **19.00** Naturfilm – Leopardsälen **20.00** Dokument utifrån: Under den vita röken **21.00** Rapport **21.10** Uppdrag Granskning **22.10** Sändningar från SVT24


Vortilboð **rúm.is**

# **VÖNDUÐ** OG **GÓÐ** RÚM!

Við höldum áfram að bjóða rúm á betra verði



IBIZA BACAMA

90 cm rúm með útdraganlegri þægilegri undirdýnu, stækkanlegt í 180 cm. Rúm sem hentar í barnaherbergið, sumarbústaðinn eða í gestaherbergið. Býður uppá frábærar lausnir í þröngum herbergjum. Áföst hlífðardýna.

90 x 200 **49.900 kr.**

Vortilboð **44.900 kr.**

IBIZA



Mest selda rúmið frá rúm.is. Bonnel gormakerfi sem tryggir sjálfstæða fjöðrun. Tvenn hjól sem hægt er að læsa. Gæða rúm á frábæru verði. Áföst hlífðardýna.

EVOLUTION PLUS PILLOW TOP



Þykk dýna með sjálfstæðu pokakerfi og sjálfstæðri fjöðrun. Þéttofið lag yfirdýna auka enn frekar á þægilegan svefn. Læsanleg hjól auðvelda flutning. Áföst hlífðardýna.

EVOLUTION GOLD PILLOW-IN



Hágæða rúm með sjálfstæðu poka og gormakerfi og þéttofnu lagi yfirdýna Evolution rúmið veitir nýja og einstaka upplifun við hvíld. Kemur með fjórum læsanlegum hjólum sem gerir flutning áreynslulausan. Áföst hlífðardýna.

EUROSPRING



Vandað rúm með sjálfstæðu Bonnel gormakerfi sem leggst að líkamanum og veitir einstaka upplifun þegar kemur að hvíld. Tvö læsanleg hjól gera flutning og tilfærslu sérlega auðvelda. Áföst hlífðardýna.

# Amerísk gæðarúm frá kr. 29.900



rúm.is

www.rum.is

Reykjavík: Snorrabraut 56. Sími 551 5200 Akureyri: Glerárgötu 34. Sími 461 5300



## HRÓSIÐ

*...fær Eiður Smári Guðjohnsen, sem hefur sýnt það og sannað að hann er einn besti knattspyrnumaður heims, þótt hann hafi ekki komist í úrslit Meistaradeildar Evrópu með liði sínu Chelsea.*

## AÐ MÍNU SKAPI

**SÓLVEIG SILFÁ SVEINSDÓTTIR, ÍSLANDSMEISTARI UNGLINGAFLOKKI KVENNA Í FITNESS 2005**

# *Elvis, skyndibitar og tilfinningaþrungnar bíómyndir*

**TÓNLISTIN** *Elvis* er kóngurinn og verður alltaf hjá mér. Ég er hrifin af öllum tímabilum ferils hans. *UB40* er líka í uppáhaldi, en síðan ég var barn hefur þeirra útgáfa af *Can't Help Falling in Love* snert við mér. Ég er annars alæta á tónlist, sérstaklega sálartónlist sjöunda og áttunda áratugarins.

**BÓKIN** Ég les mikið, en í törnum. Finnst gaman að sjálfshjálparbókum, dulspekibókum og átakanlegum örlaga- og ævisögum. Er núna að lesa *Fleiri skyndibita fyrir sálina* og lauk nýlega við *Eyðimerkurblómið* og *Hann var kallaður Þetta*, sem ég hágrét yfir.

**BÍÓMYNDIN** *The Green Mile* er algjört æði. Ég er mikið fyrir tilfinningaþrungnar bíómyndir, horfði ein inni í herbergi og grét upphátt eins og barn. Þetta er væmin saga, sennilega ekki fyrir stráka sem hræddir eru að sýna tilfinningar sínar. *Cry Baby* er líka yndisleg, en lítil stalst ég inn í stofu um nætur til að horfa aftur og aftur þegar mamma var sofnuð.

**BORGIN** Ísafjörður, því alltaf þegar ég ferðast finn ég svo vel að heima er best. Hér hef ég búið alla ævi. Fegurðin er ólýsanleg og fjöllin kringum bæinn, sem sumum þykja innlokandi, þykja mér þægilega verndandi. Mér líður vel í litlu samfélagi þar sem íbúarnir kannast hver við annan.

**BÚÐIN** Ég elska föt og kaupi djammfötin í *Mótor* í Kringlunni. Finnst líka spennandi að kíkja í snyrtivöruverslunina *Konur og menn* hér á Ísafirði þar sem ég kaupi sokka, undirföt og snyrtivörur.

**VERKEFNIÐ** Ég útskrifast sem stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði í vor og fer í Stúdíó Dan að lyfta og brenna tvisvar í viku hvort. Hver veit nema ég keppi í fitness aftur á næsta ári. Það var svo rosalega gaman að taka þátt nú í vor.



FRÉTTABLAÐIÐ/HAFDÍS PÁLSDÓTTIR



**Lárétt:** **1** rýrt, **6** ónæði, **7** tveir eins, **8** varðandi, **9** í röð, **10** sjáðu á ensku, **12** snjó, **14** eldsneyti, **15** klaki, **16** byrðar, **17** fæðu, **18** valdi.

**Lóðrétt:** **1** japl, **2** líkamshluta, **3** tveir eins, **4** land í Evrópu, **5** ræktað land, **9** tíni, **11** stormsveipur, **13** órólegi, **14** í hálsi, **17** sjúkdómur.

**Lausn.**

**Lárétt:** **1** magurt, **6** arg, **7** úú, **8** um, **9** lmn, **10** see, **12** snæ, **14** kol, **15** ís, **16** ok, **17** mat, **18** kaus.

**Lóðrétt:** **1** maul, **2** arm, **3** gg, **4** rúmenía, **5** tún, **9** les, **11** roka, **13** æsti, **14** kok, **17** ms.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Ingólfstorgi.
2. Westminster.
3. Elva Ósk Ólafsdóttir.






HARMONY KORINE: BEINIR LINSUNNI AÐ ÍSLANDI

# Gerir sjálfstæða mynd um kommúnu á Íslandi

Kvikmyndagerðamaðurinn Harmony Korine er þekktur meðal unnenda „öðruvísi“ mynda eða sjálfstæðra mynda eins og þær eru oft kallaðar. Hann skrifaði handritið að myndunum Kids og Ken Park. Hann leikstýrði svo myndunum Gummo og Julien Donkey-Boy og nú er hann með nýja mynd í smíðum.

Hann nefnir myndina lítillega í viðtali í nýjasta hefti tímaritsins I-D. „Myndin mun heita Mr. Lonely og fjallar um kommúnu á Íslandi. Hún verður líka tekin upp í Brasilíu og París en mestmegnis á Íslandi.“ Þessi yfirlýsing Korine kemur sem þruma úr heiðskíru lofti í íslenskt kvikmyndalíf en ekkert framleiðslufyrirtæki hér kannast við áform hans og hingað til hefur verið talið að hann ætlaði að taka myndina í Skotlandi, þannig að nú er bara að vona að Korine standi við stóru orðin.

Korine segist búast við að tökur hefjist í júní á þessu ári og þegar blaðamaður I-D spyr hann hvort myndin byggist að einhverju leyti upp á spuna og svarar hann að svo sé ekki.

„Þetta er skipulagðasta mynd sem ég hef nokkurn tíma gert. Myndin er í rauninni tvær sögur sem renna samhliða. Þetta er metnaðarfyllsta verk mitt til þessa.“

Þetta er fyrsta verkefni framleiðslufyrirtækisins O'Salvation, sem Korine stofnaði ásamt vinkonu sinni og hönnuðinum Agnés B. Harmony er góður vinur Bjarkar Guðmundsdóttur og samdi textann við lagið hennar Harm of Will sem er að finna á Vespertine-plötunni. Ekki er ólíklegt að Björk eigi einhvern þátt í áhuga Korine á Íslandi. Þó er það ekki víst því Björk er ekki eini Íslendingurinn sem Harmony hefur unnið með. Valdís Óskarsdóttir klippti síðustu mynd Korine, Julien Donkey-Boy, sem er ein fyrsta Dogma-myndin sem er ekki dönsk. Hann hefur einnig unnið með tónlistarmanninum og Íslandsvininum Will Oldham eða Bonnie Prince Billy og gerði fyrir hann myndband. Oldham bregður einnig fyrir í Julien Donkey-Boy.

Harmony segir blaðamanni I-D að það hafi tekið hann langan tíma að skrifa handritið að Mr. Lonely. „Ég skrifaði handritið á fimm ára tímabili. Þetta var erfiður tími fyrir mig og ég var við það að brotna saman undan þunga hugmyndarinnar og við að reyna að finna leið til að koma henni til skila.“ Það verður spennandi að sjá hvort úr þessu rætist og Harmony birtist í öllu sínu veldi á íslenskri grundu í næsta mánuði. Eitt er víst, myndin á eftir að vekja athygli og umtal eins og allar fyrri myndir Harmony.

hilda@frettabladid.is



**GUMMO** Þetta er fyrsta myndin sem Harmony Korine leikstýrði og jafnframt ein af hans frægustu myndum. Harmony segir í viðtali í nýjasta hefti I-D að næsta mynd hans fjalli um kommúnu á Íslandi og verði mestmegnis tekin upp hér á landi.



**HARMONY KORINE** Hann skrifaði handritið að myndunum Kids og Ken Park og hefur leikstýrt myndunum Gummo og Julien Donkey-Boy.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þrátt fyrir að leitinni að Erlendi sé lokið og sömuleiðis búið að ráða í hlutverk Elínborgar og Sigurðar Óla í kvikmynd sem byggð verður Mýrinni eftir Arnald Indriðason, sem **Reynir Lyngdal** leikstýrir, hefur enn ekki verið ráðið í hlutverk Evu Lindar, átján ára dóttur Erlendar. Það hlutverk er ekki síður bitastætt en hin. Nokkrar leikkonur eru einmitt á þessum aldri. Líklegust hlýtur að þykja **Álfrún Örnólfsdóttir**, sem er með eindæmum reynd í kvikmyndaleik þrátt fyrir ungan aldur. Hún er þó orðin 24 ára en hefur „aldurslaust“ yfirbragð, sem eru góð meðmæli. **Ugla Egilsdóttir** sló í gegn í Mávahlátri, er enn ekki orðin tvítug og gæti því einnig verið mjög sterkur kandídat. **Anita Briem**, dóttir trommarans Gunnlaugs Briem, er rétt skriðin yfir tvítugsaldurinn og hefur sýnt að hún getur leikið. Þá hefur nafn **Ellenar Erlu Egilsdóttur**, dóttur leikarahjónanna **Egils Ólafssonar** og **Tinnu Gunnlaugsdóttur**, einnig heyrst en hvað aldur varðar er hún næst hinni ógæfusömu Evu Lind.





Nýliðin Sæluvika í Skagafirði þótti heppnast vel enda var menningarlífið með blómlegasta móti á Sauðárkróki á meðan sælan var þar í hámarki. Á miðri Sæluviku komu hagyrðingar saman og kváðu hvern annan í kútinn. Innan um skagfirsku hagyrðingana var svo einn **Húnvetningur**. Þótti honum ekki mikið til einnar sæluviku koma og kvað:

*Ein gleðivika um götu og torg*
*græðir tæpast mein,*
*ef fullar eru af fýlu og sorg*
*fimmtíu og ein.*

Skagfirðingar svöruðu fullum hálsi við mikinn fögnuð gesta en troðfullt var á Kaffi Krók og mikil stemmning.






# Ofboðslega ánægður

Fótboltatreyjan sem Eiður Smári Guðjohnsen, nýbakaður Englandsmeistari með Chelsea, gaf Neistanum, styrktarfélagi hjartveikra barna, í afmælisgjöf á dögunum var komin í hálfa milljón á síðunni uppbod.is klukkan 16.00 í gær. Treyjan er metin á 1,5 milljónir króna á síðunni.

Eiður Smári er verndari félagsins og ákvað að gefa því treyjuna, sem hann hann klæddist í úrslitaleik deildarbikarkeppninnar í vor þegar Chelsea vann Liverpool 3:2. Treyjan er árituð af öllum leikmönnum Chelsea og knattspyrnustjóranum Mourinho.

Eggert Skúlason hjá Hjartaheill segir að um hann fari unaðshrollur í hvert skipti sem boðið sé í treyjuna. „Við höfum verið að hvetja fyrirtæki til að bjóða en sjáum ekki hverjir eru á bak við hvert boð. Ég er ofboðslega ánægður,“ segir Eggert. „Ég ætla að afhenda treyjuna í þættinum hjá Snorra Má á laugardag svo fremi sem hann vilji láta nafns síns getið sem kaupir hana. Þetta er skemmtileg tímasetning því þetta er sama dag og strákurinn fær stóru dolluna afhenta. Neistinn á síðan afmæli á mánudeginum eftir þetta. Þó það gerist ekki meira vil ég nota tækifærið og segja takk æðislega.“ ■



AP/MYND

**TITLINUM FAGNAÐ** Eiður Smári og John Terry, fyrirliði Chelsea, fagna Englandsmeistaratitlinum um síðustu helgi.

# Settu þig í stellingar fyrir betri svefn




## Tilboð á stillanlegum rúmum í maí

***Betra bak kynnir í júlí ótrúleg tilboð á stillanlegum rúmum með Tempur heilsudýnum. Mesta úrval landsins af stillanlegum botnum í öllum stærðum. Komdu og upplifðu slökun og þægindi á nýjan hátt í stillanlegu rúmi frá Betra bak. Tilboðin eru einnig á www.betrabak.is***

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir erli dagsins líða úr þér. Með stillanlegu rúmunum frá Tempur er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarks slökun og þannig dýpri og betri svefni.









Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

## Ekki missa af þessu!






**Svefnkollar**

Með Talalaylatex heilsudýnu. Margir litir.

**15 sekúndur**

Svefnsófar með MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.




www.design.is © 2004

**Betra BAK**

***Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is***

***Opið virka daga frá kl. 10-18 • Lokað á laugardögum í sumar***

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Síðan 1991
Þakviðgerðir Pace®
Málarameistari sér um þakið
555 7500




**BAKÞANKAR**
**JÓNS GNARR**

## Öryrkjar

Málefni öryrkja hafa verið mikið í brennidepli að undanförnu. Öryrkjum fer fjölgandi á Íslandi, sérstaklega meðal ungs fólks, og fer hlutfall þeirra vaxandi.

**ÞAÐ ER EKKI** auðvelt að vera veikur og geta ekki unnið fyrir sér. Það er ekki öfundsvert að vera haldinn sjúkdómi sem hindrar mann í að lifa eðlilegu lífi. Og að sjálfsögðu ber velferðarþjóðfélaginu skylda til að aðstoða þá sem eiga um sárt að binda, sjá fyrir þeim sem ekki geta það sjálfir og gera þeim lífið eins bærilegt og hægt er með allri mögulegri fyrirgreiðslu.

**ÉG HELD EKKI** að sjúkdómar fari vaxandi. Ég held að æ fleiri notfæri sér velvild kerfisins, geri sér upp veikindi, leggist með lappirnar upp í loft og leggi ábyrgðina á sjálfum sér yfir á kerfið. Og svo felur þetta fólk sig á bak við raunverulega öryrkja og baráttu þeirra.

**ÉG LAS Í BLAÐI** um daginn að öryrkjavandamálið væri orðið stórvandamál í Svíþjóð. Þar er tala öryrkja víst að nálgast milljón, sem er um 10% þjóðarinnar. Ég veit fyrir víst, og af eigin reynslu, að þetta fólk er ekkert allt öryrkjar. Margt af þessu fólki er það sem kallað er á sósíalnum. Það er heilbrigt en hefur fundið leið til að framfleyta sér án þess að vinna fyrir sér. Og oft er það með betri laun en ef það væri að vinna.

**EN ÞESSI** umræða er sveipuð einhvers konar verndarhjúpi. Þetta minnir mig á mál svertingja í Bandaríkjunum. Ekkert má segja um þá nema að nota ákveðin orð. Og þetta er ekki út af kærleika eða umhyggju. Þetta er aumingjagæska. Og aumingjagæska er samblanda af ótta og hroka.

**EKKERT ER HAFIÐ** yfir gagnrýni. Þegar við hættum að geta gagnrýnt hluti erum við og þeir á villigötum. Segjum sem svo að leikhúsin á Íslandi yrðu aumingjagæskunni að bráð og yrðu hafin yfir gagnrýni. Segjum sem svo að það yrði pólitískt rangt að gagnrýna leikhúsin og verk þeirra. Þá er ég ansi hræddur um að vandi leikhúsanna mundi vaxa og leikritin úrkynjast og þynnast út í væmna og leiðinlega lognmollu. Það er sjálfsagt að hjálpa þeim sem minna mega sín. En sjálfsábyrgð er nátengd sjálfsvirðingu. Oft hjálpar maður fólki mest með því að láta það bera ábyrgð á sér.




**Og1** er ný þjónusta **Og Vodafone** sem lækkar kostnað heimila verulega og færir þeim rausnarlegan ávinning.

| GSM | Heimasími | Internet |
|---|---|---|
| **0 KR. HEIM**<br>Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútugjöld í allt að 60 mínútur á dag.<br>**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**<br>Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.<br>Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr. Gildir fyrir Frelsisnotendur með 500 kr. Frelsisáskrift. | **0 KR. INNANLANDS**<br>500 mínútur í aðra heimasíma eru innifaldar í mánaðargjaldi. Flestir tala minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því ekkert mínútugjald.<br>**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**<br>Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.<br>Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr. | **MEIRI HRAÐI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐÞAK**<br>Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.<br>ADSL hraði miðast við þjónustusvæði **Og Vodafone**. |

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM áskrift, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**. Þeir sem eru með síma eða nettengingu frá vinnuveitanda ættu einnig að kynna sér **Og1**.

og vodafone™

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 28126 04/2005





Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

**AEG**
Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar.

NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ **AEG**

**EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS**



RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT